

## Mannréttindi verðugt útflutningsverkefni

GUÐMUNDUR ALFREÐSSON, PRÓFESSOR Í ALÞJÓÐALÖGUM, RÆÐIR UM MANNRÉTTINDI OG ÖRYGGISRÁÐIÐ

26



32

## Hvað segja fötin um manninn?

FRÉTTABLAÐIÐ FÉKK NOKKRA ÞJÓÐKUNNA ÍSLENDINGA TIL AÐ GISKA Á HVER KLÆDDIST HVERJU


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

12. janúar 2008 — 11. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## LAUGARDAGUR



### „Frábært félag með stórt hjarta.“

Knattspyrnufélag Akureyrar 80 ára.

TÍMAMÓT 24

### Jeppaklúbburinn NFS



Siggi stormur er formaður jeppaklúbbs sjónvarpsfólks á Stöð 2.

FÓLK 44



### Helgi kominn aftur

Körfuknattleiksmaðurinn Helgi Jónas Guðfinnsson hefur tekið skóna niður úr hillunni.

ÍÞRÓTTIR 46

### hús&heimili

Skyggnst inn í íburðarmiklar svítur nokkurra hótela í Reykjavík.



FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

### VEÐRIÐ Í DAG




**Hæglætis veður um** allt land, frost víðast hvar og úrkoma víðast bundin við ströndina.

VEÐUR 44

# Útgerðarmenn íhuga hópmál gegn ríkinu

**Tuttugu útgerðarmenn íhuga skaðabótamál vegna álits Mannréttindanefndar SÞ um fiskveiðistjórnunarkerfið. Hæstaréttarlögmaður segir tvo sjómenn eiga afdráttarlausan rétt til skaðabóta. Sjávarútvegsráðherra mun skoða málið.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Tuttugu útgerðarmenn víðs vegar af landinu hyggjast undirbúa skaðabótamál á hendur stjórnvöldum, byggt á áliti mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna (SÞ) um íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið. Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra telur ótímabært að hugsa um það hvernig brugðist yrði við ef útgerðarmenn óskuðu eftir samningum við stjórnvöld.

Mannréttindanefnd SÞ hefur úrskurðað að íslenskum stjórnvöldum beri að endurskoða fiskveiðistjórnunarkerfið og greiða tveimur sjómönnum bætur fyrir að hafa ekki fengið úthlutað kvóta. Nefndin er alþjóðleg stofnun og Ísland hefur skuldbundið sig til að hlíta úrskurðum hennar.

Níels Ársælsson, útgerðarmaður frá Tálknafirði, segir að í næstu viku muni hópurinn leita til lögfræðings til að undirbúa hugsanlegt hópmál. „Það gætu verið hundruð milljóna sem hver og einn færi fram á.“

Ólafur Sigurðsson, útgerðarmaður í Grindavík, segir hópinn bíða eftir viðbrögðum stjórnvalda við ályktuninni. „En við munum sækja rétt okkar, það er öruggt.“

Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður segir það afdráttarlaust að sjómennirnir tveir eigi rétt á skaðabótum frá íslenska ríkinu miðað við ályktun mannréttindanefndarinnar. „Síðan er hægt að yfirfæra það á aðra sem eru í sambærilegri stöðu,“ segir hann. Ragnar segir að það yrði dýrkeypt fyrir íslenska ríkið ef það hundsaði ályktun mannréttindanefndar. „Þeir sem það gera verða úthrópaðir á alþjóðavettvangi.“

„Við ætlum alls ekki að hundsa ályktunina,“ segir Einar K. Guðfinnsson. „Við höfum hálft ár til að bregðast við álitinu og það munum við gera.“ - jse / -shá / sjá síðu 6



**FIMLEGA KLIFIÐ** Katrín Hrund Eyþórsdóttir er ein þeirra sem stundar klifur í Klifurhúsinu en slík íþrótt krefst allt í senn mikillar einbeitingar, styrks og þols. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Samráð kortafyrirtækja:

## Sættust á 735 milljóna sekt

**SAMKEPPNI** Kortafyrirtækin Greiðslumiðlun, nú Valitor, Kreditkort, nú Borgun, og Fjölgreiðslumiðlun hafa sæst á að greiða samtals 735 milljónir króna í stjórnvaldssektir vegna samráðs fyrirtækjanna á árunum 2002 fram á mitt ár 2006. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins hófst með húsleit í höfuðstöðvum Greiðslumiðlunar 13. júní 2006.

Þáttur Greiðslumiðlunar, þjónustuaðila VISA á Íslandi, var veigamestur en fyrirtækið viðurkenndi brot sín og greiðir 385 milljónir króna í stjórnvaldssektir. Sekt Kreditkorta, þjónustuaðila Mastercard, er 185 milljónir og Fjölgreiðslumiðlunar 165 milljónir. - mh / sjá síðu 10

Nýjar reglur í Eurovision:

## Austantjaldsmafían upprætt

**EUROVISION** Nýtt fyrirkomulag í Eurovision-keppninni í maí gerir ráð fyrir tveimur undanúrslitakvöldum þar sem sérstaklega verður passað upp á að nágrannaþjóðir sem gefið hafa hvor annarri stig í símakosningu verði ekki saman. Með þessari aðgerð ætti „Austantjaldsmafían“ svonefnda að vera fyrir bí. - glh / sjá síðu 42

Breytt viðhorf til meðgöngu:

## Óléttar konur mega púla

**HEILSA** Barnshafandi konur eiga að hreyfa sig reglulega og mega taka jafnmikið á í leikfiminni og aðrar konur. Hreyfingin auðveldar meðgöngu og fæðingu og heldur móður og barni við kjörþyngd.

Þetta segja tveir íslenskir hjúkrunarfræðingar sem kenna leikfimi fyrir barnshafandi konur. Gamla viðhorfið, að konur eigi bara að vera heima í rólegheitum, er á undanhaldi. –jma/sjá síðu 30.

Gripið til fyrirbyggjandi aðgerða vegna veikinda innan íslenska landsliðshópsins:

## Íslenska landsliðið á lyfjakúr

**HANDBOLTI** Strákarnir okkar, í íslenska landsliðinu í handbolta, eru allir sem einn komnir á lyfjakúr eftir að inflúensa greindist innan hópsins. Það var Jaliesky Garcia Padron sem greindist með inflúensuna en hann hafði þá verið með hópnum í tvo daga.

Af ótta við frekari veikindi var ákveðið að setja landsliðið á veirudrepandi lyf en strákarnir taka inn það sem venjulega er kallað fuglaflensulyfið en heitir réttu nafni tamiflu.

„Ég hafði samband við smitsjúkdómalækni þegar málið kom upp og hef fylgt hans ráðleggingum. Þetta er mjög dýr lyfjaskammtur fyrir allan þessa menn og ég bað þá hjá IcePharma að bjarga þessu fyrir okkur og sem betur fer svöruðu þeir kalli okkar fljótt og vel,“ sagði Brynjólfur Jónsson, læknir landsliðsins, við Fréttablaðið en lyfin fyrir allan hópinn kosta yfir 100 þúsund krónur.

Í fyrstu var óttast að Garcia yrði frá í tvær vikur vegna veikindanna en lyfin hafa virkað vel á leikmanninn og hann því á góðum batavegi rétt eins og aðrir leikmenn landsliðsins sem hafa verið meiddir eða veikir. - hbg / sjá síðu 46


ESEDRA



Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800
OPIÐ LAUGARDAG KL:11-16

STÓRÚTSALA
Egill Árnason hf
Allt að 70% afslættur
Egill Árnason hf. Ármúla 8 108 Reykjavík Sími: 595 0500 I Baldursnesi 6 603 Akureyri 595 590 www.egillarnason.is

muundu eftir mjólkinni!
Muu

**SPURNING DAGSINS**



*Guðmundur, fórstu þá loksins suður?*

„Ég skrepp stundum til Reykjavíkur. En reyni að fara aftur vestur eins fljótt og ég get.“

Ísfirska tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður hlaut Eyrarrósina, sem veitt er fyrir framúrskarandi menningarstarfsemi á landsbyggðinni. Guðmundur Kristjánsson, einn forsprakki hátíðarinnar, tók við verðlaununum á Bessastöðum.

Tvíburar sem voru aðskildir í æsku hittust seinna á ævinni og urðu ástfangnir:

# Hjón vissu ekki að þau voru tvíburar

**BRETLAND** Tvíburar sem voru aðskildir í æsku og aldir upp hvor hjá sinni fjölskyldunni án þess að vita af tilvist hins, hittust seinna á lífsleiðinni, felldu hugi saman og gengu í hjónaband. Það var ekki fyrr en eftir giftinguna að hjónin komust að því að þau væru náskyld, tvíburasystkin, og var hjónabandið þá ógilt fyrir breskum dómstólum að því er fréttavefur BBC greinir frá.

Meðlimur í lávarðadeild breska þingsins, David Alton, leysti frá skjóðunni og sagðist hafa heyrt um það frá hæstaréttardómara sem úrskurðaði um ógildingu hjónabandsins. Nöfnum tvíburanna hefur verið haldið leyndum. Alton hafði eftir þeim að þau hefðu hvort um sig fundið fyrir óstjórnlegu aðdráttarafli. Sagði hann þetta mál sýna mikilvægi þess að börn geti leitað sér upplýsinga um líffræðilega foreldra sína. „Viti maður ekki af líffræðilegum tengslum við einhvern getur maður laðast að viðkomandi og harmleikir á borð við þennan átt sér stað.“



**TVÍBURAR Í MÓÐURKVIÐI** Tvíburarnir voru aðskildir í æsku og ættleiddir hvor af sinni fjölskyldunni. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Fleiri tilvik eru þekkt þar sem systkini sem voru aðskilin í æsku laðast hvort að öðru seinna á lífsleiðinni að sögn Pam Hodgkins, framkvæmdastjóra stofnunar sem aðstoðar fólk í vanda vegna ættleiðinga. „Það er mjög sterk mótstaða í okkur vegna bannhelgi sifjaspells gagnvart þeim sem við vitum að er skyldur okkur. En þegar við vitum ekki um þessi tengsl þá löðumst við ósjálfrátt að fólki sem er líkt okkur.“ **- sdg**

Á við 18.000.000.000 sólir:

# Stærsta þekkta svarthol fundið

**VÍSINDI Stærsta þekkta svarthol í alheiminum, átján milljörðum sinnum massameira en sólin, hefur fundist í þriggja og hálfs milljarðs kílómetra fjarlægð frá jörðu.**

**Fundurinn gerir vísindamönnum kleift að sannreyna afstæðiskenningu Einsteins á nákvæmari hátt en áður hefur verið hægt.**

**Svartholið, sem heitir OJ287, er sex sinnum massameira en það stærsta sem áður var vitað um, samkvæmt fréttavef tímaritsins New Scientist. Eins og önnur svarthol er þyngdarsvið þess svo sterkt að ekkert innan ákveðinnar fjarlægðar frá því, ekki einu sinni ljós, sleppur í burtu.** **- sþs**



**VERÐLAUNAHAFAR** Frá veitingu verðlaunanna í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Samfélagsverðlaun:

# Dómnefnd tekur til starfa

**SAMFÉLAGSMÁL Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í næsta mánuði.**

**Tilnefningafrestur lesenda rennur út 28. janúar og kemur þá til kasta fimm manna dómnefndar að vinna úr innsendum tilnefningum.**

**Dómnefnd um Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins skipa þau Steinunn Stefánsdóttir aðstoðarritstjóri sem er formaður, Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi, Hildur Petersen, stjórnarformaður SPRON, Kaffitárs, Pfaff og ÁTVR, Svanfríður Jónasdóttir, bæjarstjóri í Dalvíkurbyggð og Reynir Ingibjartsson, fulltrúi Aðstandendafélags aldraðra, AFA, en Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins féllu þeim samtökum í skaut á síðasta ári.**

# Vill ekki hylma yfir með stjórn hússjóðsins

**Brestir innan hússjóðs Öryrkjabandalagsins voru ástæða þess að Sigursteinn Másson, vildi skipta um stjórn þar. Hann sagði upp eftir að tillaga hans að nýrri stjórn var felld. Segist hann ekki sjá fram á að úrbætur verði með nýrri stjórn .**

**FÉLAGSMÁL** Nauðsynlegt var að skipta um stjórn Brynju, hússjóðs Öryrkjabandalagsins, að mati meirihluta framkvæmdastjórnar Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ). Fréttablaðið hefur undir höndum greinargerð sem lögð var fram á aðalstjórnarfundi ÖBÍ í fyrradag en í henni voru ástæður þess að skipa þyrfti nýtt fólk í stjórn sjóðsins tíundaðar.

Í skýrslunni eru vinnubrögð stjórnarmanna sjóðsins harðlega gagnrýnd, þá sérstaklega þegar kemur að umsjón íbúða í Hátúni 10 og 12. Þar búa um 300 manns. Meðal þess sem þar kemur fram er líkfundur í Hátúni árið 2005 en þá hafði kona legið látin í íbúð sinni í um tvær vikur áður en hennar var vitjað. Ekki hafi verið brugðist við atburðinum með viðunandi hætti eða eins og segir í greinargerðinni: „Þann 5. desember 2007 gerist það svo að kona finnst látin í íbúð sinni en þá hafði ekki til hennar spurst síðan 24. nóvember. Af svörum formanns Brynju Hússjóðs má ráða að ekki var gripið til sérstakra öryggisráðstafanna né stuðningur við íbúana aukinn eftir líkfundinn árið 2005.“ Þá kemur einnig fram að dæmi séu um að fólk með hreyfihömlun hafi ekki komist í bað vikum þar sem baðherbergjum þeirra hafi ekki verið breyta með hliðsjón af fötlun þeirra. Þá hafi maður látið lífið eftir að hafa brennst alvarlega í sturtu þar sem ekki var hitastillir. Formaður ÖBÍ hafi kvartað yfir vinnubrögðum stjórnar sjóðsins vikulega án árangurs.



**SIGURSTEINN MÁSSON**

„Ef ég myndi ekki bregðast við þessu með mjög ákveðnum og skýrum hætti væri ég að hylma yfir það sem þarna hefur gerst,“ segir Sigursteinn Másson, en hann sagði upp formennsku hjá ÖBÍ ásamt Hafdísi Gísladóttur, framkvæmdastjóra þess eftir að tillaga meirihluta framkvæmdastjórnar ÖBÍ um skipan nýrrar stjórnar sjóðsins var felld. Hins vegar var tillaga Emils Thoroddsen, þáverandi varaformanns en núverandi formanns eftir uppsögn Sigursteins, samþykkt. „Þegar ég lít til þeirra stjórnar sem nú hefur tekið við hússjóðnum sé ég fólk, sem í áratug, jafnvel lengur, hefur verið í stjórnunarstöðum innan bandalagsins og sjóðsins. Ég sé enga ástæðu til að ætla að þetta fólk fari að bæta úr hlutunum núna,“ segir Sigursteinn. Emil vildi ekki tjá sig að svo stöddu um innihald greinargerðarinnar en segir að ákvörðun Sigursteins hafi komið sér á óvart. **karen@frettabladid.is**



**ÚRBÆTUR NAUÐSYNLEGAR** Í greinargerð sem lögð var fram á aðalstjórnarfundi Öryrkjabandalagsins í fyrradag eru vinnubrögð stjórnarmanna sjóðsins harðlega gagnrýnd. Ástæður fyrir nauðsynlegum mannabreytingum í stjórn hússjóðssins voru tíundaðar þar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Fyrsti maður á tind Everest:

# Hillary látinn 88 ára að aldri

**NÝJA-SJÁLAND, AP** Edmund Hillary, sem fyrstur manna kleif hæsta fjallstind í heiminum, lést á fimmtudaginn úr hjartaáfalli 88 ára að aldri. Forsætisráðherra Nýja-Sjálands, Helen Clark, tilkynnti um dauðsfall Hillarys seint á fimmtudagskvöld.



**EDMUND HILLARY**

Hillary öðlaðist heimsfrægð sem einn af helstu ævintýramönnum síðustu aldar eftir að hann og nepalski sjerpinn Tenzing Norgay náðu upp á tind Everestfjalls 29. maí árið 1953. **- sdg**



**Á VAKT** Hermenn á vakt við gatnamót í Kólombó. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Borgarastríðið á Srí Lanka:

# Tamílatígrar harma uppsögn

**SRÍ LANKA, AP Talsmaður Tamílatígra, skæruliðahreyfingar aðskilnaðarsinnaðra tamíla á Srí Lanka, segist harma að Srí Lankastjórn skyldi hafa sagt upp vopnahléssamkomulaginu frá 2002. Tamílatígrar vildu halda samkomulaginu í gildi, þrátt fyrir að átök hefðu færst í vöxt.**

**Tígrarnir eru „tilbúnir að framfylgja sérhverju ákvæði“ vopnahléssamkomulagsins, sem Norðmenn áttu milligöngu um að koma á sagði B. Nadesan, aðalstjórnmálatalsmaður samtakanna, í yfirlýsingu.** **- aa**

## SAMGÖNGUMÁL

### Funda áfram með Jarðvélum

Fulltrúar Vegagerðarinnar og verktakafyrirtækisins Jarðvéla funduðu um framkvæmdir við tvöföldun Reykjanesbrautar í gær. Engin niðurstaða náðist á fundinum.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Jeppabifreiðar skemmdust

Tvær jeppabifreiðar skemmdust mikið þegar þær skullu saman á mótum Sæbrautar og Kringlumýrarbrautar laust fyrir klukkan átta í gærkvöld. Engin slys urðu á fólki. Voru báðar bifreiðarnar óökufærar og þurfti að flytja þær burt með kranabílum.




Fyrstu niðurstöður um klórlekann í Varmá í Hveragerði jákvæðari en óttast var:

# Varmá jafngóð á stuttum tíma

**UMHVERFISMÁL** Vonast er nú til að Varmá í Hveragerði jafni sig mun fljótar en talið var eftir klórleka frá sundlauginni í Laugarskarði í byrjun desember.

„Allra fyrstu niðurstöður benda til þess að lífríkið í ánni hafi ekki skaðast jafn mikið og óttast var í upphafi og vekur það vonir um að lífríkið nái sér að fullu á skemmri tíma,“ segir í greinargerð bæjaryfirvalda um afleiðingar klórlekans.

Bæjaryfirvöld segja að tappi í klórgeyminum við sundlaugina hafi gefið sig og að tappa hafi vantaði í öryggisker þannig að búnaðurinn virkaði ekki eins og hann átti að gera. Hátt í tonn af klór lak út í Varmá og virtist drepa meira og minna allt kvikt í ánni neðan sundlaugarinnar.

„Rannsóknir á sýnum sem tekin voru úr ánni standa nú yfir en niðurstaðna er ekki að vænta fyrr en í febrúar,“ segja bæjaryfirvöld og upplýsa að búið sé að setja upp nýjan klórtank í samráði við verkfræðistofuna VST. Gengið hafi verið eins tryggilega frá klórnum og hægt sé og að bæjaryfirvöld muni gera allt sem í þeirra valdi standi til að koma í veg fyrir að slys sem þetta endurtaki sig.

„Farið var út í lífræna hreinsun fráveituvatns fyrir fimm árum og er Hveragerði með fullkomnasta hreinsibúnað á landinu í notkun hér,“ segja bæjaryfirvöld í Hveragerði. **- gar**



**SUNDLAUGINN LAUGARSKARÐI** Klór lak úr geyminum við gafl sundlaugarinnar og niður brekkuna ofan í Varmá. MYND/EGILL




# Nú kemur þetta **mánaðarlega**

Sparisjóðurinn býður nú viðskiptavinum sínum upp á **SP12**, hávaxta sparnaðarleið í Heimabankanum, sem felur í sér mánaðarlega útgreiðslu vaxta. Reikningurinn er óverðtryggður og óbundinn og fara vextir eftir innstæðu hans. Fjárhæðin er ávallt laust til útborgunar og millifærsla í Heimabankanum er gjaldfrjáls. **SP12** er frábær kostur fyrir þá sem vilja sjálfir halda utan um sinn sparnað.

Fíton/SÍA

DÚX
Hæsta einkunn í ánægjuvog fjármálafyrirtækja

SPARISJÓÐURINN
www.spar.is

**GENGIÐ 11.01.2008**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,73 | 63,03 |
| Sterlingspund | 122,69 | 123,29 |
| Evra | 92,65 | 93,17 |
| Dönsk króna | 12,441 | 12,513 |
| Norsk króna | 11,85 | 11,92 |
| Sænsk króna | 9,861 | 9,919 |
| Japanskt jen | 0,5755 | 0,5789 |
| SDR | 99,26 | 99,86 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
121,933

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hálfsextugur barnaníðingur handtekinn í Noregi:

# Erfðaefni afhjúpaði níðing

**NOREGUR** Norska lögreglan handtók snemma í gærmorgun 55 ára gamlan auðkýfing, sem grunaður er um að vera einn stórtækasti barnaníðingur Noregs.

Maðurinn er talinn hafa áratugum saman áreitt samtals 300 til 400 börn, flest drengi á aldrinum sex til tólf ára, víðs vegar um sunnanverðan Noreg. Fyrstu brotin eru talin vera allt frá árinu 1976 eða 1977.

Hann var jafnan nefndur „vasamaðurinn“ vegna þess að hann tældi drengi með því að biðja þá að hjálpa sér að leita að einhverju í buxnavasa sínum. Hann er sjálfur fráskilinn tveggja barna faðir, búsettur skammt frá Bergen, er vellauðugur og rekur fyrirtæki. Nágrannar og starfsfólk hans sögðust í gær agndofa yfir fréttunum.



**FRÁ BLAÐAMANNAFUNDI LÖGREGLU** Jorid Kile Berg og Arne Jørgen Olafsen segja lögregluna hafa fylgst með hinum handtekna síðan í nóvember. NORDICPHOTOS/AFP

Lögreglunni gekk ekkert að hafa upp á honum fyrr en ábending barst frá fyrrverandi lögreglumanni í nóvember síðastliðnum. Síðan þá hefur verið fylgst með honum og náði lögreglan lífsýni úr honum með leynd. DNA-greining leiddi síðan í ljós að maðurinn væri sá seki.

Lögreglan handtók manninn árið 1999 vegna gruns um að hann hefði áreitt ungan dreng, en hann var látinn laus þá vegna þess að engin vitni voru að afbrotinu.

Bróðir hans var um tíma lögregluþjónn, en ekki þó sá sami og kom með ábendinguna í nóvember. - gb

Fljótafgreitt innbrotsmál:

# Þjófur gripinn fyrir tilviljun

**LÖGREGLUMÁL** Innbrotsþjófur var gripinn fyrir tilviljun í Reykjavík í fyrrinótt. Í fólksbifreið sem stöðvuð var við almennt eftirlit klukkan rúmlega fimm á Vesturlandsvegi fundust hlutir sem voru taldir vera þýfi; tvö GPS-staðsetningartæki og seðlaveski.

Á sama tíma voru lögreglumenn að sinna innbrotsmáli í Grafarholti þar sem brotist hafði verið inn í leigubíl. Eftir stutta stund kom í ljós að málið hafði þegar verið leyst, þar sem þýfið var í bílnum sem stöðvaður var á Vesturlandsveginum. Einn 23 ára karlmaður var handtekinn. - sþs

Árásin á götuhópinn:

# Öryggið er forgangsverkefni

**LÖGREGLUMÁL** „Það er ekkert verkefni mikilvægara hjá okkur en að tryggja öryggi lögreglumanna. Það er algjört forgangsverkefni,“ segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, vegna grófrar árásar fimm Litháa á fjóra lögreglumenn úr fíkniefnadeild.



**STEFÁN EIRÍKSSON** Lögreglustjóri segir árásarmálið verði tekið mjög föstum tökum.

Lögreglustjóri segir að árásin sé litin mjög alvarlegum augum. Embættið sé byrjað að fara yfir hvernig hægt sé að tryggja enn frekara öryggi lögreglumanna á vettvangi. Verði meðal annars farið yfir það mál með lögreglumönnum úr götuhópnum, sem og lögreglumönnum úr öðrum deildum.

Umferðartafir vegna slyss:

# Skullu saman á gatnamótum

**LÖGREGLUMÁL** Tveir fólksbílar skullu saman á mótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar rétt fyrir klukkan tvö í gærdag. Einn var fluttur á slysadeild til skoðunar en var ekki slasaður. Grunur leikur á að ökumaður annars bílsins hafi ekið yfir á rauðu ljósi.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu urðu miklar umferðartafir eftir slysið, enda umferðarþyngstu gatnamót landsins. Teppa myndaðist í um það bil hálfa klukkustund eftir slysið, en leystist fljótt upp eftir að búið var að hreinsa slysstaðinn. - sþs

# Fimm sitja inni eftir árás á lögreglumenn

**Fimm Litháar hafa verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald eftir að þeir réðust á fjóra lögreglumenn sem voru að störfum á Laugavegi í fyrrinótt. Flytja þurfti alla lögreglumennina á slysadeild. Sumir árásarmannanna eru með brotaferil hér.**

**LÖGREGLUMÁL** Fimm Litháar hafa verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald fram á þriðjudag eftir harkalega árás á fjóra lögreglumenn úr götuhópi fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, þar sem þeir voru við skyldustörf í fyrrinótt.

Árásin átti sér stað upp úr klukkan eitt eftir miðnætti. Lögreglumennirnir voru nýbúnir að handtaka mann í Hlíðahverfi sem var með 80 grömm af marijúana, sem ætlað var til sölu og dreifingar, og komnir í næsta mál á Laugaveginum þegar ráðist var á þá. Tveir þeirra voru fluttir með sjúkrabílum á slysadeild og hinir tveir þurftu að leita þar lækninga eftir árásina. Allir reyndust þeir vera með áverka.

Að sögn Karls Steinars Valssonar, yfirmanns fíkniefnadeildar, voru lögreglumennirnir að sinna máli alls ótengdu árásarmönnunum þegar þeir réðust á götuhópinn með höggum og spörkum. Einn lögreglumannanna hlaut þung höfuðhögg og spörk í átökunum. Hann var í rannsókn á spítala í gær. Líðan hans er sögð eftir atvikum.

Þegar árásin á lögreglumennina, sem voru óeinkennisklæddir, hófst kynntu þeir ítrekað að þeir væru lögreglumenn. Árásarmennirnir sinntu því í engu og gengu í skrokk á þeim. Einhverjir úr þeirra hópi eru „æfðir slagsmálahundar,“ eins og lögregla orðar það og þekktir fyrir ofbeldisbrot gegn lögreglu og almennum borgurum. Sakamál á hendur þeim eru í gangi hér á landi.






> Í þessum hópi eru einstaklingar sem heildinni er enginn greiði gerður með að halda hlífiskildi yfir, því þeir fara ekki að leikreglum í samfélaginu.
>
> **KARL STEINAR VALSSON**
> YFIRMAÐUR FÍKNIEFNADEILDAR LÖGREGLUNNAR

Lögreglumönnunum tókst að nota neyðarhringingu á talstöðvum sínum, þannig að allir lögreglumenn sem voru á vakt sáu staðsetningu þeirra og að þeir voru í nauðum staddir. Allt tiltækt lögreglulið fór á staðinn og handtók þrjá Litháa og eina íslenska stúlku sem var sleppt að yfirheyrslum loknum í fyrrinótt. Tveir Litháar til viðbótar voru svo handteknir síðdegis í gær.

„Það er fámennur hópur erlendra ofbeldismanna hér sem vekur upp fordóma gegn útlendingum almennt með hegðun sinni,“ segir Karl Steinar. „Það hefur alltaf verið sussað á alla umræðu um þessa menn af tillitssemi við heildina, sem er að mínu mati misskilningur. Menn verða að þora að segja sannleikann. Í þessum hópi eru einstaklingar sem heildinni er enginn greiði gerður með að halda hlífiskildi yfir, því þeir fara ekki að leikreglum í samfélaginu. Þetta eru brotamenn sem á að koma úr landi. Linkind í umræðunni elur á fordómum.“

## ERLENT

Indónesía:

### Suharto fársjúkur



Suharto, fyrrverandi einræðisherra í Indónesíu, hefur legið á sjúkrahúsi í rúma viku og hrakaði honum í gær. Suharto er haldið á lífi með öndunarvél og nýrnavél. Hann stjórnaði Indónesíu harðri hendi í þrjá áratugi og er stjórn hans sökuð um fjölmörg mannréttindabrot.

Írak:

### Snjókoma í Bagdad

Íbúar í hinni stríðshrjáðu íröksku höfuðborg, Bagdad, vöknuðu í gærmorgun við svolitla snjókomu, en það hefur ekki gerst í manna minnum. Snjórinn bráðnaði þó fljótt, en vakti kátínu barna jafnt sem fullorðinna meðan hann entist.

Bandaríkin:

### Tígrisdýrinu líklega ögrað



Þrír ungir menn sem urðu fyrir árás tígrisdýrs í dýragarði í San Francisco á jóladag virðast hafa ögrað dýrinu og kastað í það hlutum. Einn þeirra dó en tveir meiddust illa eftir að dýrið slapp út úr búri sínu og réðist á þá. Málið er enn í rannsókn.

Bandaríkin:

### Hundur lifði árás tígrisdýrs

Hundur komst lífs af eftir að hafa lent í klóm tígrisdýrs í dýragarðinum í Memphis í Bandaríkjunum. Hundurinn hafði verið á flótta undan starfsmönnum garðsins þegar hann stökk ofan í tígrisdýrabúrið. Eitt tígrisdýranna réðst á hundinn og hélt honum í nokkrar mínútur. Tígrisdýrið sleppti hundinum eftir að starfsmenn garðsins notuðu blys og þokulúðra til að hræða það. Hundurinn slapp með nokkrar skrámur.






## VEÐURSPÁ



Elín Björk Jónasdóttir veðurfræðingur

**Rólegheit um helgina.** Það lítur út fyrir rólegheita veður um helgina, smá úrkomu við ströndina í dag, en björtu inn til landsins. Á vesturhluta landsins verður frost allt að 8 stig en hlýrra austan til og við suðurströndina. Úrkoman verður víðast snjókoma en slydda við austurströndina. Á morgun kólnar enn víðast hvar og birtir til suðvestanlands en úrkoma norðanlands.

**BORGINNI DAG:** Úrkoma við ströndina, annars frost 2-4 stig.

um hádegi »




» á morgun



Hæg norðlæg eða breytileg átt

» mánudagur



Austlæg átt 3-8 víðast hvar

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 4°C rigning | London | 10°C rigning | Eindhoven | 7°C skýjað |
| Billund | 3°C rigning | París | 11°C skúrir | Basel | 8°C rigning |
| Osló | 1°C slydda | Frankfurt | 8°C rigning | Alicante | 18° bjart |
| Stokkhólmur | 3°C rigning | Friedrichshafen | 5°C rigning | Róm | 16°C skúrir |
| Gautaborg | 3°C rigning | Berlín | 1°C slydda | Las Palmas | 21°C bjart |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.


Fjárhagsleg heilsa þín
skiptir öllu máli!
Byrjaðu á byr.is
– kannaðu fjárhagslega heilsu þína og komdu með í ræktina!
BYR
SPARISJÓÐUR

**KJÖRKASSINN**



*Átt þú hlutabréf sem hafa lækkað í verði undanfarið?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 27% |
| NEI | 73% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Viltu að kvótakerfið verði endurskoðað?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

vísir

Björg Thorarensen lagaprófessor telur álit mannréttindanefndar um kvótakerfið ekki bindandi:

# Stjórnvöld verða að bregðast við álitinu

**DÓMSMÁL** „Ég lít alls ekki svo á að stjórnvöld geti hundsað álitið þó að það hefði engar lagalegar afleiðingar í för með sér. Ég held að þau hljóti að skoða alvarlega hvað gæti komið til móts við það sem nefndin er að tala um. Ég tel að næsta skref sé að stjórnvöld ræði við kærendurna,“ segir Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, um álit Mannréttindanefndar SÞ. „Ég get ekki litið svo á að þetta geti knúið stjórnvöld til að umturna fiskveiðistjórnunarkerfinu því þá eru mannréttindi annarra farin að spila inn í.“

Björg segir að Ísland hafi gengist undir að mannréttindanefndin taki fyrir kærur um að brotið hafi verið gegn samningnum um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. „Niðurstaðan er að brotið hafi verið gegn 26. grein samningsins sem fjallar um almennu jafnræðisregluna, sem er mjög skyld 65. grein stjórnarskrárinnar.“ Björg segir að niðurstaðan sé álit og ekki skuldbindandi með sama hætti og dómur hjá alþjóðadómstóli, og er að því leyti ólíkt niðurstöðu Mannréttindadómstóls Evrópu. „Það eru engin lagaleg úrræði sem samningurinn veitir til að fylgja álitinu eftir enda mælir hann ekki fyrir um að álitin séu bindandi.“

Björg segir að mikilvægt sé að ríki reyni að fylgja eftir niðurstöðum nefndarinnar. „Það reynir á hvernig þær eru úr garði gerðar og mér þykir mjög óskýrt hvers nefndin ætlast til af hálfu íslenskra stjórnvalda.“ - shá



**BJÖRG THORARENSEN** Prófessor við lagadeild Háskóla Íslands FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Birkir J. Jónsson:

## Lítilfjörleg svör

**STJÓRNMÁL** „Þetta var vægast sagt lítilfjörlegt,“ segir Birkir J. Jónsson, þingmaður Framsóknarflokksins, um svör ráðherra við fyrirspurnum um áform um að fjölga störfum á landsbyggðinni.



**BIRKIR J. JÓNSSON**

Birkir lagði fyrirspurnina fyrir alla ráðherra ríkisstjórnarinnar í haust og uppskar, að eigin mati, rýr svör. Voru þau annaðhvort á þá leið að ekki hefði verið tekin ákvörðun eða að málið væri í athugun.

„Þessi er staðan þrátt fyrir mikinn fagurgala fyrir kosningar og heitstrengingar um mótvægisaðgerðir í sumar. Það virðist ekkert vera að gerast nema að búið er að stofna tvær nefndir,“ segir Birkir. - bþs

### Í HNOTSKURN

- Örn Snævar Sveinsson og Erlingur Sveinn Haraldsson fóru á veiðar á kvótalausum bát.
- Reyna átti á 75. grein stjórnarskrárinnar um að öllum sé frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa.
- Þeir voru dæmdir í Héraðsdómi Vestfjarða og í Hæstarétti.
- Málinu var skotið til Mannréttindadómstóls SÞ
- Álitið segir að endurskoða skuli kvótakerfið og að Erni og Erlingi beri að greiða bætur
- Nefndin hefur áður fjallað um áþekkt mál.
- Nefndin vísaði frá kæru Björns Kristjánssonar skipstjóra á Vatneyri.
- Skipið fór til veiða án nægjanlegs kvóta.
- Ríkið kærði fyrir brot á lögum um fiskveiðistjórn.
- Vörn Björns byggðist á því að lögin stæðust ekki tvær greinar stjórnarskrárinnar.
- Héraðsdómur tók vörnina til greina en ekki Hæstaréttur.

# Dýrkeypt að hundsa álit um kvótakerfið

**Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður segir að það yrði dýrkeypt fyrir ríkið að hundsa niðurstöðu Mannréttindanefndar. Íslendingar yrðu úthrópaðir á alþjóðavettvangi. Útgerðarmenn telja sig eiga rétt á háum skaðabótum.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Um tuttugu útgerðarmenn víðsvegar af landinu, sem telja sig hafa verið órétti beittir, undirbúa nú skaðabótamál á hendur stjórnvöldum. Grétar Mar Jónsson, þingmaður Frjálslynda flokksins, segir að mikil ólga sé í útgerðarmönnum og telur að nú muni fylgja hrina skaðabótamála eftir að Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna komst að þeirri niðurstöðu að ríkið hafi brotið gegn réttindum tveggja sjómanna.

Níels Ársælsson frá Tálknafirði, sem er einn af útgerðarmönnunum tuttugu, segir að í næstu viku munu þeir finna lögfræðing til að undirbúa hugsanlegt hópmál.

„Ég veit ekki hvað ég mun fara fram á mikið en það gætu verið hundruð milljóna sem hver og einn færi fram á,“ segir Níels.

„Við munum bíða og sjá hvernig stjórnvöld bregðast við ályktun nefndarinnar en við munum sækja rétt okkar, það er alveg öruggt,“ segir Ólafur Sigurðsson útgerðarmaður frá Grindavík.

Lúðvík Emil Kaaber, lögmaður Arnar Snævars Sveinssonar og Erlings Sveins Haraldssonar sem fóru með málið fyrir mannréttindanefnd, segir að tveir útgerðarmenn hefðu haft samband við sig í gær með það fyrir augum að undirbúa skaðabótamál. „Ég vísaði þeim reyndar annað enda búinn að fá nóg í bili,“ segir hann.

Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður segir það afdráttarlaust að sjómennirnir tveir eigi rétt á skaðabótum frá íslenska ríkinu miðað við ályktun mannréttindanefndar. „Síðan er hægt að yfirfæra það á aðra sem eru í sambærilegri stöðu,“ segir hann.

Ragnar segir að það yrði dýrkeypt fyrir íslenska ríkið ef það hundsaði ályktunina. „Þeir sem það gera verða úthrópaðir á alþjóðavettvangi og ef Íslendingar ætla í Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna þá er það borin von ef neitað er að fara eftir niðurstöðunni.“

„Við ætlum alls ekki að hundsa ályktunina,“ segir Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra. „Við höfum hálft ár til að bregðast við og það munum við gera en ég get ekki sagt með hvaða hætti það verður því við erum að vinna í málinu með okkar sérfræðingum.“

Hann sagði ekki tímabært að hugsa um það hvernig brugðist yrði við ef útgerðarmenn sem teldu sig hafa verið misrétti beittir óskuðu eftir samningum við stjórnvöld. „Ég tel að réttast væri að fara með slík mál fyrir dómstóla.“ jse@frettabladid.is





### KVÓTI SKIPTIR UM HENDUR 1984-2000

- LÍÚ kannaði árið 2000 hversu stór hluti veiðiheimilda hafði skipt um hendur við framsal, við eignabreytingar á fyrirtækjum og vegna aðgerða stjórnvalda frá 1984, eða frá því að botnfiskveiðar í íslenskri fiskveiðilögsögu voru takmarkaðar með kvóta.
- 19 prósent þeirra heimilda sem úthlutað var í upphafi voru í höndum þeirra sem stunduðu útgerð á viðmiðunarárunum sem úthlutunin byggðist á.
- 81 prósent þeirra veiðiheimilda sem úthlutað var árið 1984 hafði skipt um hendur.
- Í upphafi var veiðiheimildum úthlutað til þeirra sem stundað höfðu útgerð næstu ár á undan.
- Úthlutun var í hlutfalli við veiðireynslu þeirra.
- Könnunin náði til þeirra tegunda sem settar voru í kvóta árið 1984: þorsks, ýsu, ufsa, karfa, grálúðu, síldar og loðnu.





Atli Gíslason, lögmaður og þingmaður VG:

## Þurfum fiskverndarkerfi

„Ég er sammála áliti mannréttindanefndarinnar að því leyti að kvótakerfið hefur leitt til óeðlilegs eignarhalds,“ segir Atli Gíslason, þingmaður VG.



„Ekkert af meginmarkmiðum kerfisins hefur gengið upp, það hefur verið sannað.“

„Við höfum lagt fram frumvarp þar sem lagt er til að núgildandi lög renni út árið 2011. Það sem stendur upp úr er að setja á fót skilvirkt fiskverndarkerfi, sem núgildandi kerfi er ekki.“ Atli segir að mergur málsins sé að efla fiskistofnana og til þess þurfi að breyta núgildandi kerfi. - shá

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ:

## Álitið hefur ekki lagagildi

„Þetta álit hefur ekki lagagildi á Íslandi. Það sem gildir hér er dómur Hæstaréttar,“ segir Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ.



Friðrik segir að í álitinu sé ekki horft til efnahagslegra afleiðinga, nema hjá minnihluta sem skilar séráliti. „Hann horfir, eins og Hæstiréttur, á það að við erum að reka hérna arðbæran sjávarútveg, sem málið snýst ekki síst um.“ Friðrik bendir á að innan SÞ sé sérfræðistofnun sem fjallar um fiskveiðar sem hefur bent á mikilvægi þess að réttur þeirra sé skilgreindur sem stunda fiskveiðar. - shá

Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambands Íslands:

## Íhugunarefni fyrir stjórnvöld

„Þetta er allrar athygli vert en það er erfitt að meta hvað þetta hefur mikil áhrif hérna heima,“ segir Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambands Íslands.



„Það enginn vegur að meta hvernig á að bregðast við. Álitið er mjög málefnalegt en við höfum ekki dregið neina ályktun af því ennþá. Það er til dæmis engin vísbending í álitinu um hvað eigi að bæta.“

Sævar segir það hins vegar íhugunarefni fyrir stjórnvöld að fá á sig svona álit frá alþjóðastofnun. - shá



# Útsala
## á húsgögnum
### Fyrstur kemur fyrstur fær

# 20-40%
## afsláttur af öllum húsgögnum

## Verðdæmi

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sófasett 3+1+1 - 6703 | 119.400 kr. | ~~199.000~~ kr. | 40% |
| Sófasett 3+2+1 - 6703 | 131.400 kr. | ~~219.000~~ kr. | 40% |
| Hornsófi 2+h+2 - 7237 | 169.520 kr. | ~~211.000~~ kr. | 20% |
| Hornsófi - 8169 | 180.000 kr. | ~~225.000~~ kr. | 20% |
| Fusite tungusófi | 104.999 kr. | ~~149.999~~ kr. | 30% |

**Húsgögn eru einungis fáanleg í Holtagörðum, Smáralind og á Akureyri.**

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvaða verkefni fékk Eyrarrósina fyrir framúrskarandi menningarverkefni á landsbyggðinni?*
2. *Hvað heitir ísbirnan sem húnn var nýlega tekinn af í dýragarði í Þýskalandi?*
3. *Hvað heitir Íslendingurinn sem nýlega var valinn í lið ársins í hollensku deildinni?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 50

# Gíslum sleppt eftir fimm ár í prísund

**Kólumbíski uppreisnarhópurinn FARC sleppti tveimur konum sem höfðu verið í gíslingu í yfir fimm ár. Hugo Chavez, forseti Venesúela, samdi um lausn þeirra. Önnur eignaðist barn sem var tekið frá henni en fannst nýlega.**

**KÓLUMBÍA, AP** Eftir að hafa verið í haldi kólumbíska uppreisnarhópsins FARC í yfir fimm ár fengu Clara Rojas og Consuelo Gonzalez frelsi á fimmtudaginn. Er þetta mikilvægasta skrefið sem orðið hefur í deilu hópsins við stjórnvöld í Kólumbíu frá árinu 2001 þegar FARC sleppti 300 her- og lögreglumönnum.

Gonzalez, sem er fyrrverandi þingkona, var rænt 2001. Roja, sem var aðstoðarkona forsetaframbjóðandans Ingrid Betancourt, var rænt ásamt Betancourt 2002 þegar þær voru á ferð í frumskógum Kólumbíu. Fyrir þremur árum eignaðist Roja son sem var tekinn frá henni eftir átta mánuði. Barnsfaðir hennar er einn uppreisnarmannanna. Aðeins nokkrir dagar eru síðan að í ljós kom að syni Roja hafði verið komið fyrir á munaðarleysingjahæli í Bógóta, höfuðborg Kólumbíu.

Hugo Chavez, forseti Venesúela, samdi um lausn kvennanna og voru þær fluttar beint til höfuðborgar Venesúela þar sem ástvinir þeirra tóku á móti þeim ásamt Chavez. Alvaro Uribe, forseti Kólumbíu, gaf Chavez grænt ljós á björgunarleiðangur þrátt fyrir deilur vegna afskipta Chavez af átökum stjórnvalda og FARC sem hafa staðið yfir í 50 ár.

Chavez hvatti Uribe til að veita sér aukið umboð til að semja um lausn fleiri gísla. Sagði hann björgunarleiðangurinn nú sýna möguleika á frelsun fleiri gísla. Betancourt, sem hefur kólumbískan og franskan ríkisborgararétt, og þrír bandarískir verktakar eru á meðal gísla sem eru í haldi.

Uribe þakkaði Chavez í ræðu og ítrekaði boð sitt um að ræða möguleg fangaskipti við uppreisnarmennina en bætti við að „friður næst ekki með því að láta undan kröfum hryðjuverkamannanna“.

Chavez hvatti enn fremur til þess að ríki myndu taka FARC af lista yfir hryðjuverkasamtök og að viðurkenning á pólitískum markmiðum hópsins væri eina leiðin til að binda enda á blóðug átökin í Kólumbíu. sdg@frettabladid.is




Birgir Ármannsson:

## Lítt hrifinn af tillögu Lúðvíks


BIRGIR ÁRMANNSSON

**STJÓRNMÁL** Birgir Ármannsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks og formaður allsherjarnefndar Alþingis, sér meinbugi á frumvarpi Lúðvíks Bergvinssonar, þingflokksformanns Samfylkingarinnar, um að þingið kjósi dómara við Hæstarétt.

„Það er umdeild aðferð og mér finnst mikið álitamál hvort heppilegt sé að skipan dómara komi til kasta þingsins,“ segir Birgir.

Frumvarpi Lúðvíks var vísað til allsherjarnefndar í [illegible] en hefur ekki hlotið umræðu. Birgir segist ekki vita hvenær [illegible] umræðunni getur [illegible]. - bþs

Heiðursmorð í Jórdaníu:

## Faðir myrti dóttur sína

**JÓRDANÍA, AP** Jórdanskur maður hefur verið ákærður fyrir að myrða þrítuga dóttur sína þar sem hann taldi hana vera í tygjum við karlmann.

Faðirinn játaði morðið og sagðist með því hafa „hreinsað“ heiður fjölskyldu sinnar.

Morðið átti sér stað í bæ í vesturhluta Jórdaníu þar sem íhaldssamir ættbálkar bedúína búa. Samkvæmt siðum þeirra mega konur ekki tala við ókunnuga karla og lúta þær algerlega stjórn karla.

Árlega eru tuttugu konur að meðaltali myrtar af karlkyns ættingjum í Jórdaníu. - sdg

Iðnskólinn og Fjöltækniskólinn:

## Sameining ekki gengin í gegn


JÓN B. STEFÁNSSON

**SKÓLAMÁL** Ekki hefur enn orðið af sameiningu Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskóla Íslands en í haust stóðu vonir til að af henni gæti orðið um áramót.

Jón B. Stefánsson, skólameistari Fjöltækniskólans, segir málið á borði menntamálaráðherra, Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, þar sem tillögur sameiningarnefndar liggja og hafa legið síðan fyrir jól.

„Það er búið að undirbúa málið og samkomulag liggur fyrir,“ segir Jón sem býst heldur við að ákvörðun ráðherrans liggi fyrir fyrr en síðar. - bþs



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Taktu þátt í að stækka miðborgina

KVIKMYNDAHÚS OG RÁÐSTEFNUMIÐSTÖÐ Á HÖFÐATORGI

Óskað er eftir aðilum til að koma að rekstri kvikmyndahúss og ráðstefnumiðstöðvar á hinu nýja Höfðatorgi sem nú rís við Borgartún í Reykjavík. Þeim sem valinn verður til verksins býðst einstakt tækifæri til að taka þátt í hönnun verkefnisins frá upphafi. Þannig gefst frábært tækifæri til að móta spennandi starfsemi í stækkandi miðborg Reykjavíkur.

MIÐBORGIN STÆKKAR

Höfðatorg afmarkast af Borgartúni, Skúlatúni, Skúlagötu og Höfðatúni. Þar rís nú glæsileg byggð með fjölda fyrirtækja og stofnana, fjölbreyttri þjónustustarfsemi, veitingastöðum og opnum svæðum sem tengja gamla Laugaveginn og fjármálahverfið við Borgartún. Höfðatorg mun gegna lykilhlutverki í Reykjavík framtíðarinnar.

www.hofdatorg.is

Áhugasamir eru hvattir til að hafa samband við Gísla Jónsson í síma 822 4418, eða með pósti á gisli@hofdatorg.is fyrir lok janúar.




# Nú kemur þetta **mánaðarlega**

Sparisjóðurinn býður nú viðskiptavinum sínum upp á **SP12**, hávaxta sparnaðarleið í Heimabankanum, sem felur í sér mánaðarlega útgreiðslu vaxta. Reikningurinn er óverðtryggður og óbundinn og fara vextir eftir innstæðu hans. Fjárhæðin er ávallt laust til útborgunar og millifærsla í Heimabankanum er gjaldfrjáls. **SP12** er frábær kostur fyrir þá sem vilja sjálfir halda utan um sinn sparnað.

Fíton/SÍA

DÚX
Hæsta einkunn í ánægjuvog fjármálafyrirtækja

SPARISJÓÐURINN
www.spar.is

## SAMRÁÐ Á GREIÐSLUKORTAMARKAÐI

MAGNÚS HALLDÓRSSON
magnush@frettabladid.is



# Víðtækt samráð viðurkennt

**Brot íslensku kortafyrirtækjanna voru alvarleg og náðu til kjarnastarfsemi fyrirtækjanna. Skipulagning samráðs kortafyrirtækjanna fór meðal annars fram í gegnum félag sem þau eiga ásamt bönkunum, Fjölgreiðslumiðlun.**

VALITOR, áður Greiðslumiðlun, Borgun, áður Kreditkort, og Fjölgreiðslumiðlun hafa sæst á að greiða samtals 735 milljónir króna í stjórnvaldssektir vegna samráðs fyrirtækjanna á greiðslukortamarkaði. Þáttur Valitor, þjónustuaðila VISA á Íslandi, þótti veigamestur en sekt félagsins var 385 milljónir króna. Sekt Borgunar, þjónustuaðila Mastercard, er 185 milljónir og Fjölgreiðslumiðlunar 165 milljónir.

Fjölgreiðslumiðlun, sem er í eigu kortafyrirtækjanna og bankanna, tók þátt í samráði félaginu að hluta.

### PBS inn á markað

Í nóvember 2002 hóf danska fyrirtækið PBS International samkeppni við Greiðslumiðlun og Kreditkort. Við því brugðust íslensku kortafyrirtækin með samráði og misnotkun á markaðsráðandi stöðu sinni. Húsleit Samkeppniseftirlitsins var gerð 13. júní 2006 eftir að vísbendingar um samráð og misnotkun á markaðsráðandi stöðu komu fram.

PBS bauð söluaðilum skjótari útborgun í tengslum við kortaviðskipti. Stjórnendur Greiðslumiðlunar töldu þetta geta dregið úr hagnaði félagsins að því er rannsókn Samkeppniseftirlitsins leiddi í ljós. Var farið í skipulegar aðgerðir til þess að verjast innkomu PBS á markaðinn en Samkeppniseftirlitið komst yfir minnisblöð og tölvupósta sem þóttu sanna þær aðgerðir.

Greiðslumiðlun brást við með því að bjóða viðskiptavinum PBS sérstök kjör en það gat fyrirtækið gert í ljósi þess að það bjó yfir upplýsingum um viðskiptavini PBS. Sértækum verðlækkunum var beitt, sem öðrum viðskiptavinum Greiðslumiðlunar bauðst ekki auk þess sem posaleiga var lækkuð umtalsvert og í sumum tilfellum var hún frí. Það er að mati Samkeppniseftirlitsins ólögleg samtvinnun og þar af leiðandi misnotkun á markaðsráðandi stöðu.



**FRÉTTAMÖNNUM SVARAÐ** Rannsókn málsins hófst með húsleit Samkeppniseftirlitsins í höfuðstöðvum Greiðslumiðlunar 13. júní 2006. Halldór Guðbjarnason, fyrrverandi forstjóri fyrirtækisins, sagði starfsmenn fyrirtækisins ekki hafa gert neitt sem ekki samræmdist lögum. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins leiddi í ljós að skipulagt samráð hafði verið viðhaft yfir margra ára tímabil. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Sértækar hindranir – samráð

Greiðslumiðlun og Kreditkort viðhöfðu samráð um ýmis atriði. Samráð var um að viðhalda „gagnkvæmum skilningi“ um að félög sæktust ekki eftir umsýsluleyfum undir vörumerkjum hvor annars. Einnig var samkomulag um að Kreditkort færi ekki út í posaleigu í samkeppni við Greiðslumiðlun að því skilyrði uppfylltu að Kreditkort fengi að kaupa raðgreiðslusamninga VISA hjá Greiðslumiðlun. Þá var samráð um hlut útgefenda á þóknun frá söluaðilum vegna notkunar á debetkortum. Samráðið náði einnig til markaðs- og kynningarstarfs en félögin hættu að bjóða viss tilboð eftir að hafa sammælst um það.

Hluti af samkeppnisbrotunum náði til upplýsingaflæðis á milli félaganna sem að mati Samkeppniseftirlitsins var til þess fallið að „skapa samkeppnishamlandi gagnsæi á [...] fákeppnismarkaði“.

### Fjölgreiðslumiðlun

Innan Fjölgreiðslumiðlunar var starfandi nefnd sem skipuð var þremur mönnum. Einn kom frá Greiðslumiðlun, einn frá Kreditkortum og sá þriðji var starfsmaður Fjölgreiðslumiðlunar sem að hluta er í eigu þeirra beggja. Skoðun Samkeppniseftirlitsins á starfsemi Fjölgreiðslumiðlunar, sem var fyrst og fremst hugsað sem tækni- og öryggisfyrirtæki fyrir kortafyrirtækin, leiddi í ljós „alvarlegt samráð“, eins og orðrétt segir í útdrætti Samkeppniseftirlitsins úr ákvörðun þess. Kom í ljós að fyrirtækinu var beitt til þess að ræða og gera tillögur að víðtæku samstarfi sem leitt gæti til hins betra fyrir fyrirtækin. Meðal annars voru öryggisreglur samræmdar og einnig reglur um áhættustýringu og innhringihlutfall þegar greiðslukort eru notuð í viðskiptum. Einnig áttu sér stað umræður innan Fjölgreiðslumiðlunar um samræmingu á kortatímabilum innan ársins hjá söluaðilum fyrir kreditkort. Þetta leiddi meðal annars til „sameiginlegrar afstöðu gagnvart söluaðilum“.

Samráð var um ýmsar tæknilegar útfærslur, svo sem greiðslur með GSM-símum og hvort, og hvernig, viðbótarlausnir væru hýstar í posum og öðrum búnaði er tengist greiðslumiðlunarkerfinu. Þá ræddu fulltrúar fyrirtækjanna um vaxtaútreikning hjá viðskiptavinum, það er hvernig best væri að haga honum til hagsbóta fyrir fyrirtækin.

### Gróf brot – úrbætur

Þáttur Greiðslumiðlunar er talinn vegamestur þar sem félagið hefur um árabil haft afar sterka stöðu á íslenska markaðnum. Brot fyrirtækjanna allra eru talin alvarleg brot á samkeppnislögum en sérstaklega er þó tekið fram að hugsanlegt sé að brotin sem falla undir Fjölgreiðslumiðlun geti hafa verið framin af gáleysi. Einkum vegna þess að þau snúa að tæknilegum útfærslum.

Samkeppniseftirlitið leggur til ýmsar úrbætur. Brýnt þykir að fyrirtækin hætti öllu samstarfi nema þau fái sérstaka undanþágu til þess. Einnig að sömu fyrirtæki eigi ekki fulltrúa í stjórn beggja félaga en þannig hefur það verið um árabil. Lagt er til að bann verði lagt við upplýsingaflæði milli fyrirtækjanna auk þess sem endurskoðun fari fram á starfsemi Fjölgreiðslumiðlunar og öryggis- og tæknimálum komið í annan farveg.

FARÐU AÐ VINNA!

Einn af hverjum níu Íslendingum hlýddi og fékk vinning í Happdrætti Háskólans á síðasta ári.
Við stefnum að því að enn fleiri fari að þeirra fordæmi á þessu ári.

– Vertu með og fáðu þér miða á hhi.is eða hjá umboðsmanni.

GOTT FÓLK

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

## VÍTI TIL VARNAÐAR


JÓHANNES GUNNARSSON

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segir það fagnaðarefni að samkeppnisyfirvöld hafi burði til þess að taka fljótt og vel á stórum málum eins og samráði greiðslukortafyrirtækjanna. „Ég fagna því að samkeppnisyfirvöld taki á málum eins og þessum. Þetta mál er víti til varnaðar fyrir fyrirtækin sem eigan í hlut og önnur íslensk fyrirtæk,“ segir Jóhannes og leggur áherslu að eftirlitið skipti sköpum fyrir neytendur. „Þetta sýnir mikilvægi þess að eftirlit með markaði sé virkt, neytendum til hagsbóta. Því neytendur þurfa að lokum að borga fyrir samráð. Það bitnar á þeim, númer eitt, tvö og þrjú.“

## EFTIRLITIÐ VIRKAR


BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra segir það skýra stefnu ríkisstjórnarinnar að efla samkeppniseftirlitið en þetta mál, samráð kortafyrirtækjanna, sýni að það geti tekið á stórum málum og leitt þau til enda.

„Starfsemi eftirlitsins virkar vel fyrir íslenskt samfélag. Það virkar betur og skilvirkar en það gerði á árum áður. Við leggjum Samkeppniseftirlitinu til um 30 prósentum meira fé á fjárlögum en á síðasta ári. Það er pólitískt markmið okkar að stórefla eftirlitið og það hefur sýnt sig að málshraðinn er að aukast. Það stendur upp úr, þegar horft er til mála Samkeppniseftirlitsins að það er orðið öflug stofnun sem sinnir starfi sínu vel. En það er mitt markmið að efla bæði Samkeppnis- og Fjármálaeftirlitið umtalsvert á næstu misserum.“

## FAGNAR LOKUM MÁLSINS

Haukur Oddsson, forstjóri Borgunar áður Kreditkorta hf., fagnar lokum málsins og einnig þeim leiðum sem Samkeppniseftirlitið hefur nefnt til úrbóta. „Þær áherslur sem koma fram í sátt Samkeppniseftirlitsins og Borgunar eru að fullu í takt við sjónarmið núverandi eigenda og stjórnenda Borgunar hvað þessi mál varðar. Eignarhald Borgunar var endurskipulagt að frumkvæði núverandi eigenda og úrbótatillögum Samkeppnisstofnunar hefur þegar verið hrint í framkvæmd.“

Haukur segir að samstarf fyrirtækjanna sem höfðu með sér samráð hafi snúið „að miklu leyti“ um tæknilegar lausnir. Ekki hafi verið verulegur fjárhagslegur ábati af samráðinu, að sögn Hauks.

## HÖLDUM OKKAR STRIKI

Soren Winge, upplýsingarfulltrúi PBS, segir fyrirtækið virða niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins. „Við höfum verið með starfsemi á Íslandi í fimm ár. Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins mun ekki breyta því hvernig við nálgumst íslenska markaðinn. Viðskiptin hafa eflst með hverju árinu. Rannsókn málsins hefur ekki snert okkur beint og því höfum við ekkert sérstaklega verið að bíða niðurstöðu í þessu máli.“

## VIÐURKENNUM BROTIN

Höskuldur H. Ólafsson, forstjóri VALITOR áður Greiðslumiðlunar, telur ekki hafa verið sýnt fram á það með skýrum hætti að viðskiptavinir hafi hlotið skaða af samráðinu, þrátt fyrir að það sé viðurkennt. „Við teljum að það sé ekki hægt að sýna fram á það að söluaðilar né korthafar hafi skaðast vegna samkeppnislagabrota félaganna við innkomu danska fyrirtækisins á markað hér. PBS er ekki að gefa út nein kort hér og er ekki í neinum tengslum við korthafa, heldur starfar fyrirtækið eingöngu á færsluhiriðingarmarkaði. Við viðurkennum það að ólölegum aðferðum hafi verið beitt og sáttin er besta niðurstaðan í málinu að okkar mati.“

Halldór Guðbjarnarson, sem var forstjóri Greiðslumiðlunar hf. þegar húsleit Samkeppniseftirlitsins var gerð, var ómyrkur í máli í garð eftirlitsins. Hann sagði: „Mér fannst ég vera staddur í ríki sem hefði eitthvað annað réttarfar en við [...] Við erum sakaðir um að hafa misnotað markaðsráðandi stöðu okkar á þessum færsluhirðingarmarkaði. Hvernig, hef ég ekki hugmynd um.“

Höskuldur segir nýja yfirstjórn þegar hafa tekið við hjá fyrirtækinu sem líti málið öðrum augum. „Við gerðum okkar grein fyrir því að lög hefðu verið brotin og á því byggir niðurstaða þessa máls. Ég get ekki svarað fyrir viðbrögð fyrri stjórnenda fyrirtækisins en við sem stýrum fyrirtækinu lögðum okkur fram við að leysa úr þessu máli farsællega. Þetta er vissulega þungur baggi fyrir fyrirtækið en við teljum niðurstöðun ásættanlega.“


HÖSKULDUR H. ÓLAFSSON




Safnaðu 10 töppum

Dreymir þig um kristaltært vetrarloft í Austurríki?




Safnaðu 10 töppum af Kristal, Kristal Plús og/eða Kristal Sport og þú gætir verið á leiðinni í skíðaferð til Austurríkis með fjölskyldunni á vegum Heimsferða. Einnig verður dregið um fjölda aukavinninga: 3 mánaða kort í World Class, gjafakort í Útilíf og kippur af Kristal.

Þátttökuseðlar í næstu verslun

Sendu tappana ásamt þátttökuseðli merkt „Happatappar“ til Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar ehf. fyrir 12. febrúar 2008 og þú gætir haft heppnina með þér. Dregið verður 15. febrúar 2008 og nöfn vinningshafa birt á kristall.is.

Það sést hverjir drekka Kristal

Egils

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
5.569 **+0,65%**

**Fjöldi viðskipta:** 740
**Velta:** 8.935 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| SPRON | +3,38% | ATLANTIC PETROLEUM | -2,40% |
| STRAUMUR-BURÐARÁS | +1,60% | ALFESCA | -2,03% |
| 365 | +1,51% | EIMSKIPAFÉLAGIÐ | -1,84% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 9,45 -0,53% ... Bakkavör 52,30 +0,00% ... Eimskipafélagið 32,00 -1,84% ... Exista 15,35 +0,99% ... FL Group 11,43 -0,61% ... Glitnir 20,30 +0,50% ... Icelandair 27,35 +1,48% ... Kaupþing 750,00 +0,67% ... Landsbankinn 32,20 +0,47% ... Marel 102,00 +0,00% ... SPRON 8,26 +3,38% ... Straumur-Burðarás 13,37 +1,60% ... Össur 95,50 -0,52% ... Teymi 5,80 +0,35%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Baugur og Formúlan

Baugur kveðst ekki hafa keypt þriðjungshlut í liði Williams í Formúlu 1 kappakstrinum líkt og látið er að liggja á vef International Herald Tribune í gær. Orðrómurinn um aðkomu Baugs hefur hins vegar verið lífseigur, en flugufregnir í þessa veru hafa áður komið fram í erlendum miðlum.

Ekki er ólíklegt að þarna ýti undir styrktarsamningur leikfangakeðjunnar Hamleys við Williams, en Baugur á Hamleys að fullu. Svo er náttúrulega önnur tenging formúluliðsins við Ísland því vinskapur er á milli Sir Frank Williams, eiganda liðsins, og Seltirningsins Sverris Þóroddssonar fyrrum formúluökuþórs. Sverrir hefur enda verið tíður gestur í útsendingum frá keppnum Formúlunnar í Sjónvarpinu.



### Norræn tæknihjálp

OMX hefur samið um að verða kauphöllinni í Mumbai á Indlandi (sem raunar heitir enn Bombay Stock Exchange, eða BSE, þrátt fyrir að nafni borgarinnar hafi verið breytt) úti um kerfi til að sjá um verðbréfamiðlun og uppgjör. Með þessu á samkvæmt tilkynningu að efla viðskipti kauphallarinnar indversku með bæði afleiður og verðbréf.

Norrænu kauphallarmennirnir ættu kannski að bjóða Indverjunum tæknihjálp á fleiri sviðum. Internet Explorer kvartar nefnilega sáran undan síðunni og kveðst ekki ráða við að hlaða Java-umhverfi hennar, auk þess sem fleiri villuboð birtast. En kannski er ekki vefnum um að kenna. Opera- og Firefox-vafrarnir opna hana eins og ekkert sé.

## MARKAÐSPUNKTAR

Seðlabanki Íslands lækkar stýrivexti 22. maí gangi eftir spá greiningardeild Glitnis. Bankinn spáir því 25 punkta lækkun þannig að vextir lækki í 13,5 prósent. Stýrivöxtum er svo spáð í 12 prósent í árslok og 9 prósent í lok næsta árs.

Valgeir Baldursson hefur tekið við starfi framkvæmdastjóra fjárhagssviðs SPRON. Hann tekur við af Hörpu Gunnarsdóttur sem sinnt hefur starfinu frá nóvember 2006 jafnhliða því að vera framkvæmdastjóri þjónustusviðs. Því starfi gegnir hún áfram.

Hagnaður Alcoa, sem á Alcoa Fjarðaál í Reyðarfirði, var 2,6 milljarðar Bandaríkjadala á árinu 2007, eða sem nemur ríflega 160 milljörðum íslenskra króna. Hagnaður hefur aldrei verið meiri í sögu félagsins.

# Engin fyrirtæki hafa hækkað

Gengi SPRON hækkaði um tæp 3,4 prósent í Kauphöll Íslands í gær. Það hefur hækkað um tæp 7,5 prósent tvo daga í röð og einu skiptin sem gengi þess hefur hækkað á árinu.

Sömu sögu er að segja um Úrvalsvísitöluna sem hækkaði um 0,65 prósent í gær en vísitalan hefur hækkað um 1,83 prósent á tveimur dögum og stóð í 5.569 stigum í gær.

Ljóst er að árið byrjar ekki vel fyrir íslensk fyrirtæki sem skráð eru í kauphöllina því ekkert þeirra hefur hækkað á þeim sjö viðskiptadögum sem liðnir eru af árinu.

Þróunin í kauphöllinni í gær var með nokkuð öðru sniði en á erlendum hlutabréfamörkuðum sem alla jafna stóðu rétt svo beggja vegna núllsins. Þá fóru spár um auknar afskriftir bandarískra banka vegna tapa á lánavöndlum sem tengjast þarlendum undirmálslánum á fjórða ársfjórðungi fremur illa í fjárfesta. Inn í spila kaup Bank of America á Countrywide, stærsta fasteignalánafyrirtæki landsins, sem þykir endurspegla vel slæma stöðu fyrirtækisins. Stemningin smitaði út frá sér. Um miðjan dag í gær hafði Dow Jones-vísitalan lækkað um 1,40 prósent en Nasdaq-vísitalan um 1,16 prósent. **- jab**



**FRÁ AÐALFUNDI SPRON** Gengi bréfa í SPRON hefur hækkað mest skráðra félaga í Kauphöllinni tvo daga í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






# World Class kann að verða skráð á markað

**Líkamsræktarstöðin World Class er um tveggja milljarða króna virði, en ekki til sölu. Markaðshlutdeild fyrirtækisins nemur um 50 prósentum.**

Til greina kemur að skrá líkamsræktarkeðjuna World Class á markað, að því er Björn Leifsson, framkvæmdastjóri og eigandi félagsins segir. Hann fór yfir gengi fyrirtækisins í hádegisviðtali Markaðarins á Stöð 2 í gær. World Class rekur hér sjö líkamsræktarstöðvar, en að auki kom Björn að stofnun keðju í Danmörku sem nú rekur sextán líkamsræktarstöðvar.

Björn giskar á að markaðshlutdeild World Class hér heima sé um 50 prósent og segist hann vonast til að ná 60 prósentum á þessu ári. Fyrirtækið áætlar hann að sé um tveggja milljarða króna virði, en það sé hins vegar ekki til sölu. „Það er rosalega gaman að vinna við þetta. Maður vinnur við að aðstoða fólk og hjálpa til betra lífs og einhvern veginn sé ég mig ekki í þeirri stöðu að vera með tvo milljarða á bankabók og fylgjast með verðbréfum. Sérstaklega ekki eins og markaðir eru í dag,“ gantast hann. Þegar verið var að stofna líkamsræktarstöðina í Laugum segir Björn hafa komið til tals að skrá félagið og safna hlutafé, en fjármögnun hafi verið erfið. „Ég er klár á því að í dag væri ekkert vandamál að fá fjárfesta að fyrirtækinu.“

World Class hefur opnað fjórar nýjar stöðvar á þessu ári og segir Björn líklegt að nú verði um tveggja ára hlé á frekari útþenslu, þótt vissulega séu fleiri stöðvar í farvatninu. Næst sé líklegast að byggð verði líkamsræktarstöð við Vesturbæjarlaugina í Reykjavík. „Við urðum þar hlutskörpust í samkeppni um bygginguna, en byggja á 25 metra innilaug og heilsuræktarstöð. Þar eru komnar teikningar og kynning að fara í gang.“ Að auki segir Björn hafa verið að undirritað samninga við Klasa um að koma upp heilsuræktarstöð í miðbæ Garðabæjar. „Og þá erum við nú búin að þekja þetta hressilega,“ segir hann. **- sis/óká**



**Í LAUGUM** Treglega gekk að fjármagana byggingu Lauga að því er Björn Leifsson framkvæmdastjóri World Class segir og telur hann margan fjárfesti nú gráta að hafa ekki tekið þátt. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Spáir samdrætti

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) í París segir í nýrri spá sem birt var í gær, að útlit sé fyrir að hægja muni á hagvexti hjá helstu aðildarríkjum stofnunarinnar á árinu. Mesti samdrátturinn á milli ára verður í Japan en nokkru minni á evrusvæðinu, mestur á Ítalíu og Þýskalandi. Hægja mun sömuleiðis á hagvexti í Bandaríkjunum á árinu, samkvæmt spá OECD, en reiknað er með áframhaldandi góðum vexti í Brasilíu og Kína.

Þetta er í samræmi við efnahagsspár sem birtar hafa verið beggja vegna Atlantsála upp á síðkastið. Fjármálasérfræðingar segja að gangi þær eftir geti einkaneysla dregist saman í Bandaríkjunum en slíkt getur smitað út frá sér til helstu viðskiptalanda.

Ben Bernanke, seðlabankastjóri Bandaríkjanna, sagði á fimmtudag bankann ætla að grípa til aðgerða og telja fjármálasérfræðingar þetta geta bent til þess að stýrivextir bankans verði lækkaðir frekar í enda mánaðar. Gangi það eftir verður þetta fjórða stýrivaxtalækkun bankans frá haustdögum en þeir standa nú í 4,25 prósentum. **- jab**



**FRAMKVÆMDASTJÓRI OECD** Efnahags- og framfarastofnunin spáir hægari hagvexti hjá flestum aðildarríkjum en að nýmarkaðir hífi meðaltalið upp. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

HONDA
The Power of Dreams

# MÁTAÐU CR-V VIÐ BORGARLÍFIÐ




H:N markaðssamskipti / SÍA

www.honda.is

www.bernhard.is

Nýr glæsilegur CR-V er endurhannaður borgarjeppi með skynvætt fjórhjóladrif. Þú finnur það strax og þú mátar að hann státar af öllu því besta sem hugurinn girnist, hvort sem þú ert að fanga stemmninguna í borginni eða á leið út á land með fjölskylduna; mýkri línur, glæsilegri ásýnd, meira innanrými, minni loftmótstaða, liprari, hljóðlátari og aflmeiri. CR-V hefur ómótstæðilega aksturseiginleika og yfirburðatækni á öllum sviðum; ABS með EBD hemlajöfnunarbúnaði, stöðugleikabúnað með spól- og skrikvörn (VSA – ESP), stöðugleikabúnað fyrir tengivagna (TSA), loftpúða, loftpúðagardínur, loftpúða í sætum, 17” álfelgur, tvískipta loftkælingu og meiri búnað en þú getur ímyndað þér. Þegar þú sérð glæsilegan CR-V í fyrsta sinn stenst þú ekki mátið – **komdu og mátaðu stórglæsilegan CR-V og finndu að hann er ómissandi fyrir iðandi lífið í borginni.**

**Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535**

BERNHARD
Vatnagörðum 24-26 · Sími 520 1100

# STÓRSÝNIN
# KAFFIHLAÐB

INGVAR HELGASON BÝÐUR LANDSINS MESTA ÚRVAL FJÓRHJÓLADRIFINNA

NÝTT Á ÍSLANDI
OPEL VERND
NOTALEG ÞRJÚ ÁR HÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU



**ENGINN VIÐHALDS- EÐA ÞJÓNUSTUKOSTNAÐUR Á NÝJUM OPEL**

## Opel Antara

**3.890.000 kr.** sjálfskiptur

Opel Vernd er nýjung á íslenskum bílamarkaði sem tryggir þér þrjú áhyggjulaus ár án þjónustukostnaðar á nýjum og traustum Opel.



**NÝ KRAFTMEIRI DÍSILVÉL**

## Nissan Patrol

**4.990.000 kr.** sjálfskiptur

Ný og aflmeiri dísilvél fullkomnar einn sterkasta jeppa sem fyrirfinnst. 184 hestöfl / 410Nm tog.



**EINN VINSÆLASTI FJÓRHJÓLADRIFSBÍLLINN**

## Nissan Qashqai

**2.630.000 kr.** beinskiptur

Þessi nýi fjórhjóladrifni bíll frá Nissan hefur svo sannarlega slegið í gegn á síðasta ári. Hann er til í mörgum útfærslum, með og án sjálfskiptingar, bensín eða dísil.

ENNEMM / SÍA / NM31541



Komdu í kaffi með alla fjölskylduna. Blöðrur og fánar fyrir börnin.

Á staðnum verður að sjálfsögðu rjúkandi bakkelsi og kaffi að gæða sér á, enda eru starfsmenn Ingvars Helgasonar sérfræðingar í gestrisni og góðum móttökum. Það vita þeir sem hafa einhvern tíma komið á þjónustuverkstæðið, hringt í skiptiborðið, beðið um ástandsskoðun eða mætt á staðinn með villtan bíladraum fyrir sölumennina að uppfylla.

Við tökum vel á móti ykkur – eins og alltaf!

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 10, Reykjavík – Opið laugardag kl. 12-16, sunnudag kl. 13-16

G OG
BORÐ

BÍLA AF ÖLLUM STÆRÐUM




# JANÚARTILBOÐ
## Á VÖLDUM BÍLUM – KOMDU Í HEIMSÓKN OG KANNAÐU MÁLIÐ

**MILLISTÆRÐARJEPPI MEÐ DÍSILVÉL**

## Nissan X-Trail XE

Verð frá: **3.390.000 kr.**

Þessi nýi bíll frá Nissan er einn sá vinsælasti sem við bjóðum. Hann er fáanlegur með bensín- eða 150 hestafla dísilvél, sjálfskiptingu og með meira rými en flestir keppinautarnir.




**EINSTAKT TÆKIFÆRI**

## Subaru Forester

Verð frá: **2.690.000 kr.**

Bjóðum nokkra Subaru Forester með glæsilegum aukapakka **að verðmæti 350.000**: Dráttarbeisli, heilsársdekk, upphækkun og álfelgur.







**EINN MEST SELDI PALLBÍLLINN 2007**

## Isuzu D-Max

Verð frá **2.790.000 kr.**

Isuzu D-Max er ríkulega útbúinn pallbíll sem hefur reynst einstaklega vel. 3.0l dísilvél, sjálf- eða beinskipting, loftkæling, þægilegt rými fyrir farþega og ökumann, þokuljós og margt fleira.



**VINSÆLASTI FJÓRJÓLADRIFSBÍLLINN Á ÍSLANDI**

## Subaru Legacy Sport Sedan

Verð frá **2.650.000 kr.**

Legacy þarf vart að kynna því hann er einn vinsælasti bíllinn í sínum flokki. Subaru Legacy er samnefnari fyrir gæðin sem auðkenna Subaru bíla; lág bílanatíni, hátt endursöluverð og ríkulegur búnaður.

Við tökum vel á móti ykkur.



IH
INGVAR HELGASON

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Aldrei hafa hlutabréf fallið jafn hratt í byrjun árs.

## Áhrif fallsins

BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON SKRIFAR

Síðustu dagar hafa verið mörgum fjárfestum erfiðir. Hlutabréf lækka í verði, fjármögnun er dýrari og óvissan um þróun fjármálamarkaða er algjör. Þessar aðstæður eru ekkert séríslenskar heldur eiga við markaði víða í hinum vestræna heimi. Margir hafa kippt að sér höndum og bíða eftir að botninum sé náð. Umsvif í hagkerfinu verða fyrir vikið minni á árinu og hægja mun á hagvexti. Það á við um Ísland eins og önnur lönd í Evrópu og Bandaríkin.

Gerð var tilraun til að stöðva örvæntingarfullt fall hlutabréfa í Kauphöll Íslands á fimmtudaginn. Þá hafði úrvalsvísitalan, sem mælir verðmæti stærstu skráðu félaganna, fallið hratt fimm viðskiptadaga í röð. Skuldsettir fjárfestar hafa þurft að selja bréf sín til að gera upp við lánadrottna þrátt fyrir mikið tap. Þegar við bætist óvissa um þróun íslensku krónunnar næstu mánuðina er betra að hafa vaðið fyrir neðan sig. Vont er að skulda háar fjárhæðir í erlendri mynt ef krónan fellur.

Sérfræðingar telja að við þessar aðstæður sé verð hlutabréfa of lágt metið. Það sé kauptækifæri á markaðnum. Það geti skýrt lífleg viðskipti í lok dags á miðvikudaginn og á fimmtudaginn. Hins vegar var rólegt í Kauphöll Íslands í gær þótt tekist hefði að halda úrvalsvísitölunni fyrir ofan núllið. Fjármálafyrirtæki hafa hagsmuni af því að stöðva þann vandræðagang sem einkennir hlutabréfamarkaðinn þessa fyrstu daga ársins. Fleiri fjárfestar mega ekki lenda í vandræðum. Það eru hagsmunir allra.

Hagsmunir almennings eru líka í húfi þó að einhverjir telji þessi vandræði einskorðast við þröngan hóp eigenda hlutabréfa. Vissulega er hægt að færa rök fyrir því að tekjujöfnuður í þjóðfélaginu aukist þegar einhverjir verða fátækari. En er það eftirsóknarvert? Minni auðsöfnun, lægri tekjur og samdráttur í efnahagslífinu kemur niður á lífskjörum allra.

Í frétt Fréttablaðsins í gær kom fram að endurskoða þyrfti forsendur fjárlaga vegna lægri skatttekna. Það má ekki gleyma því að skattur af fjármagni, launum og tekjum fyrirtækja lækkar þegar á móti blæs. Þetta eru peningarnir sem standa undir skóla- og heilbrigðiskerfinu og nýttir eru til ýmissa verkefna sem stjórnmálamenn telja nauðsynlegt að hið opinbera sinni.

Í Fréttablaðinu í dag kemur fram að lífeyrissjóðir geti ekki aukið réttindi sjóðsfélaga vegna þróunar á mörkuðum eins og stefnt var að. Að auki er ávöxtun á eignum tugþúsunda sjóðsfélaga lægri en ella vegna árferðisins.

Samdráttur hjá fyrirtækjum þýðir líka að minna verður afgangs til að styrkja menningu og listir, sem hefur stóraukist undanfarin ár. Það sama má segja um tómstundastarf og ýmis góðgerðamál.

Svigrúm til launahækkana er líka minna við þessar aðstæður og nýráðningum fækkar. Nýsköpun stendur í stað þegar engir peningar eru tiltækir í áhættufjárfestingar og þróun. Það fækkar tækifærum framtakssamra einstaklinga.

Útlit er fyrir að markaðurinn þurfi fyrstu mánuði ársins til að spyrna við fótum. Ástandið er ekki bundið við Ísland og þróun í Bandaríkjunum skiptir miklu máli fyrir það sem á eftir kemur. Fjárfestar munu endurskoða fjárfestingastefnu sína og hvernig þeir byggja upp eignasöfn sín. Dreifing á áhættu verður meiri og fjárfestingar ekki eingöngu bundnar við fjármálafélög.

Ástandið hefur verið erfitt fyrir marga fjárfesta. En búast má við að erfiðleikarnir muni einnig ná til alls almennings í landinu.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Umskipti

Jóhanna Sigurðardóttir hefur skipað Stefán Ólafsson prófessor formann Tryggingastofnunar ríkisins í stað Benedikts Jóhannessonar. Óhætt er að segja að blæbrigðamunur sé á áherslum Benedikts og Stefáns. Sá fyrri er sjálfstæðismaður í húð og hár og dyggur talsmaður hins frjálsa markaðar. Fáir fara hins vegar meira í taugarnar á sjálfstæðismönnum en Stefán, sem hefur vakið athygli á fátækt á Íslandi og gagnrýnt skattkerfið harðlega fyrir að hygla hinum ríkari á kostnað þeirra lægst launuðu. Sjálfstæðismenn hafa verið óþreytandi við að mótmæla Stefáni, fyrir alþingiskosningar var til dæmis miklu púðri eytt í að véfengja niðurstöður hans. Þeir hljóta að horfa á þetta með óbragð í munni.



### Af sem áður var

Valgerði Sverrisdóttur kemur skipun nýs stjórnarformanns TR að minnsta kosti spánskt fyrir sjónir. „Það að hann skuli nú vera orðinn herforingi hjá ríkisstjórn Geirs Haarde lýsir best hversu Samfylkingin fer sínu fram í ríkisstjórninni og tekur ekkert tillit til tilfinninga sjálfstæðismanna, né hinnar erfiðu stöðu Geirs og Þorgerðar," skrifar hún á heimasíðu sína og bætir við: „Niðurlægingin er algjör." Valgerður er með öðrum orðum óvön að aðrir en sjálfstæðismenn fari sínu fram í ríkisstjórnarsamstarfi. Það er kannski ekki ætlunin en segir þetta ekki líka sína sögu um hvernig málum var háttað í ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknar.



### Kortasvindl

Í kjölfar rannsóknar Samkeppniseftirlitsins viðurkenndu kortafyrirtækin Greiðslumiðlun (nú Valitor) Kreditkort hf. (nú Borgun) og Fjölgreiðslumiðlun (óbreytt nafn) að hafa átt í langvarandi ólöglegu samráði og að Greiðslumiðlun hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína til að klekkja á keppinauti sínum. Fyrirtækin gerðu sátt við Samkeppniseftirlitið og hefur verið gert að greiða 735 milljónir króna í sektir. Spurning hvort þau fái að setja þetta á raðgreiðslur.

bergsteinn@frettabladid.is

# Umræðuóþolið



SVERRIR JAKOBSSON

Í DAG | Gagnrýni

Núna um daginn voru samþykkt ný þingskaparlög sem miða að því að takmarka mjög umræðu á Alþingi. Ólíkt því sem áður hefur tíðkast þá náðist ekki samstaða meðal stjórnmálaflokka um nýju lögin heldur var meirihlutavaldi beitt til að breyta forsendum umræðunnar á Alþingi. Til þess að innsigla hinn nýja skilning á þingstörfum nýtti meirihlutinn sér svo afbrigði í núgildandi þingskaparlögum til þess að hægt væri að knýja breytingarnar fram án mikillar umræðu. Lítil málefnaleg umræða fór fram utan þings um þessar grundvallarbreytingar í íslenskum stjórnmálum og tel ég þá ekki með pistil varaþingmanns Samfylkingarinnar um það að langar ræður væru leiðinlegar. Fjölmiðlar standa með ríkisstjórninni og þegja þegar ríkisstjórninni hentar.

Nú má velta fyrir sér hvers vegna löng umræða um mikilvægustu lagabreytingar þjóðarinnar fer svona í taugarnar á stjórnarherrunum (og raunar ákveðnum hluta stjórnarandstöðunnar). Nærtækasta skýringin er sú að þingumræður eru fyrst og fremst tæki stjórnarandstöðu til að koma á framfæri gagnrýni á mál sem meirihlutinn kýs að keyra í gegn. Og stjórnarherrunum finnst leiðinlegt að hlusta á gagnrýni á sjálfa sig þannig að þeir halda því fram að löng umræða tefji framgang mála á þingi. Það er að vísu í besta falli hálfsannleikur því að margt annað tefur framgang þingmála – t.d. þegar mikilvæg stjórnarfrumvörp eru ekki lögð fram fyrr en löngu eftir að þingstörf eru hafin. Óþol stjórnarherranna fyrir gagnrýni er þeim mun merkilegra í ljósi þess að formaður annars stjórnarflokksins þóttist einu sinni ætla að innleiða ný vinnubrögð í íslenska pólitík – „samræðustjórnmál".

Ekki er ljóst hvernig múlbinding stjórnarandstöðunnar á að greiða fyrir samræðustjórnmálum á Íslandi.

### Gagnrýnandi af gestalista

En það er ekki einungis valdhöfum þjóðarinnar sem finnst erfitt að hlusta á gagnrýni. Óþol gagnvart gagnrýninni umræðu virðist hafa hreiðrað um sig víðar í íslenskri þjóðarsál. Þannig tók eitt af stærstu leikhúsum Íslands upp á því á dögunum að handvelja gagnrýnendur sem er boðið á frumsýningar. Einn tiltekinn gagnrýnandi fær ekki slík boð vegna þess að gagnrýni hans fer í taugarnar á leikhússtjóranum. Hér er einnig verið að ganga á svig við viðtekna hefð því að fram að þessu hafa leikhús og aðrar menningarmiðstöðvar sóst eftir gagnrýninni umræðu, m.a. með því að bjóða gagnrýnendum á sýningar. En núna mega gagnrýnendur sem sagt ekki lengur gagnrýna. Hið nýja hlutverk þeirra er að vera viðhlæjendur leikhúsfólksins.

Auðvitað finnst engum gaman að lesa harðorða gagnrýni á verk sín. Leikhúsmenn eru þar í sömu aðstöðu og stjórnmálamenn. En leikhús eru ekki einkaveröld þeirra heldur opinberar stofnanir sem þjóna áhorfendum. Fagleg gagnrýni á verk og sýningar er einnig þjónusta við áhorfendur og þeir eiga rétt á því að gagnrýnendur séu heiðarlegir og óhræddir við að gagnrýna. Það eru svik við áhorfendur að beita gagnrýnanda refsiaðgerðum fyrir að segja sína skoðun umbúðalaust.

### Háværar raddir?

Það eru fleiri en stjórnmálamenn eða leikhúsfólk sem bregðast illa við gagnrýni. Í skammdeginu fyrir jólin var tekist hart á um það hvort skólar á Íslandi ættu að vera vettvangur trúboðs af hálfu þjóðkirkjunnar eða lausir við slíkt. Iðulega heyrðist á talsmönnum kirkjunnar að þeir væru beittir kúgun af háværum minnihlutahópi. Það minnir óneitanlega á ótta þingmeirihlutans við að þurfa endalaust að hlusta á stjórnarandstöðuna gagnrýna frumvörp sín. En minnihlutahópurinn er ekkert sérstaklega hávær nema í eyrum þeirra sem aldrei hafa áður kynnst gagnrýni. Og slík er forréttindastaða þjóðkirkjunnar í íslensku samfélagi að hún hefur ekki oft þurft að hlusta á gagnrýnisraddir. Sá tími er hins vegar liðinn og nú er tekist á um þjóðkirkjuna eins og hverja aðra ríkisstofnun.

Viðbrögð kirkjunnar manna hafa iðulega falist í því að gagnrýna umræðuna sem slíka – mótmæla því að hún eigi sér stað. Í ræðu 9. desember sl. hafnar biskup Íslands t.d. því að þeir sem gagnrýna kirkjuna eigi sér nokkurn málstað. „Það er augljóst að minni hyggju að valið snýst ekki um trú eða trúleysi heldur um heilbrigða og óheilbrigða trú." Trúleysingjarnir eru sem sagt ekki til og því ekki hægt að taka þátt í orðræðu við þá. Þegar svona er mælt er stutt í nýyrðasmíð og í kjölfarið var kynnt til sögu hugtakið „umburðarlyndisfasismi" sem merkimiði á gagnrýna orðræðu. Svona er skammdegisumræðan á Íslandi við upphaf nýs árs. Henni er ætlað að binda enda á alla umræðu.

# Skattar á húsnæði snarhækka

UMRÆÐAN

Fasteignagjöld í Reykjavík



SIGRÍÐUR ANDERSEN

Reykvíkingar fá á næstunni álagningarseðla fasteignagjalda frá nýju borgarstjórninni. Fasteignagjöldin eru fasteignaskattur, lóðarleiga, holræsagjald, vatnsgjald og sorphirðugjald. Í nýrri samantekt frá Andríki kemur fram að fasteignagjöld af 91 fermetra íbúð miðsvæðis í Reykjavík munu hækka um 14% nú um áramótin. Gjöldin af þessari íbúð voru kr. 96.793 á síðasta ári en hækka nú í kr. 110.045. Þetta er nær þrefalt meiri hækkun en varð á almennu verðlagi á síðasta ári.

Allir liðir fasteignagjaldanna hækka meira en vísitala neysluverðs eða frá 6,3% upp í 32,5%. Hækkanir á lóðarleigu, holræsagjaldi, vatnsgjaldi og sorphirðugjaldi eru langt umfram þau verðbólgumarkmið (2,5%) sem Seðlabankinn stefnir að og vinna beinlínis gegn þeim því gjöldin hafa áhrif á vísitölu neysluverðs. Hækkanir borgarstjórnar á þessum gjöldum munu því hækka fasteignalán manna og aðrar vísitölutryggðar fjárskuldbindingar. Menn hljóta að spyrja af þessu tilefni hvers vegna Samfylkingin í borgarstjórn vinni svo eindregið gegn þeim markmiðum ríkisstjórnar Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks að ná tökum á verðbólgunni.

En það eru ekki aðeins íbúðaeigendur í Reykjavík sem þurfa að skera niður önnur útgjöld til að eiga fyrir hækkunum borgarstjórnar á fasteignagjöldunum. Fasteignamat atvinnuhúsnæðis hækkar um 20% milli ára. Því mun fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði að meðaltali hækka um 20% í Reykjavík á þessu ári. Fyrr en síðar kemur þessi skattahækkun á fyrirtækin fram í verði á þjónustu þeirra. Rétt er að hafa í huga að á síðasta ári voru um þrír fjórðu hlutar innheimtra fasteignaskatta af atvinnuhúsnæði og hafa borgaryfirvöld jafnan lagt hámarks skatt á atvinnuhúsnæði.

Auk verðlagshækkunar hefur stofn fasteignaskatta stækkað vegna nýbygginga og endurbóta eldra húsnæðis. og áætlar Reykjavíkurborg að sú aukning sé um 2%. Því má ætla að í heildina hækki fasteignaskattur í Reykjavík um nær 20% milli áranna 2007 og 2008.

*Höfundur er 1. varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins í Reykjavíkurkjördæmi norður.*

# ÚTSALA

egg útsala • egg útsala • egg útsala •
allt að
80%
afsláttur



## 20-80% afsláttur
af öllum húsgögnum



## 60% afsláttur
af Lín Design



## 30-40% afsláttur
af öllum ljósum



## 25% afsláttur
af blöndunar- og hreinlætistækjum



Designa stólar hvítir/svartir 4.750 ~~5.900~~



egg afsláttur 50% egg afsláttur

Púði / rúmteppi 1.845 / 3.495

AÐEINS 199 KR/STK



Kersten glös 199 kr/stk



egg afsláttur 50% egg afsláttur

Vasar í úrvali verð frá 499



Borðstofustóll hvítir/eikarfætur 5.900 ~~12.900~~

egg afsláttur 30% egg afsláttur



Designa, borðstofuborð 18.900 ~~26.900~~



Lampi 20.293 ~~28.990~~



egg afsláttur 40% egg afsláttur

Sófasett hvítt leður 125.900 ~~209.700~~

Innréttingar | Húsgögn | Hreinlætistæki | Parket | Flísar | Ljós | Raftæki | Gjafavara | Heimilistæki | Búsáhöld | Hurðir | Hönnunarsetur

**EGG ER STÓRVERSLUN**
- með allt til að innrétta og fegra heimilið þitt

EGG
SMÁRATORGI







MAÐUR VIKUNNAR

# Valsari í Hafnarfirði

Nikulás Úlfar er miðborgarbarn í húð og hár; fæddist á Hverfisgötu 40 og flutti nokkrum árum síðar á Þórsgötu 17 og ólst þar upp. Úr Miðbæjarskólanum lá leiðin í Menntaskólann í Reykjavík, og þaðan útskrifaðist hann með stúdentspróf árið 1976. Ári síðar kynntist hann konu sinni Þorbjörgu Sóleyju Ingadóttur hjúkrunarfræðingi. Árið 1978 fluttu þau til Pourtsmouth á Englandi þar sem Úlfar nam arkitektúr, sem hann hafði lengi haft brennandi áhuga á. Áhugann á arkitektúr hafði hann svo sem ekki langt að sækja því Þorvaldur S. Þorvaldsson borgararkitekt er móðurbróðir hans.

Úlfar og Sóley dvöldu á Englandi með hléum næstu sjö árin og eignuðust á þeim tíma tvær dætur, Evu Björk, sem nú er 25 ára, og Evu Rún, 23 ára. Síðar eignuðust þau Inga Má, sem er 21 árs og Kristrúnu, 17 ára. Eftir heimkomuna 1985 starfaði Úlfar lengi vel á teiknistofum með öðrum arkitektum. Síðar var hann ráðinn deildarstjóri Húsadeildar Árbæjarsafns og starfaði þar í áratug. Þar hófust afskipti hans af skipulagsmálum fyrir alvöru, enda var Árbæjarsafn í miklu samstarfi við borgaryfirvöld á þeim tíma.

Úlfar er mikils metinn í stétt arkitekta. Honum er lýst sem duglegum hugsjónamanni sem er umhugað að varðveita þann menningararf sem finna má í gömlum húsum. Starf forstöðumanns Húsafriðunarnefndar ríkisins er ekki þakklátt, enda sjálfskipaðir sérfræðingar í skipulagsmálum fleiri en tölu verður á komið hér á landi. Úlfar þykir hins vegar vera réttur maður á réttum stað. Hann hefur starfað við minjavörslu og skipulagsmál árum saman og er sagður fagmaður fram í fingurgóma, málefnalegur, sanngjarn og hefur góða hæfileika til að sætta ólík sjónarmið. Hann leggur áherslu á að finna sameiginleg sjónarmið og lendingu í málum.

Samstarfsfólk ber honum vel söguna, segir hann skapgóðan og gamansaman en jafnframt mikinn keppnismann. Það hafi hann sjálfsagt úr fótboltanum, en Úlfar er mikill Valsari og varð meðal annars Íslandsmeistari með Val árið 1976. Reynsla hans og þekking er sögð yfirgripsmikil og kollegum hans finnst ekki ólíklegt að hann muni gera skurk í að marka heildstæðari stefnu í húsverndun. Kollegar hans hafa mikla trú á honum í núverandi starfi. Þeir nefna þó að forstöðumaður Húsafriðunarnefndar sé í miklu samskiptum við fjölmiðla og þá skiptir máli hvernig komist er að orði. Úlfar sé nýr í þessu starfi og eigi eftir að slípast til. Enginn minnist þess að hafa hitt hann í vondu skapi, hann hafi einstakt jafnaðargeð. Einn nefndi hans helsta löst vera of mikinn áhuga á fótbolta.

Merkilegt nokk flutti fjölskyldan ekki á æskuslóðirnar í miðbænum eftir að hún flutti heim til Íslands heldur í Hafnarfjörð. Fyrst keyptu þau gamalt hús sem þau gerðu upp en sprengdu það af sér þegar börnunum fjölgaði en fluttu þá á Öldugötuna og búa þar enn. Úlfar er enn gallharður Valsari þótt hann hafi búið í Hafnarfirði í tuttugu ár en hefur ekki orðið meint af. Hann er duglegur að fara á völlinn og hvetja sína menn.

Úlfar vinnur mikið og hefur alltaf gert en heldur góðu jafnvægi milli vinnu og einkalífs. Hann er sælkeri mikill, þykir gott að gera vel við sig í mat og drykk eins og öðrum en er ekki óhófsmaður. Hann hefur mikinn áhuga á íþróttum og tónlist, gutlar aðeins í golfi en kann best við sig með fjölskyldunni og í góðra vina hópi.

Úlfar er diplómat sem leysir ágreining frekar en að búa hann til og nýtur trausts fólks sem hefur ólíkra hagsmuna að gæta. Hann getur hins vegar verið fastur fyrir. Eins og fleiri í hans stétt leiðist honum hvernig húsum með menningarlegt gildi er oft rutt burt til að rýma fyrir nýjum byggingum; þegar einkahagsmunir eru teknir fram yfir sameiginlega menningararfleifð okkar. Hann er þó langt því frá öfgamaður og gerir sér manna best grein fyrir að það þarf að sætta ólík sjónarmið til að málin leysist farsællega.

## NIKULÁS ÚLFAR MÁSSON




### ÆVIÁGRIP

Nikulás Úlfar Másson arkitekt er forstöðumaður Húsafriðunarnefndar ríkisins, sem lagði til á þriðjudag að friða húsin við Laugaveg 4 til 6. Nefndin hafði áður metið húsin og ekki talið ástæðu til að friða þau.

Nikulás Úlfar Másson fæddist 8. desember 1956. Hann er kallaður Úlfar. Foreldrar hans eru Nikulás Már Nikulásson og Þóra Þorvaldsdóttir. Hann á sjö systkini. Úlfar bjó fyrstu æviár sín á Hverfisgötunni og flutti síðar á Þórsgötu. Hann brautskráðist frá Menntaskólanum í Reykjavík og nam síðar arkitektúr í Portsmouth. Eftir heimkomuna starfaði hann sem arkitekt á sjálfstæðri stofu. Síðar var hann deildarstjóri Húsadeildar Árbæjarsafns í áratug þar til hann var ráðinn til Reykjavíkurborgar sem verkefnastjóri deiliskipulags í miðborg. Hann tók við starfi forstöðumanns Húsafriðunarnefndar ríkisins 1. nóvember síðastliðinn.

Úlfar er kvæntur Þorbjörgu Sóleyju Ingadóttur hjúkrunarfræðingi. Þau eiga fjögur börn. Fjölskyldan hefur búið í Hafnarfirði undanfarna tvo áratugi.

### VANN SÉR TIL FRÆGÐAR

Varð Íslandsmeistari með meistaraflokk Vals árið 1976.

### HVAÐ SEGJA AÐRIR?

„Hann er réttur maður á réttum stað.“
Pétur H. Ármannsson, samstarfsmaður.

### HVAÐ SEGIR HANN?

„En álit mitt er að byggingararfurinn sé besta fjárfesting sem hægt er að láta fjármuni renna til. Varðveisla byggingararfsins er mjög góð ráðstöfun að mínu mati.“
Í Morgunblaðinu, 16. september 2007.



Way of Life!

SUZUKI

# 4X4 SÝNING UM HELGINA

## Laugardag og sunnudag frá 13-17.

FULL FRAME 4x4




Grand Vitara Limited er einstaklega vel búin viðbót við Grand Vitara fjölskylduna. Mikill staðalbúnaður og glæsilegt útlit gera Grand Vitara Limited að einum bestu jeppakaupum sem boðist hafa í langan tíma.

## FRUMSÝNUM NÝJAN GRAND VITARA LIMITED




### SX4

SX4 er Sportjepplingurinn frá Suzuki, bíll með kröftugt útlit, mikla veghæð og fjöðrun fyrir fjölbreyttar aðstæður. SX4 fæst beinskiptur eða sjálfskiptur.




### SWIFT

Swift 4x4 er einstaklega vel búinn, aflmikill, lipur og síðast en ekki síst sparneytinn fjórhjóladrifsbíll. Bíll sem á engan sinn líka á íslenskum bílamarkaði.



### JIMNY

Öflugur og léttur þriggja dyra jeppi með hátt og lágt drif. Bíll sem hefur sannað sig í 8 ár við íslenskar aðstæður. Algjör „sparibaukur“ sem fæst beinskiptur eða sjálfskiptur.

HUGTÖK JAN.08

## Fjöldi spennandi sýningartilboða.

SUZUKI SPARNEYTNI

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í 27 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKIBILAR.IS

www.volkswagen.is






Hið sígilda Volkswagen Rúgbrauð kom fram á sjónarsviðið sem vinnubíll á fimmta áratugnum og gegndi ýmsum hlutverkum; gat til dæmis bæði verið mjólkurbíll og skyndibitastaður á hjólum. Síðar tóku frjálsar ástir blómabarnanna á sig mynd Rúgbrauðsins. Skreyttur blómamyndum flutti hann nýjar hugsjónir og hugmyndir um allan heiminn. Við höfum verið samferða Volkswagen allar götur síðan.

Hann er Das Auto – Hann er bíllinn.

Das Auto.

**HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is**

Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi

HEKLA

# Hillary og Hreggviðsson

Í **Dagbók Þráins Bertelssonar** er fjallað um leyndardómsfull austræn fræði, vikið að lækni sem í misgripum sagaði fót af sjúklingi, fjallað um hamslausan trúarofsa í samtímanum, minnst á bilaða vatnsdælu, Hillary Clinton og Jón Hreggviðsson, og loks er stefnt að jákvæðari lífssýn í framtíðinni.



## KÆRA DAGBÓK

**Þráinn Bertelsson skrifar**

**LAUGARDAGUR, 5. JANÚAR.**

### Varta á nefi Reykjavíkur

Í dag fór ég á námskeið í austrænum fræðum. Það var mjög fróðlegt og á morgun heldur námskeiðið áfram og ég fæ að vita meira.

Það er undarlegur þessi vandræðagangur með gömlu húsin neðst á Laugaveginum.

Þeir sem vilja rífa húsin benda réttilega á að þau séu gömul og ljót og fúin og úr sér gengin.

Allt er það satt og rétt, enda er fyrir löngu búið að rífa flest fallegu húsin sem byggð hafa verið á Íslandi, svo sem Uppsalahúsið og Fjalakötturinn. Hitt er svo önnur saga að gömul hús eru takmörkuð auðlind. Þau eru aðeins örfá eftir og þegar þau eru rifin eða kveikt í þeim skilja þau eftir sig skarð sem ekki er hægt að fylla í með steinsteypu.

Fyrir fimmtán árum fluttum við frú Sólveig í Grjótaþorpið og gerðum hér upp gamalt hús við Fischerssund númer 3.

Á sama tíma og við vorum að koma Norska bakaríinu aftur til lífsins mættu stórvirkar vinnuvélar til leiks hérna í nágrenni við okkur og mölvuðu niður eitt elsta hús borgarinnar, Fischerssund 1. Það hús stóð undir steinveggnum á vesturhlið Morgunblaðshallarinnar.

Þarna var vitlaust hús rifið. Auðvitað hefði átt að rífa hið ljóta steinsteypuskrímsli sem er eins og varta á nefinu á Reykjavík og leyfa Fischerssundi 1 að fá að standa og njóta sín á nýjan leik. Að horfa upp á þetta var eins og að fylgjast með lækni saga í fljótfærni fót af sjúklingi sem þurfti að losna við flís úr ilinni.



**SUNNUDAGUR, 6. JANÚAR. ÞRETTÁNDI DAGUR JÓLA.**

### Merkjavara úr Kolaporti

Í dag lauk helgarnámskeiðinu sem ég sótti í austurlenskum fræðum. Þarna var verið að fjalla um svokallað „Kriya-jóga“ sem er stórmerkileg hugræktaraðferð og svo leyndardómsfull að einungis útvaldir lærimeistarar mega skýra frá því hvernig þessi fræði skuli iðkuð.

Andleg iðkun er góð hvíld frá heilaþvotti hinnar stöðugu peningatilbeiðslu sem er ofsatrú, fúndamentalismi nútímans. Sá sem ekki trúir á peninga er villutrúarmaður og hættulegur samfélaginu – eða að minnsta kosti fjandsamlegur því.

Mér veitir ekki af allri þeirri fræðslu sem ég get aflað mér um andleg fræði og hugrækt. Helst þyrfti ég sennilega að ganga í öll trúfélög á landinu. Kristni, íslam, hindúatrú, gyðingdómur, allt er þetta sama tóbakið; sömu grundvallarspurningum svarað á sama hátt með mismunandi orðalagi.

Kennarinn vísar þér veginn. Sjálfur verður þú að fara í ferðalagið.

Í kvöld var íslenskur framhaldsþáttur, „Pressan“, sýndur á Stöð 2. Mér fannst þetta eins og Kolaportsútgáfa af merkjavöru – soldið raunalega mislukkuð eftirlíking af vandaðri sjónvarpsseríu (frá Danmörku).

Galdurinn við gott drama felst í því að fá áhorfandann/lesandann til að mynda tilfinningatengsl við persónur sögunnar. Við stereótýpur/pappírspersónur myndar maður engin tengsl.

Í „Næturvaktinni“ voru persónur af holdi og blóði sem vöktu áhuga hjá áhorfendum. Ef ekki væri meira blóð í íslenskum blaðamönnum en hinar daufu eftirlíkingar í „Pressunni“ gefa til kynna væru engin blöð gefin út á Íslandi nema hugsanlega skólablöð.

Í dag er þrettándinn með tilheyrandi sprengingum og fýrverkeríi.

Vaknaði kl. hálftvö eftir miðnætti við miklar sprengingar, þannig að nú er þrettándinn liðinn svona tæknilega séð og fjórtándinn genginn í garð.

Ef ég væri geðlæknir myndi ég sjá teikn um síðbernsku og þroskaleysi íslenskra karlmanna í þessari sprengingadýrkun, fyrir nú utan kynferðislega minnimáttarkennd.

Sprengingar og eldglæringar í púðri eru bara handa smástrákum sem ekki hafa enn þá uppgötvað púðrið í lífinu sjálfu.

**MÁNUDAGUR, 7. JANÚAR.**

### Til hagræðis fyrir Jóhannes?

Loksins virðast púðurbirgðir Reykvíkinga gengnar til þurrðar. Ég hef enga sprengingu heyrt í allan dag.

Í blöðunum stendur að Þorsteinn Davíðsson sé kominn til vinnu hjá dómstólum á Norðurlandi. Nú væri gráupplagt að láta þennan dugnaðarpilt fá alvöruverkefni sem er samboðið reynslu hans sem aðstoðarmanns og alveg kjörið að senda honum Baugsmálið sem er að gera alla gráhærða hérna fyrir sunnan. Ég veit ekki betur en Jóhannes í Bónus eigi lögheimili og varnarþing á Akureyri.

Það mundi spara Jóhannesi ferðalag til Reykjavíkur að fá að koma fyrir dómara í sinni heimabyggð.

Svona þarf að hugsa fyrir öllu og sýna tillitssemi í hvívetna.



**ÞRIÐJUDAGUR, 8. JANÚAR.**

### Biluð vatnsdæla

Við frú Sólveig brugðum okkur austur í Bolholt í morgun. Hér er kyrrð og hér eru norðurljós. Hvort tveggja ókeypis. Og hér í námunda við eldfjallið þorir enginn að reisa álver.

Vatnsdælan í húsinu er reyndar biluð en það kemur ekki að sök þegar flest annað í lífinu er í sæmilegu lagi og stærsta lindá landsins rennur um hlaðvarpann.



**MIÐVIKUDAGUR, 9. JANÚAR.**

### Hillary og Hreggviðsson

Í dag er hátíðisdagur.

Í fyrsta lagi er þetta merkisdagur í lífi hans Krumma míns. Hrafn Þráinsson er tuttugu og eins árs í dag.

Í annan stað er þetta sjötugsafmæli Baltasars vinar míns, en hann er einhver mesti hvalreki sem borist hefur til landsins á minni tíð.

Þegar við komum aftur í bæinn úr hinni kosmísku kyrrð á Rangárvöllunum fékk ég að vita að Hillary Clinton hefði unnið forkosningarnar í New Hampshire. Fylgið hefur greinilega rokið upp eftir að hún sýndi á sér mannlega hlið með því að beygja af í sjónvarpi.

Í frægri bók reyndi Jón Hreggviðsson að vinna samúð Árna Magnússonar með því að fara að skæla en Árni var tortrygginn og þreifaði í andlitið á karlinum og fann að hvarmarnir voru þurrir. Einhvern veginn hef ég á tilfinningunni að Hillary sé ekki minni harðjaxl en Jón Hreggviðsson.

Aumingja Árni Mathiesen. Hann er ekki jafnglúrinn og nafni hans Magnússon. Jafnvel orðvör og íhaldssöm samkunda eins og nefndin sem metur hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara velur svo neikvæð orð um stjórnsýslu hans að venjulegur blaðamaður hefði átt yfir höfði sér margra milljóna sekt fyrir meiðyrði.

Árni svarar nefndinni með hortugheitum og útúrsnúningum eins og að það skorti á gagnsæi í greinargerð nefndarinnar.

Svarið sem hann fær er að yfirlýsing hans sé ekki svaraverð vegna rangfærslna og rugls.

Það er ekki á hverjum degi sem maður sér menn standa í þeirri trú að pólitískt harakiri sé áhrifamesta leiðin til að ávinna sér traust og virðingu kjósenda – jafnvel í Suðurkjördæmi.

**FIMMTUDAGUR, 10. JANÚAR.**

### Á ljóssins vegi

Mætti í Ísland í dag í örstutta umræðu um efnahagsmál annars vegar og spillingu í embættaveitingum hins vegar.

Því miður var ég ekki vel upplagður. Á góðum degi er ég bjartsýnn í efnahagsmálum og jákvæður gagnvart því að efnilegum ungmennum sé hjálpað til að finna sér góða atvinnu.

Í dag var ég þreyttur og neikvæður, leiður á misrétti og spillingu og svartsýnn á framtíð mannkynsins yfirleitt og Íslendinga sérstaklega.

Ég ætla að halda áfram með kriya-jóga æfingarnar og reyna að verða jákvæðari og glaðari. Þá mun misrétti og spilling hverfa af sjálfu sér og mannkynið snúa á ljóssins vegu – með Íslendinga í fararbroddi.



# Allar jólavörur á 70% afslætti




áður 4.990

Nú **2.994**

CURLY WOOL motta
Litur: Ljós Stærð: 114x65cm
537940




áður 6.790

Nú **4.756**

MOSAIC ROUND spegill
3 litir:Blár,rauður og silfur
Stærð: 51cm
475907/1994097/475891




COCOSHELL
kommóða
485784
áður 34.900

Nú **17.450**

COCOSHELL
þrjú borð í setti
477598
áður 24.900

Nú **12.450**




áður 2.990

Nú **1.495**

DIAMOND gardína
Litur: rauður Stærð: 140x230cm
537414




áður 1.990

Nú **995**

CHUNKY handmálað pastasett
2 litir: natural ljós og spice rauður
555777/555791




áður 14.900

Nú **7.450**

ESCALA hilla með spegli
Litur: Svartur
ES7418B




elm01S: áður 2.990

Nú **1.495**

ELLIPSE spegill
2 stærðir Litur: Expresso
ELM01S/ELM01L




áður 49.900

Nú **24.950**

COCOSHELL bókaskápur
H180xB75xD37cm
485777




áður 12.900

Nú **6.450**

COCOSHELL pedestal
símaborð/blómastandur
467957




áður 790

Nú **395**

mag rack bast blaðakarfa
3 litir: brún, hvít og hunangslituð
496094/496070/1885650




áður 2.490

Nú **747**

LITE kertabakki
Litur: svartur/expresso
LE102J/LE102B




áður 7.990

Nú **5.593**

CHEQUERBOARD veggteppi
Stærð: 45x45cm
475310




áður 490

Nú **245**

BLUE CLASSIC vínglas
Litur: blár Stærð: H20,1x10,5cm
548144




áður 9.990

Nú **6.993**

AUTUMN GOLD vasi
Litur: Gull Stærð: H60cm
470964




áður 5.990

Nú **4.130**

MELVI baststóll
2 litir: Honey og Dark Stærð: H87 x B45 x D60cm
535267/535274

the PIER

**Full búð af fallegri gjafavöru**

Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi | sími: 522 7860
mánudagar til föstudagar 11:00 til 19:00 | laugardagar 10:00 til 18:00 | sunnudagar 12:00 til 18:00

**ÚTVARPSMAÐURINN HOWARD STERN ER 54 ÁRA Í DAG.**

*„Ég hef ímugust á öllum trúarbrögðum því þau hafa skipt fólki í hópa. Í mínum huga er enginn munur á páfanum með sinn stóra hatt og dinglandi reykskjóðu og Afríkumanni sem málar andlit sitt hvítt og tilbiður steina.“*

***Howard Stern er umdeildasti útvarpsmaður vorra tíma, en hann er þekktur fyrir að láta allt flakka og stofna til illdeilna í útsendingu.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 12.JANÚAR 1976

## Glæpadrottningin þakkar fyrir sig



Agatha Mary Clarissa Christie er án efa í hugum flestra hin eina sanna glæpasögudrottning. Hún fæddist inn í vellauðuga fjölskyldu í Torquay 15. september árið 1890 og bar eftirnafnið Miller þar til hún giftist Archibald Christie ofursta í konunglega breska flughernum árið 1914.

Hún skrifaðu um áttatíu glæpasögur og margar þeirra hafa orðið að kvikmyndum, sjónvarpsmyndum og sjónvarpsþáttum. Verk hennar hafa verið þýdd á um það bil hundrað tungumál og meðal þekktustu persóna sem hún skapaði eru Hercule Poirot og Miss Marple.

Einnig hefur leikverk hennar, Músagildran, unnið sér til frægðar að vera eitt vinsælasta verk leiklistarsögunnar en það hefur gengið fyrir fullu húsi í London, síðan það var frumsýnt 25. nóvember árið 1952.

Agatha skrifaði einnig undir nafninu Mary Westmacott og þegar hún giftist seinni manni sínum, fornleifafræðinginum Max Mallowan, bætti hún eftirnafni hans við hið fyrra. Þó hélt hún áfram að skrifa undir nafninu Agatha Christie sem fyrr. Hún lést 12. janúar árið 1976 í Wallingford 86 ára að aldri og hafði þá verið sæmd nafnbótinni lafði.

**MERKISATBURÐIR**

- **1830** Síðasta aftaka á Íslandi þegar Friðrik Sigurðsson og Agnes Magnúsdóttir voru líflátin fyrir morð í Vatnsdalshólum.
- **1950** Sovétríkin taka upp dauðarefsingu fyrir föðurlandssvik, njósnir og spellvirki.
- **1952** Tennessee-háskóli hleypir inn fyrsta svarta stúdentinum.
- **1970** Boeing 747 flýgur jómfrúrferð sína.
- **1989** Idi Amin rekinn burt frá Saír.
- **1993** Samningur um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu samþykktur á Alþingi.
- **1995** Réttarhöld yfir O.J. Simpson hefjast í Los Angeles.

AFMÆLI



**GUNNLAUGUR LÁRUSSON TÓNLISTARMAÐUR 32 ÁRA.**



**BJÖRN THORS LEIKARI ER 30 ÁRA.**

**HREINN LOFTSSON HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR 52 ÁRA.**



**ELÍSABET ÞORGEIRSDÓTTIR RITHÖFUNDUR 53 ÁRA..**





**ÁSTA MÖLLER ÞINGMAÐUR 51 ÁRS.**



**SILJA HAUKSDÓTTIR LEIKSTJÓRI 32 ÁRA.**



**KA FAGNAR** Tryggvi Gunnarsson hjá afmælisnefnd KA hefur staðið að undirbúningi síðastliðið hálft ár ásamt félögum sínum í afmælisnefnd.

MYND/PEDROMYNDIR.IS

KNATTSPYRNUFÉLAG AKUREYRAR, KA: FAGNAR ÁTTATÍU ÁRA AFMÆLI

## „Frábært félag með stórt hjarta“

Knattspyrnufélag Akureyrar, KA, var stofnað af tólf piltum 8. janúar árið 1928. Í dag eru félagar um 3.000 og iðkendur um 1.000 og auk knattspyrnu er nú stundaður handbolti, blak og júdó á vegum félagsins.

Afmælishátíðin er þegar hafin en að sögn Tryggva Gunnarssonar í afmælisnefnd hefur undirbúningur staðið yfir leynt og ljóst í hálft ár.

„Við hófum hátíðina með köku og kaffi á opnu húsi á sjálfan afmælisdaginn. Þá mættu til okkar um sex hundruð manns hérna í KA-heimilinu og fögnuðu þessum tímamótum með okkur,“ segir Tryggvi. Fram undan er gríðarleg afmælisveisla í kvöld sem hefst á þriggja rétta kvöldverði. „Allir KA-menn, velunnarar félagsins og þeir sem vilja heiðra félagið á þessum tímamótum eru hjartanlega velkomnir í veisluna í kvöld. Veislustjóri er Friðfinnur Hermannsson sem er gamall afreksmaður úr KA í knattspyrnunni og ræðumaður kvöldsins er enginn annar en Ragnar Sót Gunnarsson, eða Raggi sót skriðjökull sem er heimsfrægur á Íslandi,“ segir Tryggvi. Í kvöld mun félagið einnig veita heiðursverðlaun sem eru brons-, silfur- og gullmerki KA. Að sögn Tryggva er einnig búið að stofna KA-bandið sem mun leika allt frá ættjarðarlögum til sambasveiflu en hann vill ekkert gefa uppi um hverjir skipa þá sveit. „KA-bandið mun starta ballinu, síðan syngur Óskar Pétursson Álftagerðisbróðir nokkur lög, en svo tekur Páll Óskar við og leikur fyrir dansi fram á rauða nótt,“ segir Tryggvi sem segir mikla uppbyggingu á vegum félagsins fram undan og nefnir betri knattspyrnuvöll og stúkur við KA-svæðið og nýja íþróttaaðstöðu í Naustahverfinu sem er nýtt hverfi á Akureyri. Sjá www.ka-sport.is **rh@frettabladid.is**




*Systir okkar*

**Bjarnfríður Sigurðardóttir**

frá Hamraendum, Stafholtstungum,

er látin. Útförin fór fram í kyrrþey.

**Sigríður Sigurðardóttir**
**Ólöf Sigurðardóttir**
**Ída Sigurðardóttir**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Valdimar R. Jónsson,**

til heimilis að Hjúkrunarheimilinu Hrafnistu, Reykjavík,

lést hinn 9. janúar sl. Útförin fer fram frá Langholtskirkju fimmtudaginn 17. janúar nk. kl. 13.00.

**Jón Valdimarsson** — **Hafdís Arnkelsdóttir**
**Herdís K. Valdimarsdóttir** — **Jón Grettisson**
**Bryndís M. Valdimarsdóttir** — **Ólafur W. Finnsson**
**Valdís Valdimarsdóttir** — **Kristján H. Kristinsson**
**Ásdís Valdimarsdóttir** — **Helgi Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og stuðning við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Áslaugar Jónsdóttur,**

Hrísalundi 4c, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heimahlynningar Akureyri fyrir einstaka umönnun í veikindum hennar.

**Björn J. Jónsson** — **Halldóra Steindórsdóttir**
**Sævar Ingi Jónsson** — **Elín Jóhanna Gunnarsdóttir**
**Ingibjörg Jónsdóttir**
**Rósa Friðriksdóttir** — **Ólafur Halldórsson**
**Atli Örn Jónsson** — **Arnfríður Eva Jónsdóttir**
**Jón Már Jónsson** — **Unnur Elín Guðmundsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**



*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför okkar ástkæru eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,*

**Arndísar Guðrúnar Óskarsdóttur**

(Lillý) Framnesi.

Guð blessi ykkur öll.

**Broddi Skagfjörð Björnsson**
**Sigrún Þuríður Broddadóttir** — **Steindór Gunnar Magnússon**
**Hrafnhildur Ósk Broddadóttir** — **Jón Thorberg Jensson**
**Óskar Gísli Broddason** — **Lára Gunndís Magnúsdóttir**
**Hjördís Edda Broddadóttir** — **Gunnar Kjartansson**
**Birna Björk Broddadóttir** — **Odd Kjøsnes**
**og ömmubörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Bergþóra Stefánsdóttir**

frá Haugum, síðar Lagarási 2, Egilsstöðum

lést á sjúkrahúsinu á Egilsstöðum 10. janúar. Útförin fer fram frá Egilsstaðakirkju hinn 19. janúar kl. 14.00

**Þorgerður Jónsdóttir** — **Sveinlaugur Björnsson**
**Ingifinna Jónsdóttir** — **Arnór Benediktsson**
**Haukur Jónsson** — **Ragnhildur Þórhallsdóttir**
**Sigrún Jónsdóttir** — **Vignir Páll Þorsteinsson**
**Jóna Björg Jónsdóttir** — **Snorri Tómasson**
**Stefán Jónsson** — **Hugrún Sveinsdóttir**
**Hrólfur Árni Jónsson** — **Ástríður Vala Gunnarsdóttir**
**Anna Gunnlaugsdóttir** — **Agnar Eiríksson**
**og aðrir aðstandendur.**


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Opnum kl. 10 í dag
Ferskar Holta kjúklingabringur
40% AFSLÁTTUR
1559
1559 kr/kg
Merkt verð: 2599 kr/kg
Ferskur kjúklingur á góður verði
30-40% afsláttur.
314
395
395
Kjúklingabitar 30% afsláttur
314 kr/kg. Merkt verð 449 kr/kg
Kjúklingalæri 395 kr/kg.
Merkt verð 659 kr/kg.
Kjúklingaleggir 395 kr/kg.
Merkt verð 659 kr/kg.
Óðals ferskt grísakjöt
898
498
Óðals grísakótilettur 898 kr/kg.
Óðals grísahakk 498 kr/kg.
159
Froosh
Froosh Smoothie 250 ml 20% afsláttur
159 kr glasið. Verð áður 198 kr.
40% AFSLÁTTUR
Á borðið
UNGNAUTAHAKK
100%ungnautahakk
40% AFSLÁTTUR
798 kr.kg
Merkt verð: 1330 kr/kg
KS Frosið lambalæri
20% AFSLÁTTUR
879 kr.kg
Merkt verð: 1098 kr/kg
BÓNUS
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARD: 10-18 SUNNUD. 12 -18




**KÚGUN** Guðmundur segir kúgunarstjórnir gjarnan beita fyrir sig kenningum um afstæði mannréttinda. Það þjóni hagsmunum þeirra, ekki borgaranna í þessum löndum. NORDICPHOTOS/AFP

# *Mannréttindi til útflutnings*

**Guðmundur Alfreðsson**, prófessor í alþjóðalögum og fyrrverandi framkvæmdastjóri Raoul-Wallenberg-stofnunarinnar í Lundi í Svíþjóð, tjáir *Auðuni Arnórssyni* í viðtali að útbreiðsla mannréttinda sé mjög verðugt „útrásarverkefni“ fyrir Íslendinga.

Guðmundur Alfreðsson, prófessor í alþjóðalögum og fyrrverandi framkvæmdastjóri Raoul-Wallenberg-stofnunarinnar í Lundi í Svíþjóð, segir útbreiðslu mannréttinda vera mjög verðugt „útrásarverkefni“ fyrir Íslendinga.

Guðmundur var meðal ræðumanna á málþingi um mannréttindi í utanríkisstefnu Íslands, sem fram fór á vegum Háskólans á Akureyri innan ramma háskólafundaraðarinnar „Ísland á alþjóðavettvangi – erindi og ávinningur,“ sem haldið er í samstarfi utanríkisráðuneytisins og háskólanna í landinu.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra lýsti því yfir í sínu erindi á málþinginu að mannréttindi væru nú „forgangsmál í utanríkisstefnu Íslands“. Sagði hún þetta ekki síst í tengslum við það hvað Ísland hyggist standa fyrir sem aðili að öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, ef það nær kjöri til setu í því tímabilið 2009-2010.

**Mannréttindi inn í öryggisráðið**

En þar sem öryggisráð Sameinuðu þjóðanna er ekki mannréttindaráð þess var Guðmundur fyrst spurður hvaða máli mannréttindi skiptu í starfi öryggisráðsins.

„Í æ ríkari mæli hafa ályktanir frá ráðinu nefnt mannréttindi og jafnvel fjallað um mannréttindi, bæði í tengslum við mannréttindabrot sem ástæður átaka og mannréttindareglur sem tæki til að koma í veg fyrir átök eða byggja upp lönd eftir átök,“ svarar Guðmundur. „Þannig að það er enginn vafi í dag að það eru talin tengsl milli mannréttindanna og friðar og öryggis í heiminum.“

Guðmundur bendir á að þetta komi líka fram í yfirlýsingu Kofi Annan, þáverandi framkvæmdastjóra SÞ, um mannréttindi í starfi SÞ („mainstreaming of human rights“). Þá hafi öryggisráðið á síðustu árum ítrekað boðið eftirlitsfulltrúum mannréttindanefndar SÞ til að flytja ráðinu skýrslu um mannréttindamál á tilteknum svæðum. Ráðið hafi hlýtt á slíkar skýrslur um ástandið í Júgóslavíu, Rúanda og Súdan. „Þannig að þarna eru tengslin að aukast,“ heldur Guðmundur áfram. „Fyrir 20-30 árum, í kalda stríðinu, mátti ekki nefna mannréttindi í öryggisráðinu, en í dag er það orðið nokkuð algengt og er komið inn í ályktanirnar.“

Þótt Guðmundur taki undir það að öryggisráðið sé eina stofnun SÞ sem hafi áþreifanlegt vald, þá sé það valdsvið takmarkað „að því marki að það getur aðeins fjallað um frið og öryggi. Þá getur það bara fjallað um mannréttindi að því marki sem þau varða frið og öryggi“.

**Hentistefna stórvelda**

Spurður hvort það sé þó ekki tilfellið að mannréttindi séu notuð nokkuð hentistefnulega af hálfu öryggisráðsins játar Guðmundur því. „Því miður er það ennþá tilfellið í Sameinuðu þjóðunum að stóru löndin, aðallega fastafulltrúarnir með neitunarvaldið í öryggisráðinu, hafa komið í veg fyrir að mannréttindunum sé snúið upp á þau sjálf.

En ef litið er á heildarþróunina undanfarinn áratug eða tvo hefur æ meira verið hægt að fjalla um mannréttindamál að minnsta kosti í öðrum stórum ríkjum, sem ekki var hægt áður, og það er byrjað að fjalla um mannréttindi til dæmis í meðferð Bandaríkjamanna á föngum í Guantánamo-flóa-fangabúðunum. Eftirlitsfulltrúar mannréttindaráðsins eru að skrifa skýrslu um það. Það er vissulega enn svo, að Bandaríkjamenn njóta í krafti síns valds og lobbýing-möguleika alls konar undantekninga frá reglunni. En í æ ríkari mæli tekst SÞ að halda uppi eftirliti alls staðar um heiminn.“

**Fátækt sem mannréttindabrot**

Á málþinginu á Akureyri var nefnt að fátækt hefði verið skilgreind sem mannréttindabrot. Hver eru rökin fyrir því?

„Það er viðurkennt af mannréttindaráði SÞ að fátækt, sérstaklega hinna örsnauðu, sé venjulega tengd mannréttindabrotum og hún sé jafnvel brot í sjálfu sér. Rökin sem búa að baki því eru að það er oftast misskipting eða misrétti sem veldur því að fátæktin verður til og viðhelzt,“ útskýrir Guðmundur. Oft og tíðum sé minnihlutahópum í þjóðfélögum mismunað, og það leiði til þessarar fátæktar. „Fátæktin viðhelzt vegna þess að þessu sama fólki er mismunað varðandi möguleika á skólagöngu til jafns við aðra, heilbrigðisþjónustu til jafns við aðra, atvinnu til jafns við aðra. Það er margt sem tengir mannréttindi við fátæktina.“

Þarna er þá líka tenging mannréttinda við þróunarsamvinnu?

„Já, en það tengist að mínu mati líka öryggismálum,“ segir Guðmundur. „Því að það er oft og tíðum svo að minnihlutahópar eða aðrir aðilar að átökum eru í uppreisn eða taka upp vopn vegna örbirgðar, vegna vonleysis. Þannig að fátæktin á þannig líka heima á öryggismálasviðinu. Það tengist oft því að fátækir njóta ekki jafns aðgangs að vatni, sem er gjarnan álitin mest vaxandi hættan á því sviði.“



**GUÐMUNDUR ALFREÐSSON** Hefur starfað í áratugi að fræðslu um og útbreiðslu alþjóðlegrar mannréttindalöggjafar.

**Allir tapa á undirokun**

En hvað segir Guðmundur þá um athugasemdir í þá veru, að hinir fátækustu eigi mestu sökina sjálfir á að takast ekki að brjótast út úr fátæktinni þar sem þeir eignist svo mörg börn og viðhaldi þar með eymdinni og bjargarleysinu?

Guðmundur svarar því til að í flestum tilvikum sé það svo, að þeir fátækustu njóta ekki menntunar eða heilbrigðisþjónustu til jafns við aðra. „Það eru til tölur sem sýna að þegar menntastigið vex, sérstaklega þegar menntun og skólun kvenna eykst, þegar heilbrigðisþjónustan batnar, þá lækkar fæðingartíðnin.“

Hann vísar til þess að í fræðirannsóknum á þessu sviði sé almennt komizt að þeirri niðurstöðu að þessi fólksfjölgun í röðum hinna fátækustu haldist í hendur við skólagöngu, menntunarmöguleika og heilbrigðisþjónustu. „Og ef það er verið að mis-



**Matreiðslunámskeið**

Heimsreisa bragðlaukanna kynnist framandi kryddum og lærið að matreiða holla og ljúffenga grænmetisrétti á einfaldan máta.

**Staður:** Hússtjórnarskóli Reykjavíkur
**Dagsetning:** 26 janúar, 2 febrúar, 9 febrúar 16 febrúar.
**Tími:** Kl 10-15.

Nánari upplýsingar á modirnattura.is og í síma 862-8296.

**Kennarar:** Valentína Björnsdóttir og Karl Eiríksson.

**Frönsku**námskeið

**hefjast 21. janúar**

Námskeið fyrir byrjendur og lengra komna.

AllianceFrançaise
Tryggvagata 8,
101 Reykjavík,

**Innritun í síma 552 3870 7.-18. janúar**

Veffang: www.af.is
Netfang: alliance@af.is






„Ég gat ekki hætt að hugsa um blæjubjölluna eftir að ég sá hana á sportbílasýningunni," segir Ólína Sigríður, öðru nafni Lóly.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Kiknaði alveg í hnjánum þegar hún sá bjölluna

***Svört bjalla með blæju. Eitthvað sem vert er að skoða. Eigandinn, Ólína Sigríður Þorvaldsdóttir, verslunarstjóri hjá Gullsmíði Siggu & Timo, tók beiðni um viðtal vel.***

„Kallaðu mig Lóly, það þekkir mig enginn öðruvísi," segir hún glaðlega áður en bílaspjallið hefst. Hún upplýsir að svarti eðalvagninn sem stendur í hlaðinu sé fjórða Volkswagenbjallan sem hún og eiginmaðurinn kaupi nýja úr kassanum og blæjubjalla númer tvö. „Við fengum þennan ágæta bíl í júní á síðasta ári en áttum áður 2004-módel af sömu gerð. Sá kom hingað það ár á sportbílasýningu í Laugardalshöll. Vinafólk okkar var að vinna í Heklu og sagði okkur frá honum og þegar ég sá hann þá kiknaði ég í hnjánum. Síðan gat ég ekki hætt að hugsa um hann.

Við erum þannig, ég og minn maður, að við viljum alltaf vera á öðruvísi bílum en flestir aðrir. Finnst það skemmtilegra. Við erum bara tvö í heimili og þurfum ekki stærri bíl en þennan. Hann talar reyndar um þennan sem „konubílinn" svo kannski á hann sér leyndan draum um stærra farartæki. Verkfærakassinn hans ber nú eiginlega vott um það!"

Léttleikinn lýsir af bílnum hennar Lólýar langar leiðir. Hann er líka leðurklæddur að innan og með öllum þægindum. Hún verður heldur ekki rengd þegar hún segir að hrikalega gaman sé að keyra hann. „Bjallan er skráð með 1,8 túrbó vél og er mjög skemmtileg í akstri, snögg upp og spræk," segir hún og heldur áfram. „Við fengum okkur stærri felgur á hana til að flikka enn frekar upp á hana. Blæjan er margföld þannig að hún er þykk og hlý. Svo er auðvitað flott að geta tekið hana niður á góðviðrisdögum og það þarf ekkert að vera rosalega heitt til þess."

*gun@frettabladid.is*






**Dekk** þarf að hreinsa vel og vandlega annað slagið svo veggripið sé almennilegt. Eða eins og bifvélavirkinn sagði: Gott grip er gulli betra!

# Bílum breytt fyrir fatlaða

***Gera þarf sérstakar ráðstafanir með bifreiðar fyrir fatlaða svo þær séu þægilegar í notkun. Fyrirtækið Bifreiðabyggingar sérhæfir sig í breytingum og endurbótum á bílum.***

„Við höfum mikið verið í breytingum á hjólastólabílum sem eru fyrir ferðaþjónustu fatlaðra og fleiri. Svo höfum við líka verið í minni rútum, lögreglubílum, sendibílum og aðeins í húsbílum,“ segir Þorvaldur Hannesson, eigandi Bifreiðabygginga.

Gera þarf ýmsar ráðstafanir þannig að ökutæki henti fötluðum einstaklingum. „Við höfum sett brautir í bíla til að geta keyrt hjólastóla inn. Svo setjum við festingar fyrir hjólastólana með þriggja punkta öryggisbeltum og festingum niður í gólf þannig að stólarnir fari ekki neitt ef eitthvað kemur fyrir,“ útskýrir Þorvaldur og bætir við: „Það eru líka til rafmagnslyftur bæði til að hafa inni í bílnum og undir. Svo er ég í samstarfi við annan aðila að setja búnað í aksturstæki fyrir fatlaða þannig að þeir geti keyrt sjálfir.“ Þá er viðkomandi oft með fjarstýringu sem opnar rennihurð á bílnum og síðan er lyftan tekin út og þannig komast þeir sem fatlaðir eru sjálfir í bílana. Í sumum tilfellum er lyftan fyrir aftan eða í hliðarhurð. Bílstjórasætið er þá oft á rafmagnssleða þannig að fatlaður einstaklingur getur komið sér sjálfur í sætið og rennir sér síðan undir stýrið. „Maður sem er í hjólastól getur fengið þannig útbúinn bíl að hann þurfi enga aðstoð við bílinn. Þá er stöng tengd við bremsu og bensíngjöf og í þá stöng má í raun tengja hvað sem er – flautu, stefnuljós, aðalljós og svo framvegis,“ segir Þorvaldur.

Í flestum tilfellum fara breytingarnar í gegnum Tryggingastofnun. „Þá fá menn einhverja niðurfellingu á bílverðinu en Tryggingastofnun greiðir búnaðinn í bílinn. Þá er beiðnin búin að fara í gegnum kerfið og Tryggingastofnun sendir út leyfi fyrir þeim búnaði sem settur er í bílinn,“ segir Þorvaldur. Ljóst er að bílar með gott pláss að innan henta fötluðum einna best. „Þegar menn eru að kaupa bíla fyrir sjálfa sig taka þeir oft Mercedes Benz, Volkswagen eða Ford.



Þorvaldur breytir og bætir allar stærðir bifreiða en hefur mikið fengist við að breyta bílum þannig að þeir henti fötluðum.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Bílaumboðið Askja er með Benz, Hekla með Volkswagen og Brimborg með Ford Transit. Ferðaþjónustufyrirtæki fyrir fatlaða hafa verið mikið með Ford Transit og Benz. Þetta eru bílar þar sem bílstjórarnir sem eru í þessum flutningum geta jafnvel gengið upprétttir og þeir eru einnig rúmgóðir upp á fjölda hjólastóla. Það er þá hægt að setja marga hjólastóla í einu og jafnvel sæti fyrir gangandi líka,“ segir Þorvaldur þúsundþjalasmiður.

hrefna@frettabladid.is



Skoda Octavia Scout er rúmgóður fjölskyldubíll.

# Frumsýning á Íslandi

***Hekla frumsýnir í dag Skoda Octavia Scout.***

Skoda Octavia Scout er öflugur og rúmgóður fjölskyldubíll með 140 hestafla dísilvél. Hann er búinn ýmiss konar staðalbúnaði og má þar nefna fjarlægðarskynjara, loftkælingu og ESP-stöðugleikakerfi.

Frumsýning á bílnum fer fram í sýningarsal Skoda, Laugavegi 172, í Reykjavík og hjá umboðsmönnum HEKLU á Akureyri, Selfossi og í Keflavík á milli klukkan 10.00 og 14.00 í dag.

- eö

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

KERRUÖXLAR
Í ÚRVALI
og hlutir
til kerrusmíða



FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

VAGNAR & ÞJÓNUSTA
WWW.VAGNAR.IS
S: 567-3440
TUNGUHÁLS 10





Eigum á lager allt efni til kerrusmíða s.s
Öxla, felxitora, dekk, felgur, dráttartengi og allan ljósabúnað
Einnig gúmmísteypu á gólf í hesthúsum og kerrum



Nýr 2008 Renault Master DCI 120 millilangur háþekju.
Skilrúm með glugga, plata í botni ofl.
Listaverð með þessum búnaði 3.650.000,- með vsk.
Okkar verð: 3.061.000,- með vsk
2.459.000,- án vsk.
Þú sparar 588.545 þúsund.
www.sparibill.is
SPAR bíll
Fiskislóð 16
Sími: 577 3344



Álfelgur aukabúnaður á mynd.
Nýr 2008 Renault Trafic stuttur disel.
Skilrúm með glugga, plata í botni ofl.
Listaverð með þessum búnaði 2.690.000,- með vsk.
Okkar verð: 2.290.800,- með vsk
1.840.000,- án vsk.
Þú sparar um 400 þúsund.
www.sparibill.is
SPAR bíll
Fiskislóð 16
Sími: 577 3344

BMW 745 IA



Árg 06/02. Ekinn 83 þ. Ssk, leður, lúga, sími og m.fl.
Fallegur bíll
Ásett 4.990 þús. Áhvl 4.600.
Fæst á yfirtöku.
Uppl i s 848 0944.

**Ástralía** er skemmtilegt land heim að sækja og mikið ævintýri þar sem landið er svo ólíkt okkar, enda hinum megin á hnettinum. Þrátt fyrir það er auðvelt að ferðast þar því tungumál er engin fyrirstaða ef maður kann ensku.



Séð yfir Funchal, höfuðborg Madeira. MYNDIR/GETTY

# Páskar á eyju elskenda

***Hún er kölluð eyja elskenda, perla Atlantshafsins og eyja hins eilífa vors; paradísareyjan Madeira undan ströndum Marokkó.***

„Þangað ætlum við um páskana og gista á fjögurra stjörnu hóteli með glæstu útsýni til sjávar og öllum hugsanlegum þægindum,“ segir Inga Sólnes, eigandi Gestamóttökunnar, sem býður Íslendingum tvær brottfarir til Madeira í mars; frá 16. til 30. mars og 20. til 30. mars, en vegna páska henta ferðalög vinnualmanakinu vel með fáum frídögum frá vinnu.

„Madeira er eldfjallaeyja eins og Ísland og annáluð fyrir náttúrufegurð. Við strendurnar eru sums staðar hrikalegir sjávarhamrar og inni í landi fjallshryggir, sigdældir og dalir. Eyjan er paradís útivistarfólks og göngugarpa um fjöll og firnindi, en boðið verður upp á skipulagðar skoðunarferðir á staðnum,“ segir Inga, og góða golfvelli er einnig að finna á Madeira.

„Eyjan hefur heillað fólk allt frá því hún var numin af Portúgölum á fimmtándu öld. „Hvíta gullið“ var sykur eyjunnar kallaður, en þegar best lét var Madeira stærsti útflytjandi sykurs til Evrópu. Seinna snerist frægð eyjunnar um hið rómaða Madeiravín sem getið er um í verkum Shakespeares, og í dag gerir milt veðurfar, hitabeltisgróður og stórfenglegt landslag Madeira að einum eftirsóttasta stað náttúruunnenda og þeirra sem vilja njóta slökunar og sólbaða á hvaða árstíma sem er,“ segir Inga um þessa dásamlegu eyju þar sem íbúarnir 250 þúsund lifa að mestu á landbúnaði og fiskveiðum og flestir í höfuðborginni Funchal.



Skýin sleikja Curral das Freiras-fjallgarðinn á Madeira.



Grænmetis- og ávaxtamarkaður í Funchal.

„Þótt Madeira sé aðeins 736 ferkílómetrar að stærð eru fáir staðir í veröldinni sem bjóða jafn mikla fjölbreytni í landslagi, en þarna má finna öll gróðurbelti jarðar, og vegna legu og lögunar landsins getur veður verið mismunandi á sama tíma. Þannig rignir oft norðan megin á eyjunni og í fjöllum, en sunnan megin blása samtímis þurrir og heitir fönvindar. Á sunnanverðri eyjunni er reyndar svo lítil úrkoma að grafnir hafa verið áveituskurðir þar sem vatn er leitt úr fjöllum og hásléttum niður til hins þurra láglendis og kallast „levadas“, en skurðirnir liggja sem net um alla eyjuna,“ segir Inga sem hlakkar til að verja páskum á Madeira.

„Þarna er margt svo spennandi að skoða og við bjóðum upp á skoðunarferðir af ýmsu tagi; meðal annars til heimabæjar Kristófers Kólumbusar og til hins myndræna fiskibæjar Camara de Lobos þar sem Winston Churchill sat löngum og málaði. Þá er maturinn sælgæti á Madeira og stinglax einn vinsælasti rétturinn, en þar er mikil grænmetis- og ávaxtarækt og má víða sjá bananaekrur, eins og þá sem stendur við hliðina á hótelinu.“

Fararstjóri verður Jón Kristleifsson sem hefur verið fararstjóri á Madeira til fjölda ára og er staðhátt-um mjög vel kunnur.

Nánari upplýsingar á www.gestamottakan.is

*thordis@frettabladid.is*

## Á sagnaslóðir

SAGNASLÓÐIR Á REYKJANESI I ER TILTÖLULEGA NÝÚTKOMIN BÓK SEM UPPLAGT ER AÐ NOTA SEM LEIÐSÖGN UM SÖGU, MINJAR OG LANDSLAG Á REYKJANESI.

Ritinu Sagnaslóðir á Reykjanesi I er ætlað að vekja áhuga á forvitnilegum slóðum suður með sjó. Hentugt er að taka það með sér í bílinn og aka á einhvern þeirra staða sem fjallað er um. Það byggist á efni sem leiðsögumenn Reykjaness fluttu á sagnakvöldum víðs vegar á Reykjanesi á síðustu árum. Sigrún Jónsdóttir Franklín skipulagði sagnakvöldin, tók efnið saman, ritstýrði og sjf menningarmiðlun er útgefandi að ritinu.



*- gun*


VW Fox eða sambærilegur

Vika í Þýskalandi

frá 18.400 kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.

Bókaðu bílinn heima

- og fáðu 500 Vildarpunkta

ÍSLENSKA/SIA.IS/HER 36919 04/07

Hertz

522 44 00 • www.hertz.is



Skíðaveisla í Austurríki

15. og 26. janúar

frá kr. 19.990



**Vikuferð frá 49.990 – flug og gisting**

Heimsferðir bjóða beint morgunflug til Salzburgar í vetur og þar með tryggjum við þér aðgang að bestu skíðasvæðum Austurríkis, s.s. Flachau, Lungau og Zell am See. Bjóðum nú frábært sértilboð á allra síðustu sætunum í janúar. Bjóðum 11 nátta ferð 15. janúar og 7 nátta ferð 26. janúar. Í boði er sértilboð á Hotel Speiereck í Lungau og á hinu glæsilega Hotel Unterberghof í Flachau. Tryggðu þér flugsæti og gistingu á besta verðinu og taktu þátt í skíðaveislu Heimsferða í Austurríki næsta vetur. Mjög takmarkaður framboð á þessum frábæru kjörum!

Kr. 19.990
Flugsæti með sköttum. Sértilboð 15. janúar. Flugsæti með sköttum 26. janúar kr. 29.990.

Kr. 49.990
Flug og gisting í viku
Nettverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á gististað "án nafns" í Zell am See / Schuttdorf (sjá skilmála "stökktu tilboðs") með morgunverði í 7 nætur. Sértilboð 26. janúar.

Kr. 69.990
7 eða 11 nátta ferð með hálfu fæði
Nettverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Skihotel Speiereck í Lungau með hálfu fæði í 7 (26. jan.) eða 11 nætur (15. jan.). Sértilboð 15. eða 26. janúar.

Kr. 94.590
– Frábært **** hótel með hálfu fæði
Nettverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Unterberghof í Flachau með hálfu fæði í viku, sértilboð 26. janúar. Sértilboð í 11 nátta ferð 15. jan. m.v. gistingu í tvíbýli kr. 99.990.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is





**Veski** eru líkt og skór – konur eiga aldrei nóg af þeim! Nú er um að gera að fjárfesta í sætri tösku eða veski á útsölunum.








# Árshátíðarkjólar á útsölu

***Nú eru útsölurnar í fullum gangi og tilvalið að reyna að gera góð kaup á alls konar fatnaði.***

Árshátíðatímabilið er til dæmis fram undan og ekki vitlaust að reyna að finna draumakjólinn einhvers staðar á góðu verði. Í sumum verslunum er útsöluafsláttur mjög mikill og því hægt að eignast vandaðar flíkur á gjafverði.

*emilia@frettabladid.is*



**COSMO** Upphaflegt verð: 19.900 kr. Útsöluverð: 11.900 kr.



**COSMO** Upphaflegt verð: 9.900 kr. Útsöluverð: 5.990 kr.



**VERO MODA** Upphaflegt verð: 3.990 kr. Útsöluverð: 1.990 kr.



**ALL SAINTS** Upphaflegt verð: 38.990 kr. Verð með 40 prósenta afslætti: 23.394 kr.




# hús&heimili

LAUGARDAGUR 12. JANÚAR 2008



**HÖNNUN**

## Nammilampar og hliðstæðu-klukkur

**HEIMILIÐ**

## Íslenskt grjót í öndvegi

**INNLIT**

## Dýrðlegar svítur hótelanna

FRÉTTABLAÐIÐ


DISCOVER THE ORIGINAL EASTERN TASTE IN THE WEST




INDIAN LUNCH
950.-
From 11:30–16:00

INDIAN - PAKISTANI CUISINE
AUSTURSTRÆTI 4, Tel: 551 0292 , www.shalimar.is

INDIAN DINNER
1150.-
From 16:00–22:00



HEIMILISHALD
MARTA MARÍA JÓNASDÓTTIR

# Janúar í Myrkralandi

Hvernig er hægt að breyta venjulegum grámyglulegum janúar í algera ævintýraferð án þess að skreppa til Balí? Ég mæli með því að fólk hugsi út fyrir rammann, taki inn nýjar hugmyndir og leyfi sköpunarkraftinum að njóta sín. Labbaðu út í bókabúð og keyptu þér nokkur húsbúnaðarblöð og merktu við blaðsíðurnar sem þér líst vel á. Janúar er mánuðurinn til að framkvæma. Í þessum mánuði eru hvorki jól, páskafrí, heimsmeistaramót né sumarfrí að þvælast fyrir okkur og því ekkert annað í stöðunni en að brjótast út úr viðjum vanans. Í ofanálag eru útsölur í flestum verslunum og því hægt að krækja í klósett, flísar, málningu, veggfóður, blöndunartæki og húsgögn á góðu verði.

Íslendingar geta oft og tíðum verið ótrúlega smeykir þegar kemur að hönnun á heimilum. Allt á að vera svo stílhreint, klassískt og heppilegt að „dekkóið“ leyfir engin frávik. Oft þorir fólk heldur ekki að framkvæma, þótt ekki skorti hugmyndirnar, fyrr en nágranninn er búinn að gera slíkt hið sama. Þá er hlaupið til þegar fólk sér að því er óhætt. Þessi hugsunarháttur gerir það að verkum að það er svolítið svipað umhorfs heima hjá allt of mörgum. Ef við myndum hugsa svona þegar við kaupum okkur föt myndum við bara klæðast svörtum buxum og hvítum skyrtum, alla daga ársins og líka á jólunum. Íslendingar eru til að mynda hræddir við litaða veggi og það veggfóðrar enginn heima hjá sér nema að vera pínu „flippaður“. Svört málning er til dæmis stórlega vanmetin, en ég elska hana, því mér finnst hún gera kraftaverk inni á réttum heimilum. Þegar ég tala um svarta málningu fá margir hland fyrir hjartað. Um daginn hringdi ég í frænku mína og sagði henni að ég ætlaði að bæta við fleirum svörtum veggjum inni á heimilinu. Á hinum enda línunnar varð þögn en svo stundi hún upp: „Þú ætlar sem sagt að breyta heimilinu í Myrkraland.“ Ég hló nú bara að þessu því að mála of marga veggi svarta hljómar kannski ekki sérlega vel en það kemur ótrúlega vel út. En með því að mála herbergi svart þarftu að huga að öllum smáatriðum. Lýsing þarf til dæmis að vera afburðagóð með nokkrum möguleikum, gluggatjöld þurfa að vera létt og ekki væri verra að blanda platínulituðum húsgögnum við, smá gulli og nokkrum pallíettum. Einhver sagði að pallíettupúðalaus tilvera væri ígildi andlegrar stöðnunar.

> Ef við myndum hugsa svona þegar við kaupum okkur föt myndum við bara klæðast svörtum buxum og hvítum skyrtum, alla daga ársins og líka á jólunum.

Ást mín á svarta litnum hófst fyrir nokkrum árum þegar ég eignaðist kolsvart baðherbergi. Ég átti reyndar ekki hugmyndina að því, fyrri eigandi var með höfuðið rétt skrúfað á og vissi hvað hann var að gera. Allir veggirnir voru svartir nema einn, hann var speglaklæddur uppúr og niðrúr með góðri lýsingu. Eini gallinn var að á móti speglaklædda veggnum var klósettið.

Nú er bara að hoppa upp úr sófanum og byrja, þetta hefst ekki öðruvísi.



Hvíti hesturinn sem trónir til hliðar við sófann er eftir listakonuna Höllu Gunnarsdóttur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Rauður, grænn, gylltur og svo rauður á ný

● Sófi Lovísu Óskar Gunnarsdóttur dansara hefur margoft skipt um eigendur og tekið ýmsum breytingum í gegnum tíðina.

Lovísa Ósk Gunnarsdóttir, dansari hjá Íslenska dansflokknum, á gamlan sófa sem hefur tekið miklum breytingum í gegnum tíðina en er nú kominn í upprunalegt horf. „Sófann keyptu amma mín og afi í kringum 1950 í Trésmiðju Víðis sem var á Laugaveginum. Um tíma var hann í eigu vinkonu ömmu minnar en þegar foreldrar mínir fóru að búa fengu þau hann. Nú er hann svo kominn í mínar hendur,“ segir Lovísa Ósk.

Sófinn var upphaflega rauður en amma hennar setti á hann grænt áklæði. „Hann var svo aftur bólstraður rauður en mamma klæddi hann með gylltu munstrefni. Nú er hann enn á ný orðinn rauður og á sér heiðurssess í stofunni hjá mér,“ lýsir Lovísa en segist þó aðeins hafa þurft að berjast fyrir tilverurétti hans þegar keypt voru ný húsgögn í stofuna.

Í litlum glugga til hliðar við sófann trónir svo skúlptúrhestur eftir listakonuna Höllu Gunnarsdóttur. „Maðurinn minn féll fyrir risastórri útgáfu af hestinum en Halla gerði aðeins minni fyrir okkur. Það má segja að þetta sé uppáhaldshornið mitt á heimilinu og þar er gott að láta líða úr sér eftir langar æfingar,“ upplýsir Lovísa Ósk.

Lovísa Ósk hefur dansað með Íslenska dansflokknum undanfarin ár og þessa dagana standa yfir æfingar fyrir febrúarsýninguna sem verður frumsýnd í Borgarleikhúsinu hinn 22. febrúar. „Þar munum við annars vegar sýna verk eftir Svíann Alexander Ekman og hins vegar eftir Norðmanninn Jo Strömgren,“ segir Lovísa Ósk.

- ve



● **Forsíðumynd:** Sófabekkur úr baðkari frá vefversluninni www.reestore.com. **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is og Emilía Örlygsdóttir emilia@frettabladid.is. **Auglýsingar:** Ámundi Ámundason s. 517 5724 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.

## af vefnum

● **GRIKKLAND FYRIR ÁSTFANGNA** Vefsíðan www.greeceisforlovers.com er stórskemmtileg síða þar sem boðið er upp á ýmsa furðulega og hlægilega hluti. Til dæmis heklað iPod-hulstur fyrir ömmu gömlu, æfingalóð mótuð eins og grískar súlur og kerti í guðamyndum.







Danfoss ofnhitastillar

Danfoss

Háþróuð og notendavæn hitastýring sem veitir þægilega húshitun og hámarks orkusparnað
Við erum leiðandi í hönnun og framleiðslu ofnhitastilla

Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins

**LEYSTU GJAFAKORTIÐ ÞITT ÚR ÁLÖGUM**
SÝNINGIN ÞÍN ER Í BORGARLEIKHÚSINU!

**PANTAÐU MIÐA NÚNA!**

# MÖGNUÐ SÝNING



**RÆÐISMANNSSKRIFSTOFAN**
Eftir Jo Strömgren

**FRÁBÆR GAMANLEIKUR Á BULLMÁLI**

Sun. 13. jan.
Sun. 20. jan.
Sun. 27. jan.
**SÍÐUSTU SÝNINGAR**

# FRÁBÆR SKEMMTUN FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA



**GOSI**
Eftir Karl Ágúst Úlfsson

Lau. 12. jan. **UPPSELT**
Sun. 13. jan. **UPPSELT**
Lau. 19. jan.
Sun. 20. jan.

# EINVALALIÐ GRÍNLEIKARA FER Á KOSTUM



**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Eftir Ray Cooney

**FRÁBÆR FARSI**

Lau. 19. jan.
Fös. 25. jan.
**SÍÐUSTU SÝNINGAR**

3 LEIKÁRIÐ Í RÖÐ!

ERT ÞÚ **25 ÁRA EÐA YNGRI EÐA NÁMSMAÐUR?** ÞÁ FÆRÐU LEIKHÚSMIÐANN Á 1000 KALL*

*Gildir á sýningar Leikfélags Reykjavíkur, sé miðinn keyptur sýningardag, ekki er hægt að bóka miðann fyrirfram og ekki á netinu. Gildir ekki á Ladda og barnasýningar.

**ÞÚSUNDKALLINN**

**Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is**

BORGARLEIKHÚSIÐ






# Nammilampar og hliðstæðuklukkur

● Benjamin Hubert er ungur og upprennandi breskur hönnuður sem útskrifaðist með láði sem iðnhönnuður úr Loughborough-listaháskólanum árið 2006. Síðan þá hefur hann unnið til nokkurra verðlauna fyrir skemmtilega hönnun en fyrirtæki hans, Benjamin Hubert Studio, hefur hann starfrækt frá því í september 2006.

**1. Litríkt leirtau.** Keramikskál og -skeið. Breið brún er á skálinni sem er ætlað að nýtast sem nokkurs konar borðbrún þar sem geyma má brauð og annað slíkt.

**2. Hliðstæðuklukka** er nafnið á þessum veggklukkum úr keramiki. Vísarnir eru leiserskornir í klassísk form.

**3. Dandilight** heita lampar í þessari línu. Þeir eru búnir til úr trjákvoðu og vísar form þeirra til borgarmyndar í fjarska þar sem háhýsin rísa við sjóndeildarhringinn. Lamparnir eru bæði til sem standlampar en einnig sem hangandi ljós.

**4. Nammilampar** kallast þessi skemmtilegu ljós sem bæði geta staðið á gólfi og hægt er að hengja á vegg.

**5. Benjamin Hubert** er ungur og upprennandi hönnuður.




**● FRUMLEGUR VÍNREKKI**

Paola-ávaxtatré kallast þessi frumlegi vínrekki. Hann má bæði nota til að geyma vínflöskur en einnig má koma þar fyrir ávöxtum og örugglega mörgu fleiru eins og hugmyndaflugið leyfir.







# Allt í steik

*4. janúar - 28. febrúar*

## 4ra rétta seðill

PARMASKINKA PROSCIUTTO
með strengjabaunasalati, balsamic hlaupi og rjóma–jarðsveppaosti

HUMARSÚPA
rjómalöguð, með Madeira og grilluðum humarhölum

KJÚKLINGABRINGA
hunangskryddhjúpuð með gljáðu rótargrænmeti, spínati og sítrónusósu

*eða* ANDARBRINGA
appelsínumarineruð með appelsínusósu

*eða* NAUTALUND
grilluð með hvítlauksristuðu spínati, sperglum og Béarnaise-sósu

SÚKKULAÐIFRAUÐ
með ferskum ávöxtum í nouggat-froðu

*Verð frá* **3.990 kr.**



*Gjafabréf Perlunnar*
*Góð tækifærisgjöf!*

Hringbrot

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is



NÝTT
HJÁ AGLI ÁRNASYNI
Egill Árnason hf
OPIÐ Í DAG TIL
kl. 16:00
PERGO PARKET
30% afsláttur
AF ÖLLUM TEGUNDUM Á LAGER
STÓRÚTSALA
Allt að 70% afsláttur
ALAPE HANDLAUGAR
ALLT AÐ
40% afsláttur
PAKKATILBOÐ!
VEGGHENGT WC, SETA, LOK
OG INNBYGGÐUR WC KASSI
kr. 29.675
CLEVER
HANDLAUGATÆKI
HÁTT
Kr. 6.952
ÁN LYFTITAPPA
BAÐDEILD
20% afsláttur
AF ÖLLU SEM EKKI ER Á ÚTSÖLU
PLANKA PARKET
ÝMSAR TEGUNDIR
20-40% afsláttur
FLÍSAR ALLT AÐ
70% afsláttur
KÄHRS PARKET
ALLAR GERÐIR
15-25% afsláttur
LAGERHURÐIR
25% afsláttur
Egill Árnason hf. Ármúla 8 108 Reykjavík Sími: 595 0500 I Baldursnesi 6 603 Akureyri 595 0590
www.egillarnason.is Afgreiðslutímar: Mánudaga - föstudaga kl. 9 - 18 og laugardaga kl. 10 - 16

# Mjálm, gagg og hnegg

Dýramynstur eru algeng í húsbúnaðarvörum um allan heim enda eru dýr af ýmsum toga mörgum hönnuðinum hugðarefni. Ekki að furða því þau eru falleg, forvitnileg og heillandi.

**1. Frelsi** kallast þetta fallega uglumynstur á bollanum og undirskálinni. Settið er af merkinu ittala og fæst í Búsáhöldum, Kringlunni, á 1.775 krónur.

**2. Skeljaskál** þessi fæst í Pipar og salt. Hún er létt og meðfærileg enda mótuð úr skeljum og lökkuð. Að utan er hún svo skreytt fallegum dýramyndum af kanínum og hreindýrum. 4.900 krónur

**3. Kryddaðar kisur** og sætar líka. Þessar sætu mjásur hafa að geyma annars vegar pipar og hins vegar salt. Fást í Pipar og salt á 1.500 krónur parið og eru til í nokkrum gerðum.

**4. Fílnum og ljóninu** semur með ágætum á matarborðinu í líki eggjabikara. Börnin hafa gaman af þessum matarílátum sem fást í Byggt og búið. Fjórir bikarar af sömu gerð kosta 499 krónur.




Gólfhitakerfi

Roth gólfhitakerfi sem er létt að leggja og fljótt að virka.



Reykjalundur Plastiðnaður
dælur
Smiðjuvegur 74 – 200 Kópavogur – 5 400 600
Reykjalundur – 270 Mosfellsbær – 530 1700
Lónsbakki 2 – 601 Akureyri – 460 1760



Theresa Himmer bjó í Brooklyn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

DRAUMAHÚSIÐ

# Flash-dance íbúð við East River

„Draumahúsið mitt er í rauninni draumaíbúð sem ég bjó í í New York," segir Theresa Himmer arkitekt en hún var í starfsnámi á arkitektastofu á Manhattan árið 2000. „Íbúðin var í Brooklyn í Williamsburg alveg við East River og maður sá yfir á Manhattan sem var æðislegt. Íbúðin var ca 125 m², fjórir metrar sinnum tuttugu og fimm og með fimm metra lofthæð, vatnsúðarakerfi hékk í loftunum og svo var bara hrátt steypugólf.

Þetta var eiginlega hálfgerð „flash-dance" íbúð og vinur minn hljóp alltaf um íbúðina á hjólaskautum því það var svo mikið pláss," segir Theresa og bætir við að íbúðin hafi verið í gömlu vöruhúsi eða skemmu sem búið var að taka í yfirhalningu. „Þetta voru svona gömul „ware-house" sem var búið að gera upp en samt allt alveg hrátt og einfalt. Eina lokaða herbergið í íbúðinni var snyrtingin og vinur minn og ég vorum bara með dýnur á gólfinu í sitthvorum enda og lítið af húsgögnum," segir Theresa sem bjó í tvo mánuði í íbúðinni innan um hráar iðnaðarbyggingar við árbakkann.

„Það besta við hana var þetta opna rými og mikla pláss og svo var staðsetningin alveg frábær með æðislegu útsýni yfir á Manhattan. Ég var í New York um daginn og sá þá að það er verið að endurgera allt húsið því í ljós kom að íbúðirnar voru ólöglegar vegna eldhættu, en þetta er samt sem áður draumaíbúðin mín."

-rt



Theresa tók þessa mynd af húsinu sínu á ferð í New York fyrir stuttu en verið er að gera bygginguna upp.

# útsala

# 30 til 70

# prósent afsláttur

ÚTILÍF

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

ÍSLENSKA SIA.IS UTI 40486 12/07



# Íburðarmikil afdrep

Hilton Reykjavík Nordica. Forsetasvítan er samansett úr svefn- og eldhúsaðstöðu, baðherbergi sem liggur inn af svefnherberginu og gestasnyrtingu, borðstofu og stofu og búin glæsilegum húsgögnum og innréttingum. Hægt er að opna stofuna í herbergi sem hentar þegar með eru í för börn, samstarfsmenn eða einkaþjónar.

**Fréttablaðið fékk að skyggnast inn í svítur þriggja hótela á höfuðborgarsvæðinu.**

Öll betri hótel eru búin einni eða fleiri svítum af ýmsum toga, þar sem öllu því sem besta sem er í boði á viðkomandi hóteli hefur verið tjaldað til.

Íburðarmikil afdrep sem taka hefðbundnum hótelherbergjum fram að flestu leyti, til dæmis hvað varðar stærð, innréttingar og innanhúsmuni og afþreyingarmöguleika, og laða til sín ýmis stórmenni, svo sem þjóðhöfðinga, auðkýfinga, viðskiptajöfra, stjörnur og svo okkur hin sem viljum lyfta okkur aðeins upp endrum og sinnum. Fyrir nótt í þess lags lúxusveröld eru menn í sumum tilvikum tilbúnir að reiða himinháar fjárhæðir. Þannig mun nóttin í venjulegu herbergi á glæsihóteli leikarans Roberts de Niro, Greenwich Hotel, kosta 45 þúsund krónur þegar það opnar í apríl næstkomandi, svo það er rétt hægt að ímynda sér hvað svítan mun kosta. Þetta verða þó að teljast algjörir smámunir í samanburði við nótt á Burj Al Arab í Dubai, eina sjö stjörnu hóteli veraldar, þar sem ríkmannlega búnar svítur kosta á bilinu 70.155 krónur til lítilla 284.398 króna!

Þótt enn sé ekki búið að reisa sjö stjörnu hótel hérlendis, státa Íslendingar af mörgum hótelum á heimsmælikvarða, útbúin dýrindis svítum. Fréttablaðið fékk að skyggnast inn í svítur þriggja hótela á höfuðborgarsvæðinu, Hótel Borg, Grand Hótel Reykjavík og Hilton Reykjavík Nordica, þar sem óhætt er að segja að íburður og munaður séu í fyrirrúmi. *-rve*



Hilton Reykjavík Nordica. Forsetasvítan, sem er 120 fermetrar, er í sama mínimalíska stíl og hótelið sjáft. Björgvin Snæbjörnsson hjá Apparat er arkitekt hússins, en hann vann svítuna í samstarfi við innanhúsarkitektinn Guðbjörgu Magnúsdóttur hjá Minimum. Þess má geta að gestir sem gista á svítum og „executive"-herbergjum fá aðgang að Business Lounge á 8. hæð. Þar fá gestir frían aðgang að morgunverði, drykkjum ásamt léttum mat yfir daginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Hilton Reykjavík Nordica. Tvö baðherbergi eru í forsetasvítu hótelsins: aðalsnyrting og gestasnyrting.





Hótel Borg. Nýja setustofan sem fylgir turnsvítunni. Í turnsvítunni er útsýni í 360 gráður yfir miðbæinn. Þess má geta að svítan er mjög vinsæl meðal nýgiftra brúðhjóna.

Hótel Borg. Stigi liggur upp úr turnsvítunni í nýja turninn.



Hótel Borg. Í ágúst 2005 hófust endurbætur á Hótel Borg. Þá var þak hússins hækkað og byggt yfir sjálfan turninn á Borginni sem nú er setustofa fyrir turnsvítu, sem er á tveimur hæðum. Húsið var allt endurnýjað en í sama anda eins og það var 1930 þegar Borgin var opnuð. Allt gert í Art Deco-stíl, með sérsmíðuðum húsgögnum frá Baden Baden í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Grand Hótel Reykjavík. Þessi glæsilega borðstofa er meðal þess sem er í forsetasvítunni á hótelinu.



Grand Hótel Reykjavík. Á hótelinu eru 314 herbergi, þar af tvær forsetasvítur og sextán „junior"-svítur, fimmtán herbergi sérútbúin fyrir fatlaða og fjórtán fundarherbergi af ýmsum stærðum. Arkform ehf. á heiðurinn að hönnun hótelsins. Svítuna hér á myndunum hönnuðu Guðjón Magnússon, frá Arkform, og Ólafur Torfason. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Grand Hótel Reykjavík. Svefnherbergishlutinn er búinn húsgögnum frá Epal líkt og annað í svítunni, sem er 114 fermetrar eða eins og góð íbúð.

## af vefnum



Max-baðkarssófinn minnir um margt á klassískan stól úr myndinni Breakfast at Tiffany's. Þessi er til í mörgum litum.

## Endurunnin hönnun

Í þessum heimi þar sem allt er einnota er gott til þess að vita að sumir huga að endurvinnslu. Vefverslunin www.reestore.com sérhæfir sig í að bjóða upp á hluti sem hafa fengið nýtt líf. Gamlir hlutir sem annars hefðu lent á haugunum eru endurhannaðir sem húsgögn. Eigendurnir hafa í huga bæði náttúruvernd en einnig er þeim hugleikið að búa til fallega hönnun á heimili.



Annie-stóllinn er búinn til úr gamalli innkaupakörfu. Sniðug endurnýting.

# Íslenskt grjót í öndvegi

● Ingibjörg Marteinsdóttir söngkona á forláta steinborð eftir föður sinn Martein Davíðsson listmúrara. Það er meðal hennar dýrmætustu gripa enda geymir það líka fingraför hans.

„Þetta borð er mér mjög dýrmætt," segir Ingibjörg og sýnir þungt og mikið borð sem er alsett steinum af ýmsum tegundum. „Pabbi gaf mér borðið árið 1979 og það hefur fylgt mér síðan. Ég er búin að flytja nokkrum sinnum búferlaflutningum og hef alltaf látið hetjurnar í fjölskyldunni bera borðið – þeim sterkustu sem ég treysti best. Alltaf stend ég þó við hliðina á þeim og segi stöðugt: „Varlega, varlega. Passið ykkur, passið ykkur. Það má ekkert koma fyrir þetta borð." Faðir minn er nefnilega látinn og þeir eru ekki gripnir upp sem gætu lagða borðið ef eitthvað kæmi fyrir það. Auðvitað sýnist það sterklegt og börnin mín og barnabörnin hafa hoppað á því en ef högg kæmi á einn fótinn er stór hætta á skemmdum sem erfitt yrði að gera við."

Ingibjörg segir föður sinn hafa gert nokkuð mörg steinborð en ekkert með eins löppum og hennar. „Það er mjög mikil vinna í þessum borðfótum. Þeir eru úr fjörusteinum sem hann sagaði niður eins og brauð og setti steypu á milli. Síðan liggur járnrör í gegn." útskýrir hún.

Eðlilegt er að borðið hafi mikið gildi fyrir Ingibjörgu. Það er ekki einungis gert af föður hennar heldur geymir það beinlínis handarför hans. Að því kveðst hún hafa komist í einum flutningunum. „Einu sinni var borðinu hvolft varlega. Þá sá ég för eftir hnúa og fingur föður míns þar. Hann hefur verið að þrýsta steypunni að steinunum með berum höndum og skilið eftir sig för. Auðvitað þykir mér enn vænna um borðið fyrir vikið," lýsir hún.

Litirnir í íslensku steinunum njóta sín vel í borðinu og áferðin er eðlileg. „Pabbi var ánægður með þetta borð. Honum fannst gaman að sitja við það með viskílögg í glasi og rifja upp ferðir frá því hann var að velja í það efnið. Hann fór víða og leitaði fanga í sín verk en Hornafjörðurinn var í sérstöku uppáhaldi." segir Ingibjörg og bætir við. „Borðið sýnir líka vel hversu stórkostleg mynstur leynast í fjörusteinunum." *-gun*



„Ég er búin að flytja nokkrum sinnum búferlaflutningum og hef alltaf látið hetjurnar í fjölskyldunni bera borðið," segir Ingibjörg brosandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Borðlappirnar eru búnar til úr fjörugrjóti sem skorið er í sneiðar og steypt á milli en járnteinar ganga í gegnum allt saman.


INDÓKÍNA

**Kveðja**

**til viðskiptavina veitangahússins Indókína**

Vegna fyrirhugaðs niðurrifs hússins að Laugavegi 19 í Reykjavík hættir veitingahús okkar, Indókína, rekstri nú um áramótin.

Við þökkum öllum viðskiptavinum okkar kærlega fyrir viðskiptin á liðnum árum og óskum þeim farsældar um ókomin ár. Vonandi á Indókína eftir að rísa aftur í nýju húsnæði þótt síðar verði.

**Margrét De Huynh og fjölskylda.**


ÖRT VAXANDI
ÞEKKINGARSAMFÉLAG
Óskum eftir aðilum sem vilja taka þátt
ALLAR EIGNIR TIL SÖLU
Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar í samstarfi við ýmsa aðila vinnur að þróun og umbreytingu fyrrum varnarsvæðisins í þekkingar- og háskólasamfélag.
Mikil starfsemi er þegar hafin og hefur Þróunarfélagið samhliða óskað eftir hugmyndum um nýtingu þeirra eigna sem eftir eru á svæðinu ásamt tilboðum í þær.
Upplýsingar um eignir á svæðinu má finna á
www.kadeco.is
KADECO
Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar









# Farið í hart

● Smíðajárn er sígilt og eilíft. Hlutir úr þessu efni eru ægilega þungir en einhvern vegin fæst það á tilfinninguna að þar séu á ferð töluverð gæði og ending.

**1. Veglegur bókastandur** úr smíðajárni frá Pipar og salt. Standurinn er þungur og mikill svo þar er hægt að geyma stórar og miklar bækur án vandræða. Spottar með lóði sjá svo um að halda síðunum á sínum stað. 5.500 krónur.

**2. Grillpanna sem segir sex.** Þessari er ekki hægt að lyfta með annarri hendi en er því mun veglegri. Legio-grillpannan fæst í Byggt og búið á 8.744 krónur.

**3. Hvítlaukspressa** sem aldrei eyðileggst enda einstaklega gjörvileg. Fæst í Pipar og salt í nokkrum litum á 3.995. krónur.

**4. Níðþungt mortél** með þungum staut reynist vel til að merja pipar og annað krydd í matinn. Þetta fæst í Búsáhöldum, Kringlunni, á 2.495 krónur.


**Fjarnám** Iðnskólans í Reykjavík – vorönn 2008

**Tölvufræði í fjarnámi**
Netkerfi: CNA 103, 403
Netstjórnun: 103, 203, 213
Forritun: FOR 103, 203, 303
Gagnasafnsfræði: GSF 103, 203

Innritun í fjarnám Iðnskólans stendur yfir á netinu:
**www.ir.is** (Námsframboð – Fjarnám)

Innritun lýkur **20. janúar**og kennsla hefst **miðvikudaginn 23. janúar.**

IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK



# Þorra hlaðborð

Glæsilegt hlaðborð með öllum hefðbundnum þorramat hefst á bóndadaginn 25. janúar

Einstaklingar og hópar hjartanlega velkomnir!

Verð aðeins 3.950 kr. fyrir manninn
Borðapantanir í síma 5174300



GEYSIR
Bistro & Bar

Veitingastaður og veisluþjónusta
Aðalstræti 2
www.geysirbistrobar.is

# Snillingur eða sérvitringur

Pearl Lam á ótrúlegt heimili í New York sem fyllt er af furðulegum munum. Hin kínverska auðkona hefur verið leiðandi í því að kynna kínverska list og hönnun fyrir heiminum.



Pearl Lam er kínversk auðkona, dóttir auðjöfurs frá Hong Kong þar sem hún fæddist. Síðar stundaði hún nám í Bretlandi en fluttist til Sjanghæ á fullorðinsárum vegna vinnu. Þar heillaðist hún fyrst af kínverskri list og stofnaði árið 1993 galleríið Contrasts. Upp frá því hefur hún verið leiðandi í kínverska listaheiminum og hefur unnið ötult starf við að kynna kínverska list og hönnun fyrir umheiminum.

Í upphafi var lítill áhugi fyrir kínverskri list en í dag selst hún fyrir ógnarháar upphæðir. Lam hefur einnig verið leiðandi í því að kynna kínverska samtímahönnun. Nýlega stofnaði hún útibú frá Contrasts í Sjanghæ sem hún kallar Design Consulate en þar eru sýnd verk hönnuða sem deila áhuga Lam á því að blanda saman gamla og nýja tímanum.

Nýlega fékk tímaritið The New York Times að líta inn hjá dívunni á heimili hennar í New York. Íbúðin er 900 fermetrar á 22. hæð og er vægast sagt skrautleg á að líta. Lam lýsir íbúð sinni sjálf sem „hálf klikkaðri“ en þar ægir saman blöndu af kínverskum munum og vestrænni og kínverskri samtímalist og hönnun. *-sg*



Skrautlegir sófastólar.



Þessar keramikhendur notaði Lam við matarboð en diskar eru festir á hendurnar.



Sérstakir stólar.



Eldhúsið er ekki allra.


# Ægifögur og óhemjufyndin

„Sviðsetning Baltasars Kormáks á Ívanov er eitt besta verk hans frá upphafi. Hún er þaulhugsuð og samvinna þeirra Gretars Reynissonar hefur sjaldan borið glæstari ávöxt, og er þá ekki lítið sagt.“
Jón Viðar Jónsson, DV, 9. jan.

„Það er líka sjaldgæft að verða vitni að jafn kraftmikilli sýningu og þessari, jafn miklum galsa, jafn fumlausum tökum á forminu, jafn afdráttarlausri túlkun, jafn tilgerðarlausri en jafnframt útpældri sviðsmynd...“
Þröstur Helgason Lesbók MBL, 29. des.



Ívanov eftir Anton Tsjekhov
Leikstjórn og aðlögun: Baltasar Kormákur
Sjáðu og heyrðu meira á www.leikhusid.is
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

DEBENHAMS

# útsalan í fullum gangi

# 50 til 70%

## afsláttur af völdum vörum

NÝTT KORTATÍMABÍL

KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!

DEBENHAMS

-FER ÞÉR VEL!

MAX RAFTÆKI

Láttu ekki HAPP úr hendi sleppa!

# útsala

## – verð í frjálsu falli

Gríptu gæsina meðan hún gefst!

**Raftæki** allt að 67% afsl.

**Tónlist** allt að 65% afsl.

**DVD myndir** allt að 50% afsl.

**Tölvuleikir** allt að 80% afsl.

**Opnunartími**

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | Fimmtudaga | kl. 11-22 |
| Mánudaga | kl. 11-19 | Föstudaga | kl. 11-19 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 | Laugardaga | kl. 11-18 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 | Sunnudaga | kl. 12-18 |

Fim

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og
Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS

MAX RAFTÆKI

## Jeppar


Toyota Hilux árg. '98 ekinn 260þ. er á „33 dekkjum. Tilboð óskast uppl. í síma 693-9923



Bílaframleiðendur verða að losa um lager fyrir áramót. Gerðu reyfarakaup á brunaútsölu ársins! Jeep Grand Cherokee, Ford Explorer, Dodge Durango. 2007/08 Jeppar frá 2500þús og pallbílar frá 1990þús. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com



Nýr 2008 Toyota Highlander. Slær Landcruiser út með kraft, sparneytni og lægra innkaupsverði. 270 hö, 7,5L/100km. 2008 frá 4490þús. Einnig 2007 tilboðsbílar. Frá 3500þús. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com


Nýr Toyota Land Cruiser 200 V8, 5.7L, 381hö, 6 þrepa sjálfsk., 8 manna, leður, lúga, hiti og rafm. í sætum, navi, bakkmyndavél, bluetooth, 14 hátalarar, o.m.fl. Bíllin er kominn á götuna. Viðtæk ábyrgð fylgir. Verð 10.490þ., Góður staðgr.afsláttur. Uppl. s. 669 4477.


Nýr Toyota Hilux til sölu, óekinn, dísel,sjálfskiptur,35" breyttur, verð 3.990 þ uppl í s 894-4144


Musso Grand Lux 2,3 árg. '00 ek. 95 þ. ssk., bensín. Verð 950 þ. S. 694 7097.


Nissan Terrano '93 2,7 turbo diesel. ek. 252 þús. Sk. '09. Verðtilboð. Uppl í s. 897 2573.


Nissan Patrol 44". 11. 2004. Leðurklæddur, ssk., topplúga, einn með öllu tilbúinn á fjöll. Verð 6,8 millj. S. 862 5477 eftir kl. 17 sunnudag.


Toyota 4Runner 38" dekk árg. '93 ek. 242 þ. topplúga, bensín, v6, bsk. V. 500 þ. Uppl. í s. 698 4945.


Izusu Trooper 3.0 diesel Turbo ssk. 4x4, 2001 sk. '08, 7 manna, álf., 33", litað gler, cd, dráttarbeisli. Uppl. í s. 898 7473.


**Tilboð 3.790 þús**
Toyota Landscrusier 120 GX árg. '03 ekinn 72þkm. 33" breyttur. Flottur bíll með fullt af aukahlutum. Uppl. 894 2400


**100% lán!**
Grand Cherokee 2005 HEMI. Einn með öllu. Dökkblár, ssk., ek. 65 þ. km. Ásett kr. 3.790. Lán kr. 3.360. S. 669 9668.


Til sölu Nissan Patrol elegance 01/06 ek. 52 þ. Uppl. í s. 840 4090


Nissan Terrano II Disel nýskr. 10/'00 ek. 130 þús. km. Ssk., 33" dekk, dráttarbeisli, topplúga, fjarst. samlæsingar. Verð 1.390 þ. Uppl. í s. 691 3911.


Toyota Hilux double cab. árg '92. Vel með farinn. Ek. 219 þ. V. 350 þ. S. 867 0927/892 2001.

Draumabíllinn Nissan Patrol '96, nýleg 35" dekk, í góðu standi. Uppl. í s. 892 5613.

Nissan Patrol 2,8 árg. '98 til sölu. Allt nýtt í mótor, hedd olíu verk, spíssar, stimplar, legur. Nýjar legur í gírkassa, kram í fràbæru standi. 33" breyttur, rafmagn í öllu, topplúga, kastarar og dráttarkrókur. Verð 1600 þús. S. 856 5040.

Mitsubishi Pajero árg. '99, ekinn aðeins 116 þús. 3500 vél, sjálfskiptur, gylltur. Mjög vel með farinn. Einnig með Mitsubishi Pajero árg. '04, ekinn 78 þús. 3500 vél, sjálfskiptur, silfur. Mjög vel með farinn. Uppl. í s. 660 1006.

Til sölu: Nissan Navarra SE árg 2005/12, ekinn 40,000 km. Pallhús, krókur, húðaður pallur, vetrar og sumardekk. Verð 2,9 m. Ekki skipti. Sími 8212242

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir fólki til afgreiðslustarfa. Helga gefur upplýsingar í síma: 699-5423

## Fornbílar

toyota cressida árg 1978 2 dyra verð 45000 s: 6944561

## Pallbílar



Bílaframleiðendur verða að losa um lager fyrir áramót. Gerðu reyfarakaup á brunaútsölu ársins! 2007/08 Ford F150, Toyota Tacoma eða Dodge RAM frá 1990þús! Einnig stærri pallbílar og sendibílar benzín/dísel á útsölu. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

## Sendibílar


Til sölu Isuzu 3,6 disel. Með vörulyftu. Uppl. í s. 663 2453.


Isuzu NPR, ek. 49 þ. Stöðvarleyfi ofl. fylgir með. Verð 3,7 + vsk. Áhv. 2.5 S. 898 3206.


Til sölu Ford Transit (sendiferðabíll) Árgerð 2003,ekinn 100.þ 2l vél, 74 kw, vsk bifreið. Uppl. Í síma 820 9513 eða 820 9505.

Bíll og vinna. M. Benz Atego 1217 árg. '98, 7,5m langur kassi, lyfta og heilopnun. Uppl. í s. 661 0344.

## Vörubílar


Til sölu Man 410 árg. '04 með atlas 240 '06. S. 693 7722.

Til sölu vörubílskrani Palfinger 20.000 árg. 2005. Uppl. í s. 894 7370.

Til sölu malarvagn frá vagnasmiðjunni árg. 06 11 tonna hásinkar. Uppl. í s. 892 1755.

## Húsbílar


Benz húsbíll. árg.'88 309D 6 cl. Í toppstandi. Uppl. í s. 822 3650

## Mótorhjól


Til sölu Honda CR 85cc árg. 2005. Big weel fat bar stýri, ASV handföng lítið notað verð 280.000. S. 899 6753.

**GÁMUR AF MÓTORHJÓLUM**
**Honda, Kawasaki, Yamaha, Harley-Davidson Hjól sem henta þeim sem eru að byrja að hjóla eða eru að byrja aftur eftir langt hlé. Einnig stór hjól fyrir vana hjólamenn. ÓTRÚLEGT VERÐ Á HJÓLUNUM. Svona verð hafa ekki sést hér á landi fyrr! Fyrstir koma fyrstir fá. Skoðið innihald gámsins á heimasíðu okkar:www.mot-ors.is**

## Fjórhjól

Bombardier 2 manna, 500cc '03. Ekið 2700 km, 4x4, læst að aftan. Hörku ferða - vinnuhjól. Verð 500 þús. S. 865 8873.

## Vélsleðar


F7 FireCat 2003. Ekinn 1300 mílur. Snopropakki, kúplingskytti, víðara loftinntak. Sími 8931011


Til sölu Polaris 550. árg. 2004 Frábær fjöðrun og gott afl. Verð 300.þús. sími 696-5116


F7 2004 niðurg., kúpplingskítti grind, gps tengi, uppt. búkki og demparar. V. 690 þ. S. 897 1388.

## Vinnuvélar





Til sölu Ferguson TEA20 bensín árg 1951,vélin er öll nýuppgerð. sími 862 0043 Freyr


Ný Volvo BL71 plus Traktorsgrafa. Eigum til afgreiðslu strax. Mjög vel útbúin vél. Nánari upplýsingar hjá Brimborg í síma 515 7000 eða 893 4435.

## Bílaþjónusta

Bónval ehf. umboðsaðilar fyrir Mother's og EinZett Bón/þrifavörur einnig rúðupiss og ýmsar vetrarvörur Háklassa vörur t.d. undra sápan PEARL SHAMPOO Opið laugardag 10-15 erum í súðavogi 32 s.5576460,8982832

## Lyftarar




## Bátar

Óska eftir góðum tré eða plastbát, gott ástand áskilið. V. 600 þ. Þorsteinn 663 2788 & element@vortex.is

Til sölu grásleppu úthald. Notað og nýtt í bland. Uppl. í s. 694 6565 & 898 0805.

Til sölu mótunarbátur mjög vel útlítandi. Grásleppuleyfi og netaspil geta fylgt. Góður í sportið. Uppl í s. 849 1605.

## Hjólbarðar


Til sölu eru ný og ónotuð sumard. á 20" ónotuðum felgum undir Range Rover og lítið notuð sumard. á 19" felgum undir Discovery. Uppl. í s. 821 2171.

## Varahlutir

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Einnig airbag. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Til sölu varahlutir úr Wrangler '92, toppur, afturhásing, stýristúpa, bensíntankur, 2,5 vél, 5gíra kassi og framstykki. Böðvar í s. 847 1330.

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar



Hreingerningar ehf. S: 868 5599




## Ræstingar

**Tek að mér þrif og Ræstingar**
**Er vön og vandvirk..**
**Uppl. í s. 661 2488 Heiða..**

HEKLA


**CATERPILLAR 322C**
Árgerð 2005, ekinn 4.650 tíma.
Hraðtengi og skófla.
VERÐ 10.7 millj + vsk.


**CATERPILLAR M315C**
Árgerð 2005, ekinn 3500 tíma.
VA bóma með lið,smurstöð, hraðtengi og skófla.
VERÐ 9.9 millj. + vsk.


**KOMATSU PC 240LC**
Árgerð 2003, ekinn 5500 tíma.
Dýptarmælir, hraðtengi og skófla.
Vél í góðu ástandi.
VERÐ 8.9 millj. + vsk.


**KOMATSU PC240**
Árgerð 2001, ekinn 10.600 tíma.
Smurstöð, hraðtengi og skófla.
VERÐ 5.2 millj. + vsk.


**KOMATSU PW 160**
Árgerð 2005, ekinn 3.050 tíma.
Engcon rotatilt, smurstöð og tvær skóflur. Dýptarmælir, vel útbúin vél.
VERÐ 9.7 millj. + vsk.


**HITACHI 160W**
Árgerð 2004, ekinn 4000 tíma.
Hraðtengi og skófla.
Vél í góðu ástandi og vel umgengin.
VERÐ 7.2 millj. + vsk.


**MMC CANTER 7C14**
Heildarþyngd 7.5 tonn, árgerð 2006.
5 tonna krókheysi og tvö fleti.
**LAGER BÍLL.**
VERÐ 5.5 millj. + vsk.

**HEKLA**
Klettagörðum 8-10
www.hekla.is/velasvid

Sölumaður 825-5736

# HEILSA

## Heilsuvörur



### Þyngdarstjórnun - ráðgjöf - Livestyle 30

Heilsuráðgjöf, þyngdarstjórnun Fjóla Þorsteinsdóttir einkaþjálfari sjálfstæður dreifingaraðili. FLP. S. 899 2445. www .4ever.is.



5-7 kg á 9 dögum? Hreinsikúr frá aloe-vera, Auður 690 5789.

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

LR-Henningskúrinn, fljótvirkur og átakalaus. Anna Snyrtifræðingur, S. 699 7379.

LR Henningskúrinn er örugg leið til að grennast varanlega. Eiríkur 869 3846.

### Viltu léttast eftir jólin?

Þá er LR-henningskúrinn svarið. Upplýsingar í síma 848 1301, Ólína.

Henning kúrinn! Allir geta lést! Uppl. í s. 869 1924

Lr-kúrinn er tær snilld. Léttist um 22 kg á 6 mánuðum. www.dietkur.is Dóra 869-2024

Ertu matarfíkill? Þá er „Matarfíkn-leið til bata með 12 spora kerfi OA samtakanna“ bók fyrir þig! Fæst í betri bókabúðum og á www.huxi.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Whole body massage Telepone 844 9083.

Þarftu slökun? Heilrænt slökunarnudd er lausnin. Sirra s. 898 2022..

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

### Skartgripasmíði - Tréútskurður - Tálgun

Skráðu þig á námskeið hjá fagmönnum. Silfurleir, tifsögun, koparsláttur ofl. Handverkshúsið Bolholti 4 s: 5551212 Handverkshusid.is

Námskeið í uppstoppun dýra. Nú eru að hefjast námskeið í upopstoppun fugla hjá LAXA ehf. Stórhöfða 17. Rvk. Nánari upplýsingar í síma 693 2277.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Bíla og bihjólakennsla! Kíktu á okuleikni.is eða hringdu í s. 869 8125 til að fá nánari uppl.

## Kennsla



### Harmonikukennsla

Fyrir byrjendur og lengra komna. Einkatímar. Innritun í s. 690 7424 eftir hádegi.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



Til Sölu Amerískir Cocker Spaniel Hvolpar. Tegundin hendar mjög vel sem heimilshundar, Kátir og miklar félagsverur. Uppl. gefur Karen í s. 661 9876 & á www.draumora.com

Til sölu hvítlakkað fururúm með nýlegri dýnu og dýnuhlíf, 90 cm br. Verð 10 þús. Uppl. í síma 820 6295.

Til sölu Picasso sófasett, sófaborð og hornborð. Uppl. í s. 821 9899.

Til sölu svo til ónotað hjónarúm. 1.60x2 m. Uppl. í s. 821 5951 eftir kl. 16.

## Dýrahald

Gæludýr & hestar

Opið virka daga frá kl. 11- 18 og laugardaga frá kl. 11-16.



### Kóngapúðluhvolpar til sölu.

Foreldrar margverðlaunaðir, góðir fjölskylduhundar sem fara ekki úr hárum, gáfaðir og hlýðnir. Eru fæddir 31.10.07 og tilbúnir til afhendingar. Ættbók frá HRFÍ. Nánari upplýsingar á www.standardpoodle.tk eða í 691 7409.



Silky Terrier hvolpar, 2 tíkur & 1 rakki. Örmerktir, ættbókafærðir og hreinlega yndislegir. Átta vikna og tilbúnir til afhendingar mjög bráðlega. Komið og skoðið. Lítið líka heimasíðu: http://dyraland.is/dyr/69262/ Baldur s. 860 9454.

**www.icelandichusky.com**

Til sölu hreinræktaðir langhunda hvolpar. Heilsufarsskoðaðir, örmerktir og með ættbók frá Íshundum. Tilbúnir til afhendingar. Uppl. í s. 857 1751. www.123.is/manaskin

6 yndislegir Chihuahua hvolpar til sölu. Tilbúnir til afhendingar. 4 tíkur og 2 rakkar. Ættbók frá Rex. Uppl. í s. 663 9230.

Til sölu Chihuahua Hvolpar. Er með þrjár stelpur sem vantar nýtt heimilli ! S: 8629669

Til sölu fjörugir og fallegir Chihuahua hvolpar með ættbók. Uppl. í s. 897 8848.

Til sölu 7 mán. Sheffer hvolpur, ættbókafærður. Verð 75 þús. Uppl. í s. 698 0982.

Til sölu hreinræktaðir silky terrier hvolpar. Heilsufarskoðaðir, örmerktir, tilbúnir til afhendingar með ætbók. Uppl. í s. 897 9257.

4 fallegir kassavanir kettlingar fást gefins. Uppl. í s. 587 5062 & 661 0641.

Sætir 8 vikna gamlir kassavanir ketlingar fást gefins. Á góð heimili. Uppl. í s. 898 5500.

Basset Hound. Til sölu tvær tíkur fæddar 24/10.07 tilbúnar til afhendingar. Uppl. í síma 863 5181.

### Hreinræktaðir Schafer hvolpar

Hreinræktaðir Schafer hvolpar til sölu. V. 80 þ. Heilsufarssk. og örmerktir. Tilb. til afh. 1 tík og 1 rakki. Skoðaðu hvolpana á www.123.is/tanjasara Uppl. í s. 482 2955 & 867 5569.

Franskur Bull Dog 5 mán. svart tígraður til sölu vegna óviðráðanlegra aðsæðna. S. 693 7118.

**Hundaskóli Heimsenda Hunda Nýtt grunnnámskeið hefst fyrir hunda frá 4 mánaða aldri þann 14.01. www.hundaskoli.net uppl. 897 1992**

## Ýmislegt

Tek að mér þrif í heimahúsum og þrif vegna flutninga. Endilega hafðu samband. Uppl. Berglind í s. 868 9133.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska



Hnakkar, taumar, múlar, höfuðleður, ábreiður ofl. Hestavörur á frábæru verði. Tito.is - Súðavogi 6.

Til sölu stórglæsileg folöld og Trippi. Uppl. í s. 863 0659.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Til leigu 3ja herb. íbúð í Lautasmára. Húsg. geta fylgt, ísskápur og uppþv.v. uppl. konni@hotmail.com 897-9161

### Leigjendur, takið eftir!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

3. Herb. Íbúð í Vesturbæ til leigu til 1. júní er laus strax. Leiga 120 á mán. Reglusemi áskilin. Uppl. í s. 431 2758 eftir kl. 17.

Garðabær, til leigu 150 fm. ný efrihæð með sérinngangi og sér stæði í bílskýli. 3 rúmgóð svefnh. stofa, borðstofa, eldhús og flísalagt baðherb. Sér þvottahús og geymsla á hæðinni. Laust strax. Uppl. í s. 821 0700

Tvo herbergi laus í 3 svefnherbergja íbúd í Kaupmannahofn. Ég leita eftir samleigjendum til ad leigja med mér mjög fína 120 m2 íbúd í miðborg kaupmannahafnar, í c.a. 5 mínútna göngufjarlægð frá Strikinu og í mjög góðu hverfi. Herbergin eru mjög rúmgód, um 20 m2 hvert. Áhugasamir geta sent mail á s073005@student.dtu.dk og fengid frekari upplýsingar. Íbúdin er laus 1. febrúar

Óska eftir meðleigjanda í 3 herb. íbúð. Allt fylgir. V. 70 þús. Uppl. í s. 662 4285.

50 fm. 2 herb. íbúð í Hamraborg Kóp. Laus 1 feb. Verð 90 þús. Uppl. í s. 661 4832.

3 herbergja ný íbúð 108m2 + bílageymsla, leigist m. ísskáp, frysti, þvottavél og þurrkara, leigutími 1 ár. Verð 150.000 á mán. innifalið hússjóður. Uppl. í síma 699 2676.

Glæsileg 3 herb. 80 fm íbúð m/húsbúnaði í 101 Rvk til leigu, skammtímaleiga til að byrja með en ef vel gengur er möguleiki á lengri leigusamning. Tilboð og upplýsingar sendast á zinger@xnet.is, Tryggingar er krafist

### www.leigulidar.is

Nýjar eignir á skrá. Hafnarfjörður, Kjalarnes, Akranes og Þorlákshöfn. Sjá á www.leigulidar.is.

Herb. til leigu í Vesturbænum. Uppl. í s. 896 1471.

Mjög góð 4 herb. (130fm) íbúð til leigu í bryggjuhverfinu Grafarvogi. Bílastæði í bílakjallara fylgir með. Leigutími 12 mán. eða lengur. Laus strax. Verð 180 þús. með hússjóð. Uppl. í s. 897 6655.

3-4 herb. 100fm íbúð t leigu á sv. 108, R, m/húsg. og húsbún. Laus frá 15. janúar og leigist til ca. 20. maí nk. Uppl. í s. 698 5608.

67m2, 2ja herb. íbúð til leigu í 111, rétt hjá FB, Bónus ofl. Stórt svefnherbergi með góðum skáp. Leiga 120 þ.kr. á mán., auk hússjóðs og rafmagns. Tryggingar krafist. Laus strax. Uppl. í síma 897 8406.

Lítil einstaklingsíbúð til leigu á Seltj.nesi. Leigist eingögnu einstaklingi, reyklausum og rólegum. 45þ. á mán. + trygging. S. 864 8822.

2 íbúðir til leigu í Garði báðar 4ra herbergja ca. 85fm eru í tvíbýli. Sameiginlgt þvottahús leiga 80þús. 3 mán. trygging. Bílskúr getur hugsanlega fylgt. S. 845 2697.

50 fm 2 herb. íbúð í lyftuhúsi við Þverbrekku í Kóp. Til leigu nú þegar. Uppl. í s. 863 2444 & 554 0403.

3 herb. íbúð til leigu, í nágrenni Rvk. 20 mín keyrsla til Rvk. S. 869 5212.

Til leigu 2ja herb. íbúð í 101. 48 fm. V. 90 þ. pr. mán. Uppl. í. s. 899 4035 & 893 7253.

25 fm vinnuherb. á teiknistofu laust til leigu. Uppl. í s. 696 5310.

3 herb. 100 fm íbúð á Veghúsastíg til leigu. Verð 160 þ. Uppl. í s. 660 8505.

Meðleigjandi óskast í 90fm íbúð í vesturbæ. S. 659 0576.

2 manna herbergi í álftamýri, með aðgang að baði eldh. og öllu. Svæði 108 S. 698 8037.

Herbergi í 101 Rvk til leigu. 40 þús/mán. Aðg. að sturtu + eldh., frítt net, engin gjöld. S. 661 5154.

Glæsileg 85 fm Sjávaríbúð í Garðabæ. m. húsg. og tækjum V. 140 þ. m. hússj. og hita. 2 mán fyrirfram. Laus strax. Skilvísi og reglusemi skilyrði. S. 693 0221.

# ÞJÓNUSTA

Viltu láta dekra við þig í austurlensku umhverfi þar sem óspillt náttúran er á næsta leiti?
Þá er þetta rétti tíminn!



Laugardaginn 1. desember var opnuð glæsileg snyrtistofa á Hótel Loftleiðum, Dong Fang Salon.
Í boði eru snyrtimeðferðir og nudd.

ALLAR VAX OG ANDLITSMEÐFERÐIR MEÐ 20% AFSLÆTTI TIL 15. JANÚAR

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIDIR

Verður opin mánud - föstud frá kl. 9.00 til 21.00 og á laugard frá kl. 10.00 til 18.00

Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

東方
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIDIR

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIDIR

Verður opin mánud - föstud frá kl. 9.00 til 21.00 og á laugard frá kl. 10.00 til 18.00

Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

IH ICELANDAIRHOTELS LOFTLEIDIR

# KOLAPORTIÐ

# OPIÐ

## um helgina frá kl. 11-17

pantaðu bás á netinu:
www.kolaportid.is

TIL LEIGU

FASTEIGNASALAN GIMLI
*Traust þjónusta í 30 ár*
GRENSÁSVEGI 13,
SÍMI 570 4800 - FAX 570 4810
Árni Stefánsson, viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali

**TIL LEIGU 3JA HERB.**

## Falleg 3ja herb. íbúð til leigu með húsgögnum.

Frum

Til leigu 74 fm 3ja herb. íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýli við Álftamýri í Reykjavík.

Íbúðin leigist með húsgögnum, leigutími fram á haust.

*Áhugasamir geta hringt í síma 892 2916 milli kl. 10 -17 eða sent tölvupóst á sveinbjorn@gimli.is*

## Kringlan - hlutastörf

Húfu og hattabúðin EXTRA í Kringlunni óskar eftir heiðarlegu og hressu starfsfólki í hlutastörf virka daga og um helgar.

Vinsamlegast hafið samband við Þóru hjá Aktíf heildverslun: thora@aktif.is

LUSH

**Framsækið fyrirtæki óskar eftir metnaðarfullu og áreiðanlegu starfsfólki í fullt starf og hálft starf.**

Sendið umsókn á annetta@lush.is

FUNDIR / MANNFAGNAÐIR

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

## Framhalds-aðalfundur

**Barnaheilla - Save the Children á Íslandi verður haldinn mánudaginn 21. janúar 2008 kl. 17:00 - 19:00 að Suðurlandsbraut 24, 3. hæð**

**Dagskrá:**
1. Kosning stjórnar og nefnda
2. Önnur mál

Fundarstjóri: Dögg Pálsdóttir

**Stjórn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi**



## VANTAR ÞIG VANA MÚRARA?

Voot starfsmannamiðlun hefur milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

**SÍMI 420 9500**

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN
HAFNARGATA 90• 230 REYKJANESBÆR • WWW.VOOT.IS



## VANTAR ÞIG PÍPULAGNINGARMENN?

Voot starfsmannamiðlun hefur milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

**SÍMI 420 9500**

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN
HAFNARGATA 90• 230 REYKJANESBÆR • WWW.VOOT.IS



## VANTAR ÞIG VANA SMIÐI?

Voot starfsmannamiðlun hefur milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

**SÍMI 420 9500**

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN
HAFNARGATA 90• 230 REYKJANESBÆR • WWW.VOOT.IS

VERKTAKAR MAGNI

**Vantar vanan vélamann og bílstjóra á búkollu til starfa strax**
**Mikil vinna framundan**

Upplýsingar gefur Sölvi í síma 660-6100

FASTEIGNIR

## FASTEIGNAMARKAÐURINN

**ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Aratún 7 Garðabæ

**Glæsilegt einbýlishús**
**Opið hús í dag frá kl. 15-17**



Frum

Glæsilegt 138 fm einbýlishús á einni hæð. Húsið er mikið endurnýjað á vandaðan og smekklegan hátt og skiptist m.a. í glæsilegar stofur, eldhús með nýlegum tækjum, 3 herbergi (4 á teikn.) auk fataherbergis og endurnýjað baðherbergi auk gesta snyrtingar. Öll gólfefni er ný, nýlegt gler er í öllu húsinu og húsið er nýlega málað að utan. Endurnýjuð lóð með með veröndum, skjólveggjum og lýsingu. Hiti í innkeyrslu. **Verðtilboð.**
***Eignin verður til sýnis í dag, laugardag, frá kl. 15-17.***
***Verið velkomin.***

## Grettisgata 67

**Mikið endurnýjuð sérhæð.**
**Opið hús í dag frá kl. 14-15**



Mjög falleg og mikið endurnýjuð 151 fm neðri sérhæð í þríbýlishúsi í miðborginni. Íbúðin er með góðri lofthæð og skiptist í þrjú góð herbergi, tvennar bjartar samliggjandi stofur með rennihurðum og því möguleiki að nýta aðra stofuna sem herbergi, eldhús með eyju klædda grásteini og flísalagt baðherbergi. **Tvær sér geymslur. Góð eign í miðborginni. Verð 35,0 millj.**
***Eignin verður til sýnis í dag, laugardag, frá kl. 14-15***
***Verið velkomin.***

Strandgötu 29 Akureyri
Sími: 464 9955 • Fax: 464 9956

FASTEIGNASALAN BYGGÐ
*Traust fasteignasala!*
**www.byggd.is**

## Þórunnarstræti 117



Frum

Glæsileg og mikið endurnýjuð efri sérhæð ásamt bílskúr. Eignin er í göngufæri við miðbæ, Glerártorg, sundlaugina og aðra almenna þjónustu. Eignin var endurnýjuð á vandaðan hátt fyrir um einu ári síðan. Mjög gott útsýni er úr íbúðinni og sést til að mynda út Eyjafjörð. Eignin er samtals 173 fm. að stærð. Eignin getur verið laus fljótlega.
**Verð 29 m.kr.**



## Vallargerði 4b



Mjög góð raðhúsaíbúð á einni hæð ofarlega á brekkunni. Eignin er fjögurra herbergja og er hún samtals 106,2 fm. Nýtt eldhús er í íbúðinni, sólpallur til vesturs. Hagstætt lán frá Landsbanka Íslands.
**Verð 22 m.kr.**



**Jón Kr. Sólnes, hrl. lögg. fast.sali - Björn Guðmundsson, lögg. fast.sali**

StafnÁs
**Bygginga- & verkfræðifyrirtæki**
Contractors & engineers

## Smiðir óskast

Stafnás ehf óskar eftir góðum smiðum í vinnu við að setja upp innréttingar og í mótauppslátt.

Stafnás ehf er ungt og framsækið fyrirtæki í byggingariðnaði. Við leggjum kapp á að tryggja starfsmönnum öryggi og góðan aðbúnað. Verkstaða félagsins er mjög góð.

Hafið samband við stafsmannastjóra í síma 534-6009 eða sendið tölvupóst á hildur@stafnas.is

**Síðumúla 31**
**108 Reykjavík**
**Ísland**
**Tel.: +354 534 6000**
**Fax: +354 534 6001**

das HRAFNISTA

Hrafnista Reykjavík

# Aðhlynning

Starfsfólk óskast í aðhlynningu, vaktavinna eða bara virka daga. Starfshlutfall og vinnutími samkomulag. Einnig eru í boði stuttar vaktir. Góð íslenska skilyrði.

Uppl. í síma 585 9529 og á **hrafnista.is**




# Hverfandi munur!

225.206 notendur á visir.is á meðan 262.285 notendur völdu mbl.is
í 1. viku, það er varla höfðinu hærra í samanburði!*

Visir.is er öflug frétta- og upplýsingaveita í stöðugri sókn, sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega til notenda. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg, sjónvarpsfréttir Stöðvar 2 og fréttatengdir þættir – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð og með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja visir.is.

vísir.is
...ég sá það á visir.is



muna minnihlutahópum þá borgar einfaldlega samfélagið í heild prísinn að hluta með því að þessu fólki fjölgar meira,“ bendir Guðmundur á.

**Framlag til betri heims**

En hver eru þá rökin fyrir mannréttindum sem „útrásarverkefni“ fyrir Íslendinga?

Við því hefur Guðmundur svör á reiðum höndum: „Það má færa rök fyrir því á öllum sviðum að útbreiðsla mannréttinda sé bæði af hinu góða og komi jafnframt okkur öllum til góða,“ segir hann. Útbreiðsla mannréttinda sé framlag til að gera heiminn betri sem við búum í, gera hann friðsælli og stuðla að aukinni velmegun.

„Það má færa rök að þessu sem snúa að öryggishliðinni, friðarhliðinni, það má færa rök að þessu sem snúa að lýðræðishliðinni sem líka ýtir undir friðinn. Það má færa rök að þessu sem snúa að verzlun og viðskiptum – almenn velmegun, betri skólun, betri heilbrigðisþjónusta skapar líka stærri og arðvænlegri markaði,“ segir Guðmundur.

> Fólk sækist eftir þessum mannréttindum. Að halda því fram að þetta sé einhver vestræn uppfinning sem sé af hinu vonda þjónar þannig að minnsta kosti ekki hagsmunum þessa fólks.

En hvað um fullyrðingar sem alloft heyrast um að Mannréttindayfirlýsing SÞ og sérstaklega algildistilkall mannréttinda séu vestrænar hugmyndir sem verið sé að þvinga upp á aðra menningarheima. Hverju svarar mannréttindafræðingur slíku?

**Algildi mannréttinda**

„Ég svara þessu alltaf mjög snarlega,“ segir Guðmundur: Í fyrsta lagi hafi þessir alþjóðlegu mannréttindasamningar verið samdir og formlega samþykktir og viðteknir af löndum og þjóðum í öllum heimshornum. En hann vísar líka ekki síður til eigin reynslu – hann hafi ferðast til 120-130 landa við mannréttindaútflutning, bæði fyrir SÞ og Svía – en hann hafi aldrei hitt fólk í neinu þessara landa sem heldur því fram að það vilji ekki þessi mannréttindi fyrir sig. Jafnvel þótt stjórnvöld í einhverjum þessara landa kenni vestrænum aðilum um upptökin.

„Þvert á móti, fólk sækist eftir þessum mannréttindum. Að halda því fram að þetta sé einhver vestræn uppfinning sem sé af hinu vonda þjónar þannig að minnsta kosti ekki hagsmunum þessa fólks,“ segir Guðmundur. „Enda er vert að hafa í huga hverjir það eru sem halda þessu fram: það eru valdamenn í kúgunarríkjum. Það er þá gert til að viðhalda völdum og sérréttindum valdastéttanna.“

Með því að minna á mannréttindi borgaranna í slíkum ríkjum sé verið að gagnrýna aðferðir ráðamanna við að halda völdunum og meðferðina á þegnunum.

„Ef þú færð að tala frjálst við borgarana – sem ég hef gert í mörgum svona löndum – þá vill þetta fólk auðvitað mannréttindi handa sjálfu sér,“ segir Guðmundur en bætir við: „Það má taka þetta lengra: þegar menn missa völdin í þessum löndun – hvort sem það er Marcos á Filippseyjum, Mengistu í Eþíópíu, eða þegar kemur að Mugabe frá Simbabve – þá vilja þessir menn allir mannréttindi handa sjálfum sér þegar kemur að réttarhöldunum yfir þeim.“

## → MANNRÉTTINDAYFIRLÝSING SÞ 60 ÁRA

Grundvöllur mannréttindastarfs Sameinuðu þjóðanna er Mannréttindayfirlýsing samtakanna, sem var samþykkt á fundi Allsherjarþingsins í París árið 1948. Í tilefni af 60. afmælisári yfirlýsingarinnar hafa Sameinuðu þjóðirnar opnað sérstakan upplýsingavef tileinkaðan yfirlýsingunni og mannréttindamálum í heiminum (www.knowyourrights2008.org).

Mannréttindayfirlýsing SÞ hefst á inngangi en síðan eru réttindi hvers og eins manns tíunduð í 30 greinum. Í þeirri fyrstu segir: „Hver maður er borinn frjáls og jafn öðrum að virðingu og réttindum. Menn eru gæddir vitsmunum og samvizku, og ber þeim að breyta bróðurlega hverjum við annan.“

Auk sjálfrar mannréttindayfirlýsingarinnar var árið 1966 bætt við hana tveimur undirskrám; Alþjóðasáttmálanum um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og Alþjóðasáttmálanum um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Árið 1976, eftir að tilskilinn fjöldi aðildarríkja SÞ hafði fullgilt allar réttindaskrárnar þrjár, tóku þær gildi sem alþjóðalög.

Síðar hafa bætzt við fleiri alþjóðlegir mannréttindasáttmálar sem snúa aðallega að réttindum barna og fatlaðra.

Mannréttindaráð SÞ (UN Human Rights Council) er sú stofnun SÞ sem hefur það hlutverk að fylgjast með framkvæmd Mannréttindayfirlýsingarinnar og annarra mannréttindasáttmála sem undir Sameinuðu þjóðirnar heyra. Mannréttindaráðið var stofnað árið 2006, en það kom í staðinn fyrir Mannréttindanefnd SÞ (UN Commission on Human Rights, UNCHR), sem var stofnuð árið 1946 sem undirstofnun Efnahags- og félagsmálanefndar samtakanna (ECOSOC). Það hamlaði mjög starfsemi Mannréttindanefndarinnar gömlu að innan hennar störfuðu ríki sem sjálf voru sek um víðtæk mannréttindabrot. Deilur um starfshætti nefndarinnar enduðu svo með því að hún var leyst upp og Mannréttindaráðið stofnað í staðinn sem sjálfstæð stofnun SÞ með nýjum reglum um samsetningu og starfshætti. Mannréttindaráðið fylgist með mannréttindabrotum í aðildarríkjum SÞ og starfar náið með mannréttindafulltrúa SÞ, UN High Commissioner for Human Rights, sem nú er Louise Arbour.

PENZIM
Penzim fyrir húðina, liðina og vöðvana

Dr. Jón Bragi Bjarnason, prófessor í lífefnafræði, hefur unnið að rannsóknum og þróun Pensímtækninnar um áratuga skeið og er hún nú einkaleyfisvarin um allan heim.
ÍSLENSK NÁTTÚRUVARA UNNIN ÚR SJÁVARRÍKINU UMHVERFIS ÍSLAND

Penzim fæst í apótekum og heilsubúðum um land allt.
penzim.is



# Skólastrákar kjöldraga spilavíti

**Hundruð ungra stúdenta frá einum besta háskóla heims voru þjálfaðir til að hafa fé af stærstu spilavítum heims. Þeir bestu gerðust atvinnumenn í fjárhættuspilum og hafa efnast gríðarlega. *Svavar Hávarðsson* kynnti sér sögu ungmenna sem sátu á skólabekk á virkum dögum en spiluðu fjárhættuspil fyrir milljónir um helgar og skemmtu sér með Hollywood-leikurum, íþróttastjörnum og þurftu aðstoð til að flytja vinningsféð. Blekkingarnar voru svo lygilegar að verið er að gera kvikmynd um líf þeirra.**

Það fyrsta sem flestum dettur í hug þegar MIT-tækniháskólinn (Massachusetts Institute of Technology) í Bandaríkjunum er nefndur á nafn er yfirburðaárangur nemenda skólans í verkfræði og stærðfræði. Nemendur skólans eru þó einnig alræmdir fyrir þá sök að úr þeirra hópi hafa á tölvuöld sprottið margir stórvirkustu tölvurefir sögunnar. Við skólann er líka kennt umfangsmesta „svindl“ í sögu fjárhættuspila í heiminum þar sem hópur nemenda nýtti stærðfræðisnilld sína til að vinna hundruð milljóna af spilavítum í Las Vegas og víðar.



**THE LAS VEGAS STRIP** Við hið fræga sjö kílómetra langa breiðstræti í Las Vegas eru 30 stór hótel með spilavítum, sem eru hin glæsilegustu í heimi. Hvergi er spilað um hærri fjárhæðir. Í MGM Grand hótelinu eru tæplega 7.000 herbergi og í turnum hótelsins eru 527 stórar svítur og 21 glæsiíbúð. Gólfflötur spilavítisins er 16 þúsund fermetrar. Sundlaugar með ám og fossum taka 35 þúsund fermetra. Innan MGM er verslunarmiðstöð, næturklúbbar og sextán stór veitingahús. Heildarfjöldi herbergja í hótelum við breiðgötuna er um 70 þúsund. Nokkur hótel eru nú í byggingu. Það nýjasta, Wynn Las Vegas, kostaði 2,7 milljarða Bandaríkjadollara að reisa.

**Byrjunin**

Saga MIT21-liðsins (The MIT Blackjack Team) er með ólíkindum. Upphaflega var það vinsæl dægradvöl stúdenta við skólann að koma saman og spila fjárhættuspil og nýta stærðfræðikunnáttu sína til að vinna smáar upphæðir af félögunum. Þessi hefð innan skólans þróaðist síðan upp í dauðans alvöru fyrir tilstuðlan fyrrverandi stærðfræðiprófessors og sex nemenda, sem síðar urðu kjarni MIT21-liðsins. Þeir komu auga á að nýta mætti yfirburðagáfur nemenda í MIT til að auka líkur á vinningum í fjárhættuspilinu 21, sem er eitt fárra fjárhættuspila þar sem hægt er að hafa áhrif á vinningslíkur þegar spilað er.

Á níunda áratugnum hafði þessi félagsskapur nemenda úr MIT sett á fót eins konar neðanjarðarkerfi spilavíta sem teygðu sig til íbúða nemenda og kennslustofa en einnig voru heilu vöruhúsin leigð þar sem sett voru upp eftirlíkingar af spilavítum. Í þessu umhverfi fór fram þjálfun fjárhættuspilara en þeim var ætlað að vinna stórfé við erfiðustu aðstæður; í stóru spilavítunum í Las Vegas og Atlantic City.

**Hinir útvöldu**

Það var ekki á allra færi að fá að spila í MIT21-liðinu. Nýir spilarar voru látnir gangast undir fjölda prófa til að kanna hvort þeir kæmu til greina í liðið. Ef svo reyndist vera, þá tók við strangt þjálfunarferli.

Hver spilari þurfti að standast próf sem MIT21-liðið kallaði „eldskírnina“. Spila þurfti óaðfinnanlega í tilteknum fjölda spila og þola margs konar áreiti og truflun á meðan, sem viðgengst í stærri spilavítum. Þar þurfti spilarinn að sýna fram á að allir útreikningar væru óaðfinnanlega útfærðir. Aðeins þeir bestu fengu síðar að spila fyrir stærri fjárhæðir í stærstu spilavítunum. Sumir stóðu stutt við en þeir hæfileikaríkustu gerðu fjárhættuspil að atvinnu sinni, og hafa efnast gríðarlega og eru fyrir vikið goðsagnir innan þessa afmarkaða heims sem fjárhættuspilarar lifa í.

**Fjárfestarnir**

Allan níunda áratuginn fóru nemendur skólans frá Boston til Las Vegas og Atlantic City, þar sem stærstu spilavíti Bandaríkjanna er að finna. Á vegum MIT21-liðsins voru allt að 80 spilarar á hverjum tíma. Það sem gerði þessum ungu námsmönnum kleift að spila fyrir háar upphæðir var að þegar geta þeirra til að vinna fé af spilavítunum kom í ljós, buðu sig fram „fjárfestar“ sem reyndust oftar en ekki tengjast skipulagðri glæpastarfsemi. Þeir lögðu fram stofnfé sem hinir ungu ævintýramenn margfölduðu með spilamennskunni. Fjárfestarnir svokölluðu og spilararnir hittust aldrei, en þeir sem stjórnuðu liðinu sáu um reksturinn. Allt var byggt upp eins og hvert annað fyrirtæki. Fjárfestarnir borguðu fyrir þjálfun, ferðir og uppihald spilaranna sem þurftu á móti að skila inn skýrslu um hvernig þeir höfðu spilað til sigurs; allt var þetta matað inn í tölvur sem unnu úr upplýsingunum. Þar sem spilararnir voru einnig frábærir forritarar þróuðu þeir tölvuforrit sem nýtt voru til að reikna líkur og þróa vinningskerfin áfram.

Við sögu komu hundruð spilara á þessum tíma; sumir stofnuðu sín eigin lið en aðrir sögðu skilið við líf fjárhættuspilarans eftir að námi í MIT lauk. Sem dæmi má taka nokkra þeirra sem seinna áttu meginheiðurinn að því þróa forrit fyrir Microsoft-hugbúnaðarfyrirtækið. Windows-stýrikerfið er þannig skrifað að stórum hluta af fyrrverandi fjárhættuspilurum frá MIT.

**Blómatíminn**

Blómatími MIT21-liðsins var tíundi áratugurinn og er söguvið bókarinnar Bringing Down the House eftir bandaríska rithöfundinn Ben Mezrich. Bók Mezrich er samantekt frásagna nokkurra af hæfileikaríkustu spilurum MIT21-liðsins sem hafa gert fjárhættuspil að atvinnu sinni og eru í dag stórefnaðir menn. Vopnaðir rúmlega áratuga reynslu í spilavítum um allan heim tóku þeir sig saman, söfnuðu einni milljón dollara í stofnfé og tóku að spila á stærðargráðu sem var áður óþekkt. Frásagnir þeirra endurspegla líf þessara ungu manna sem í byrjun voru blankir háskólastúdentar og enduðu sem vellauðugir ævintýramenn. Eigendur spilavítanna áttuðu sig ekki á svikamyllunni og veittu þeim aðgang að öllum þeim lystisemdum sem ríkir fjárhættuspilarar njóta í borg syndanna, eins og Las Vegas er löngum kölluð.

**Undir fölsku flaggi**

Hugsaðu þér tvítugan háskólastúdent sem tekur stærðfræðipróf á föstudagsmorgni en er hrókur alls fagnaðar í veislu með Michael Jordan, Eddie Murphy og Howard Stern á laugardagskvöldi. Stjörnurnar eru áhugasamar um líf þessa unga manns af þeirri ástæðu að þeir halda að hann sé forríkur rússneskur vopnasali. Það héldu eigendur stærstu spilavíta Las Vegas einnig um einn af bestu spilurum MIT21, en hann, eins og aðrir í liðinu mætti aldrei til leiks öðruvísi en undir fölsku nafni, og oftar en ekki í dulargervi.

Það er ekki einfalt að blekkja eigendur spilavíta um árabil og hafa af þeim stórfé. Þess vegna þurftu spilarar frá MIT að villa á sér heimildir til að halda leiknum gangandi.

Spilararnir ferðuðust saman en höfðu engin samskipti sín á milli til að gera njósnurum á vegum spilavítanna erfiðara að þekkja þá. Hver og einn fékk nýtt nafn, tilheyrandi skilríki og sögu sem var uppdiktuð af stjórnendum liðsins. Þeir sem spiluðu hlutverk sitt af mestri kostgæfni náðu undraverðum árangri í blekkingunni. Þeir voru þekktir í Las Vegas og víðar og voru keyrðir á milli í eðalvögnum, fengu úthlutað stærstu lúxussvítunum á flottustu hótelum spilavítanna og ókeypis miða á eftirsóttustu leiksýningar og íþróttaviðburði í Bandaríkjunum. Tveir liðsmanna voru á tímabili í föstu sambandi með klappstýrum Los Angeles Rams-fótboltaliðsins og annar með ungfrú október úr Playboy-tímaritinu 1994. Í raun voru þeir bara háskólanemar sem áttu að vera að lesa undir próf.

**Milljónir í pappahatti**

Eitt stærsta vandamál liðsmanna var hvað þeir græddu mikla peninga. Einn viðmælanda Mezrich minnist þess að hafa labbað á milli spilavíta í Las Vegas með 180 þúsund dollara í partíhatti en hann, eins og fleiri, þurfti að koma sér upp sérstökum aðferðum til að koma vinningsfénu frá borginni sem spilað var í til Boston þar sem skólinn er. Þeir límdu féð inn á sig í milljóna vís og borguðu einnig sérstökum burðardýrum til að smygla því fyrir sig. Einn spilari notaði fötlun sem dulargervi og lét hanna fyrir sig hækjur þar sem hann gat falið vinningsféð. Vinningar þriggja manna liðs í eitt skipti eru taldir hafa náð um hálfri milljón dollara yfir eina helgi. Heildarvinningsfé MIT21-liðsins hleypur á tugum milljóna dollara þegar allt er talið.

**Upp komast svik um síðir**

Þegar eigendur spilavítanna áttuðu sig voru settar af stað gagnaðgerðir sem taldar eru hafa kostað margfalt það fé sem þeir voru að tapa til spilaranna. Eitt stærsta eftirlitsfyrirtæki heims, Griffin Investigations, var því ráðið þeim til höfuðs. Búnaðurinn sem var nýttur til eftirlitsstarfanna var eins og sést í Bond-myndunum en það var þó ekki fyrr en einn starfsmaður Griffin tók sér í hönd árbækur MIT-háskólans og bar saman myndir úr gagnabanka fyrirtækisins að ævintýrið var úti. Áralöng rannsókn fyrirtækisins, þar sem meðal annars var nýttur búnaður frá Geimferðastofnun Bandaríkjanna, hafði ekki séð í gegnum svikamyllu háskólanemanna fram að því.

Í dag starfa margir úr MIT21-liðinu við að kenna aðferðirnar sem notaðar voru við svindlið. Það er jú ekki ólöglegt að telja spil úr stokki og reikna sér líkur á vinningi. Aðrir hafa þó stofnað ný lið og ferðast um allan heim og stunda hina ábótasömu iðju sem þeir lærðu á skólabekk í fimmta besta háskóla heims.

● ● ●

Hugsaðu þér tvítugan háskólastúdent sem tekur stærðfræðipróf á föstudagsmorgni en er hrókur alls fagnaðar í veislu með Michael Jordan, Eddie Murphy og Howard Stern á laugardagskvöldi.

## ➜ MYND UM LÍF MIT21 SPILARA

Í mars næstkomandi verður tekin til sýninga kvikmyndin 21 sem byggð er á bók Bens Mezrich um fjárhættuspilarana frá MIT-tækniháskólanum. Með aðalhlutverkin fara meðal annarra Kevin Spacey, Kate Bosworth og Lawrence Fishburne en leikstjóri er Robert Luketic.

MGM-kvikmyndasamsteypan er einn aðalframleiðandi myndarinnar en MIT-spilararnir höfðu stórfé af spilavíti í hennar eigu í Las Vegas. Gárungarnir vilja meina að stjórnendur MGM hafi þar loksins séð sér leik á borði til að endurheimta þær fúlgur fjár sem þeir töpuðu í hendur háskólastrákanna.



# ego dekor



40% afsláttur

## New York hnotulína -40% afsláttur

Borð 200x90
Verð áður: 58.000,-
-40%
Verð nú: 34.800,-

Stóll Zoe
Verð áður: 13.900,-
-40%
Verð nú: 8.340,-

Borð og 6 stólar saman
Verð áður: 141.400,-
-40%
Verð nú: 84.840,-

Sófaborð 120x60
Verð áður: 35.000,-
-40%
VERÐ NÚ: 21.000,-

Sófaborð 60x60
Verð áður: 26.000,-
-40%
VERÐ NÚ: 15.600,-





30% afsláttur

Piero leðursófasett
Fáanlegt í svörtu og hvítu leðri
3+1+1

Verð áður: 249.000,-
-30%
Verð nú: 174.300,-



40% afsláttur

Borðstofuskenkur
Stærð: 150x50xH:93
Verð áður: 98.000,-
-40%
Verð nú: 58.800,-

# ÚTSALAN Í FULLUM GANGI 20-70% AFSLÁTTUR



40% afsláttur

## New York eikarlína -40% afsláttur

Borð 160x90,
Verð áður: 45.000,-
-40%
Verð nú: 27.000,-

Borð 180x90
Verð áður: 49.000,-
-40%
Verð nú: 29.400,-

Borð 200x90
Verð áður: 58.000,-
-40%
Verð nú: 34.800,-

Borðstofuskenkur,
Stærð: 150x50xH:93,
Verð áður: 98.000,-
-40%
Verð nú: 58.800,-

Ljósakrónur úr smíðajárni
-70%
Verð frá: 4.350,-



70% afsláttur



25% afsláttur

Clay leðurhornsófi
Fáanlegur í svörtu og brúnu leðri
Stærð: 230x230

Verð áður: 199.000,-
-25%
Verð nú: 149.250,-



30% afsláttur

Rio leðurtungusófi
Fáanlegur í svörtu, hvítu og brúnu leðri
Stærð: 260x155
Verð áður: 185.000,-
-30%
Verð nú: 129.500,-

**Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-16:00 - sun 13:00-16:00 - Bæjarlind 12 - S: 544 4420 - www.egodekor.is**

# Breytt viðhorf til meðgöngu og hreyfingar

Hjúkrunarfræðingarnir Dagmar Heiða Reynisdóttir og Guðrún Lovísa Ólafsdóttir tóku sig til eftir að hafa báðar reynt það á meðgöngu að finna hvergi almennilegt púl fyrir óléttar konur í borginni og gerðu lokaverkefni sitt í hjúkrunarfræði um líkamsrækt á meðgöngu. Í kjölfar rannsókna sinna komu þær svo á fót leikfimi fyrir óléttar konur sem vilja fá púlsinn meira upp en hann fer í jóga og sundi. Júlía Margrét Alexandersdóttir hitti þær stöllur sem segja gamla viðhorfið, að óléttar konur eigi bara að vera í rólegheitum á meðgöngu, á undanhaldi.



**KOSTIRNIR ENDALAUSIR** Guðrún Lovísa Ólafsdóttir og Dagmar Heiða Reynisdóttir gerðu lokaverkefni í hjúkrunarfræði um líkamsrækt á meðgöngu og komust að því að kostir þess að hreyfa sig ófrískur eru endalausir. Bæði er fæðingin sjálf, meðgangan og ferlið að ná sér eftir fæðingu allt auðveldara.

MYND/JÓN PÉTUR MAGNÚSSON

Guðrún Lovísa og Dagmar kynntust upphaflega á slysadeild þar sem þær unnu báðar og Dagmar vinnur þar enn og kynntust svo enn betur þegar þær skráðu sig í hjúkrunarfræði. Þær hafa verið ansi samtaka síðustu árin, útskrifuðust báðar árið 2004, gerðu lokaverkefnið saman, urðu óléttar á nærri sama tíma og eru nú aftur verðandi og nýorðin mamma – Guðrún Lovísa á 2 vikna stúlku og Dagmar á von á sér eftir sex vikur. Síðasta árið hafa þær rekið líkamsrækt fyrir konur á meðgöngu en leikfimin er nokkuð öðruvísi en sú meðgönguleikfimi sem áður hefur þekkst hérlendis, þar sem konurnar taka armbeygjur, lyfta lóðum og púla almennilega líkt og væru þær ekki barnshafandi.

**Enginn þorði að ráðleggja okkur um líkamsrækt**

*Hvernig kom það til að þið ákváðuð að hella ykkur út í að reka meðgönguleikfimi?*

**Dagmar:** Þegar við vorum í hjúkrunarfræðinni urðum við óléttar á sama tíma en við vorum báðar vanar því að stunda mikla og reglulega líkamsrækt. Við komumst hins vegar fljótlega að því eftir að við urðum óléttar vantaði algerlega einhverja almennilega meðgönguleikfimi þar sem við gætum tekið hressilega á því.

**Guðrún:** Við prófuðum báðar það sem í boði var. Dagmar fór í jóga og ég fór í sundið og fannst ég fá lítið úr æfingunum.

**Dagmar:** Og jógað hentaði mér engan veginn því ég vildi taka betur á því, þótt ég viti vel að það henti vel sumum. En ef maður er vanur því að æfa mikið er svo erfitt að fara allt í einu út í rólegar æfingar. Þannig að maður hélt áfram að reyna að æfa í sinni líkamsræktarstöð og fara í tíma en fljótlega var það orðið of erfitt og þess vegna kviknaði þessi hugmynd.

**Guðrún:** Við fórum að spá í hvað það væri sem óléttar konur mættu gera og spurðumst fyrir hjá læknum og hjúkrunarfræðingum og fengum mjög misvísandi upplýsingar um hvað það væri. Enginn þorði að segja okkur nákvæmlega hvernig líkamsrækt væri óhætt að stunda og hvaða hreyfingar væru æskilegar þannig að við ákváðum bara að hella okkur út í rannsóknarvinnu og komast að því hvað væri hentugt fyrir ófrískar konur. Og úr varð að lokaverkefnið okkar fjallaði um líkamsrækt á meðgöngu.

**Dagmar:** Já, við lásum okkur vel til og kynntum okkur fullt af rannsóknum sem gerðar hafa verið um líkamsrækt á meðgöngu og þegar lokaverkefnið var fullunnið langaði okkur að gera eitthvað meira með þessa hugmynd.

**Fæðingar styttri og eðlilegri**

*Og hverju komust þið að – hver var niðurstaða verkefnisins?*

**Dagmar:** Við komumst að því að kostir þess að hreyfa sig á meðgöngu voru ótrúlega margir – svo margir að það kom okkur á óvart.

**Guðrún:** En það kom líka í ljós að flestir af þessum kostum komu ekki fram nema fólk stundaði reglulega líkamsrækt og hún þurfti að eiga sér stað í það minnsta þrisvar í viku og vera markviss, með bæði þol- og styrktaræfingum. Ef við teljum einhverja af kostunum upp þá má til að mynda nefna að líkamsræktin getur komið að miklu leyti í veg fyrir velþekkt vandamál ófrískra kvenna, þvagleka. Einnig eru allir stoðkerfisverkir minni, hvort sem það eru grindarverkir, bakverkir eða annað.

**Dagmar:** Sem og styttri og auðveldari fæðing og einnig hefur líkamsræktin mikil áhrif á þyngdaraukningu kvennanna og jákvæð áhrif á börnin sem fæðast yfirleitt ekki jafn feit og því er auðveldara að fæða þau. Einnig er mun minna um læknisfræðileg inngrip, svo sem sogklukku og keisaraskurði hjá þeim konum sem líkamsrækt stunda.

**Guðrún:** Einn af stærstu kostunum er líka sá að maður er miklu fljótari að jafna sig eftir fæðinguna.

*Eru einhverjar æfingar sem þær ófrísku mega alls ekki gera?*

**Dagmar:** Það eru nokkur atriði sem við þurfum að passa okkur að gera ekki og til að mynda skal forðast að standa of mikið á öðrum fæti, til að það sé jafnt álag á grindina. Við pössum okkur á því að gera ekki æfingar lengi á bakinu og hvílum okkur á milli æfinga á hliðinni, sérstaklega þegar konur eru komnar 34-36 vikur á leið.

**Guðrún:** Og við leggjum bara mikla áherslu á það að konan hlusti á líkamann.

**Það má lyfta þungu og það má gera kviðæfingar**

*En æfingar sem algengur misskilingur er um að ófrískar konur megi ekki gera – eru þær nokkrar?*

Guðrún: Við megum gera kviðæfingar á bakinu.

**Dagmar:** Það eru rosalega margir sem halda að kviðæfingar megi alls ekki gera. Og maður hefur heyrt alls kyns hryllingssögur um slíkt – að kviðvöðvarnir rifni og jafnvel halda sumir að kviðvöðvarnir rifni þá í fæðingu. En að vera með sterka kviðvöðva í fæðingu hjálpar bara, sérstaklega þegar kemur að því að rembast. Einnig eru konur mun fljótari að skreppa saman. Kviðæfingarnar komu Guðrúnu til dæmis að góðum notum í hennar fæðingu.

**Guðrún:** Alveg rosalega. Ég gerði til að mynda ekki mikið af kviðæfingum á fyrri meðgöngunni og kviðurinn var lengi að jafna sig. Núna var kviðurinn enga stund að skreppa saman aftur og það var ekkert mál að koma dóttur minni út og rembingurinn var ótrúlega auðveldur. Ég hélt þetta yrði miklu erfiðara og ég er viss um að það hafi hjálpað mikið til – að vera með svona sterkan kvið. Við gerum samt auðvitað ekki allar kviðæfingar. Við gerum til dæmis ekki magaæfingar þar sem konurnar reisa sig alla leið upp og leggjum minni áherslu á vöðvana sem fólk kallar „sixpack“, heldur leggjum við meiri áherslu á hliðarvöðvana. Í fæðingunni eru það nefnilega þeir sem hjálpa til og vinna vinnuna en stóri kviðvöðvinn er svo ofteygður að hann gerir ekki mikið.

**Dagmar:** Svo eru auðvitað alltaf margir sem halda að það megi ekki lyfta þungu. Við erum að lyfta lóðum en metum það auðvitað hversu þungt hver og ein getur tekið. En ef maður passar upp á líkamsstöðu þá er það ekkert nema gott að lyfta, svo lengi sem maður er ekki að lyfta einhverjum tugum kílóa.

**Fæðingin gekk miklu betur**

*Hver er ykkar eigin reynsla – hver er ykkar samanburður á eigin meðgöngu og fæðingu núna þegar þið æfðuð allan tímann og frá síðustu meðgöngu þegar þið voruð ekki í jafn stífu æfingaprógrammi?*

**G:** Að bera meðgönguna saman hjá mér er eins og svart og hvítt. Ég var rosalega slæm á meðgöngunni síðast, með slæma bakverki, slæm í grind og mjöðm. Var með svo svakalegan bjúg að ég þyngdist um einhver 24 kíló og fékk vott af háþrýstingi og átti fyrir tímann. Núna, þótt ég hafi gengið þrem vikum lengra var ég tólf kílóum léttari, enginn bjúgur, enginn háþrýstingur og ég var að kenna þar til tveimur dögum áður en ég átti og byrjaði að kenna aftur tíu dögum eftir að ég átti.

**Dagmar**: Á síðustu meðgöngu æfði ég fram á sjötta mánuð, eróbikk og fór út að hlaupa, en þegar ég var komin þetta langt á leið var ekkert í boði fyrir mig sem gat tekið við. Nú hef ég haldið áfram og er enn að kenna og hef metið hvað ég get gert því ég hef verið slæm í grindinni. Ég er komin 34 vikur núna og þegar ég var komin jafnlangt síðast var ég til dæmis með háþrýsting en er ekki með hann núna.

> ❞ Einnig hefur líkamsræktin mikil áhrif á þyngdaraukningu kvennanna sem og jákvæð áhrif á börnin sem fæðast yfirleitt ekki jafn feit og því er auðveldara að fæða þau.

**➜ Almennar ráðleggingar um líkamsrækt á meðgöngu:**



- Hlusta á líkamann og forðast örmögnun. Gott getur verið að meta álag út frá talprófinu, þ.e. hvort konan getur haldið nokkurn veginn uppi samræðum á meðan hún stundar sína líkamsrækt.
- Æfa reglulega fremur en slitrótt. Barnshafandi konum er ráðlagt að stunda líkamsrækt í a.m.k. 30 mín. á dag, flesta ef ekki alla daga vikunnar, eins og konum sem ekki eru barnshafandi. Ekki er þó æskilegt að stunda þolþjálfun lengur en í 45-50 mínútur samfleytt, nema konan sé í góðri þjálfun fyrir meðgöngu.
- Mikilvægt er að borða létt 30-60 mínútum fyrir æfingar til þess að forðast blóðsykursfall á meðan á æfingu stendur.
- Mikilvægt er að styrkja grindarbotn, kvið og bak til þess að minnka líkur á stoðkerfisverkjum og þvagleka.
- Eftir 34.-36. viku meðgöngu ætti að forðast að gera æfingar liggjandi á baki nema í 3-5 mínútur í senn án þess að hvíla á milli æfinga.
- Forðast kyrrstöðu til lengri tíma, mikil hopp og hlaup.
- Hita upp fyrir æfingar og teygja vel á eftir æfingar.

**Geta æfingar skaðað fóstrið á einhvern hátt?**

- Engar rannsóknir hafa sýnt fram á að líkamsrækt á meðgöngu auki líkur á fyrirburafæðingum, fósturláti eða fæðingargöllum.

- Hins vegar hafa margar rannsóknir sýnt fram á jákvæð áhrif á vöxt og virkni fylgju sem stuðlar að auknu blóðflæði til fósturs.


Allt sem þú þarft...
Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins og það eina sem kemur út alla daga vikunnar. Lesendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir opna Fréttablaðið.
FRÉTTABLAÐIÐ
...alla daga

# Hvað segja fötin um manninn?

Það er ofurmannlegt að rýna aðeins í textílmynstrið á kápunni og leðrið í skónum og draga einhverjar ályktanir um hvaða persónu viðkomandi hefur að geyma. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* brá á leik með nokkrum spekingum og sendi þeim ljósmyndir af þekktu fólki hér í bæ þar sem búið var að fela andlit viðkomandi. Voru álitsgjafar beðnir um að „lesa“ í klæðaburðinn og segja til um hvers konar persónuleiki klæddi sig svona án þess að þeir hefðu nokkra hugmynd um hverjir eigendur fatanna voru.

**Jónína Leósdóttir:**
Þetta er greinilega íhaldssamur maður og dálítið gamaldags. Svo sýnist mér hann líka vera með ermahnappa. Það styrkir þetta viðhorf mitt enn frekar – og sýnir þar að auki að maðurinn er þokkalega stæður. Það sést á höndunum á honum að hann er meiri innimaður en útimaður. Það liggur við að lýsingin „hefur varla dýft hendi í kalt vatn“ komi upp í hugann. Auðvitað er þó ekki þar með sagt að hann sé ekki vinnuþjarkur. Mér finnst hann hafa fæðst á svolítið vitlausum tíma – og gæti vel trúað að honum fyndist það líka.

**Þóra Sigurðardóttir:**
Þetta er týpa sem er ekki mikið að velta sér upp úr klæðaburðinum – en þó. Slaufan er alltaf ákveðin yfirlýsing, rétt eins og konur með hatta. Annars er þetta fremur hversdagslegur klæðnaður, gæti verið kominn til ára sinna og eigiandinn er ekki mikið að velta sér upp úr ytra birði. Þó örlar þó á sjentilmanninum því áðurnefnd slaufa, ermahnaparnir og axlaböndin bjóða uppá skemmtilegan og herramannslegan retró fíling. Spái því að þetta sé hagfræðingur hjá Seðlabankanum eða jafnvel jarðfræðingur.

**Dr. Gunni:**
Þar sem ekki eru margir með slaufur svona dags daglega hlýtur þetta annað hvort að vera Ármann Reynisson eða Kjartan Gunnarsson í Landsbankanum. Ef ekki þá er þetta einhver sem er andlega skyldur þeim. Ég myndi því ætla að þessi hefði gaman að vinjettum, vönduðum vínum, framgangi Sjálfsstæðisflokksins og bridds.



**Klæðnaðurinn tilheyrir: Kjartani Gunnarsyni**



**Dr. Gunni:**
Þessi má ekkert ljótt sjá og er alltaf tilbúin að berjast. Hún áframsendir allan fjöldapóst hvort sem verið er að mótmæla stækkun virkjana eða áformum um niðurrif gamalla húsa. Hún vill sjá betri heim en efast stundum um að það sé raunhæf von. Þá kemst hún að því að líklegast sé best að byrja á sjálfri sér og leita inn á við. Talar við spámiðil, andlegan kynlífsfræðing og vísan indjána sem hingað er kominn til að skoða augun í fólki. Indjáninn segir henni að skrifa ljóðabók og hún er ekki lengi að hlýða fyrirmælum hans.

**Þóra Sigurðardóttir:**
Þessi týpa er klárlega ekki meðlimur í PETA! Hér er á ferðinni djörf týpa sem sumir gætu skilgreint sem litblinda en ég er ekki endilega sammála því. Djörf og dáldið töff kjötæta með þjóðlegu og listrænu ívafi sem borðar ábyggilega hval- og pónÍhestakjöt á jólunum.
Ekki þykir mér ósennilegt að hún sé í listum – þú særir aldrei starfsmann í Kaupþingi í svona múnderingu án þess að verða fyrir grófu aðkasti dragtarmafíunnar. Þetta gæti líka svo sem verið flippaður sauðfjárbóndi sem vill ólmur sína afrakstur heimaslátrunarinnar þó að það útskýri með engu móti villtar hlébarðabuxurnar.
Nei, ég held mig við listatýpuna og spái því að hún sé rauðhærð í þokkabót og gef henni prik fyrir dirfsku en mínus fyrir ofnotkun á afurðum dýraríkisins.

**Jónína Leósdóttir:**
Það æpir á mann að þetta er kona sem fer sínar eigin leiðir, jafnt í klæðaburði sem öðru. Hún er mjög kjarkmikil og sjálfsörugg. Annars hefði hún aldrei þorað að blanda saman svona ólíkum efnum, litum og mynstrum.
Ég átta mig ekki alveg á hvort hún er í pilsi eða buxum. Flestum hefði hins vegar ekki fundist þessi flík passa við græna lopapeysu. En hún kemst upp með það vegna þess hvað hún hefur gott sjálfstraust. Það sést á því hvernig hún stendur. Stellingin segir: Hér er ég!
Kannski vinnur hún því eitthvað með höndunum. En hún er að minnsta kosti með mjög sterka, listræna hæfileika.

**Klæðnaðurinn tilheyrir: Dorrit Moussaeiff**

**Dr. Gunni:**
Þessi múndering öskrar: NÖRD! Því er ekki ósennilegt að hér sé á ferð veðurfræðingur, stjörnufræðingur eða tölvukarl. Hann er traustur náungi og á sér mörg áhugamál sem hann sökkvir sér niður í. Honum finnst gaman að ganga á fjöll og vera þar einn með sjálfum sér. Hann náði sér í konu sem er líka nörd og saman eiga þau tvö börn, sem öll eru líka nörd. Þetta er allt topplið og salt jarðar enda eru nördarnir bestir!

**Þóra Sigurðardóttir:**
Halló Hafnarfjörður! Þetta er litapalletta í lagi. Beis í nokkrum afbrigðum.
Þetta er ákaflega settleg týpa, ekki mikið fyrir að taka áhættur og vill hafa þægilegt í kringum sig. Veðja á að hann á Lazy-boy heima hjá sér og finnst gott að fá sér kakó með Baileys á kvöldin. Peysan er vel rúm og greinilega mikið notuð, en vönduð og eigandanum ábyggilega kær.
Kakíbuxurnar eru bara dáldið krúttlegur punktur yfir i-ið. Ég giska á að hér sé á ferðinni vinstrisinnaður fræðimaður, mögulega veðurfræðingur eða einhver á Þjóðminjasafninu. Háskólakennari eða eitthvað í þeirri deildinni. Múnderingin ber það allavega með sér að hann hafi lesið bók eða tvær.

**Jónína Leósdóttir:**
Þessi maður er dálítið forn, eins og sá með þverslaufuna. Þarna er hann í afslöppuðum gír. Þetta eru að minnsta kosti ekki vinufötin hans. Ég held að þessi karlmaður hafi komið sér upp mjög fastmótuðum stíl og viti nákvæmlega hvað hann vill þegar föt eru annars vegar. Þessi ljósi litur verður örugglega oft fyrir valinu þegar hann kaupir sér hversdagsfatnað en í vinnunni gengur hann í dekkri litum.



**Klæðnaðurinn tilheyrir: Ástþóri Magnússyni**

**Dr. Gunni:**
Þetta er fín frú og hér mynduð í veislu með manni sínum, sem er kunnur í þjóðfélaginu fyrir störf sín. Þau búa flott og lifa lífinu í efri mörkum þeirra lífsgæða sem Vesturlönd hafa skapað sér með því að níðast á restinni af heiminum. Svo gæti þetta verið tóm steypa því kjóllinn er undarlegur. Þetta gæti þess vegna verið slátrari sem var nýkomin úr vinnunni þegar hún fékk sér einn kokkteil á Langabar.

**Þóra Sigurðardóttir:**
Hér er greinilega á ferðinni pólitísk sósíalpadda á atkvæðaveiðum. Afskaplega útspegúleruð múndering sem segir: „Sjáðu mig – ég er þjóðleg og styð íslenska framleiðslu! Plís kjósið mig eða manninn minn!“ Auk þess stendur hún greinilega þétt upp við manninn sinn til að leggja áherslu á hvað þau séu samrýmd og hress en hún gleymir að stinga glasinu fyrir aftan bak sem er nauðsynlegt fyrir alla í pólitík.
En hún fær prik fyrir litavalið, kjóllinn er fallegur og eitthvað segir mér að hún hafi verið mun pæjulegri en stöllur hennar í þessu partíi.

**Jónína Leósdóttir:**
Þessi kona er annaðhvort ung með örlítið gamaldags fatasmekk eða nálægt miðjum aldri, óvenju síðhærð (fyrir sinn aldur) og klæðir sig eins og konur sem eru yngri en hún.
Efnið í kjólnum minnir óneitanlega á rauðsokkulega batikmussu – en gæti líka verið mjög nútímalegt, „Rögnu Fróðalegt“ og smart.
En ekkert af þessu segir mér mikið um manneskjuna. Og þó. Ég giska á að föt og aðrir veraldlegir hlutir skipti hana minna máli en það sem fram fer inni í höfðinu á fólki – þar á meðal henni sjálfri.



**Klæðnaðurinn tilheyrir: Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur**

**Dr. Gunni:**
Herra útrás gáir hver var að senda honum sms – „æ bara mamma eitthvað að suða um að koma í heimsókn. Enginn tími til þess. Verð að græða meira. Græða meira. GRÆÐA MEIRA! Hluthafarnir krefjast þess og hagkerfið verður að rúlla áfram á góðu bíti. Ég meina, ekki lifum við á fjallagrösum. Fínt, nú hringir verktakinn og segist hafa fundið nokkra Pólverja til að rífa 80 milljón króna einbýlishúsið á Seltjarnarnesi og byggja nýtt með fimmföldum bílskúr og þyrlupalli. Jess beibí, við erum að dansa.“

**Þóra Sigurðardóttir:**
Úff, hér erum við með sparigrís í lagi (lesist: týpa sem spáir óhóflega mikið í heildarútlitið og missir hæglega svefn yfir nýjustu jakkafatasendinunni hjá Sævari Karli). Veðja jólagjöfunum mínum á að hann er í fjólubláum nærbuxum í stíl við skyrtuna. Síminn er síðan punkturinn yfir i-ið.
Þetta er háklasssa steríótýpa. Einn af spöðunum í samfélaginu eða einhver sem þráir að tilheyra þeirri kreðsu. Særir hann aldrei í hreindýrapeysu á jólunum og hann sefur ábyggilega í Boss náttfötum, á tempúr-dýnu, í hvítri mínímalískri íbúð með 82 tommu flatskjánum sínum.

**Jónína Leósdóttir:**
Þessi náungi vill ekki bara sýnast „hipp og kúl“ – hann ER „hipp og kúl“. Útlitið styrkir sjálfstraust hans og stuðlar að vellíðan sem skilar honum betri árangri í starfi. Og ekki spillir það heldur fyrir ef hann finnur að konur virða hann fyrir sér með velþóknun.
Ég giska á að hann sé efnaður. Einnig held ég – án þess að geta beinlínis rökstutt það – að hann sé svolítið sérstök blanda: Ótrúlega framkvæmdasamur maður sem á jafnframt óvenjuauðvelt með að slaka á. Hann virkar eitthvað svo afslappaður með höndina í buxnavasanum en samt er hann í vinnustellingum.



**Klæðnaðurinn tilheyrir: Björgólfi Thor**

**Dr. Gunni:**
Hér höfum við sjálfstæða skvísu sem óöruggum körlum er illa við. Þeim stendur stuggur af henni og finnst fúlt að eiga engan séns í hana. Skvísan er líklega einhleyp (eða með yngri mann upp á punt) og hefur komist í álnir eða til áhrifa með útsjónarsemi og dugnaði. Og ekki skemmir útlitið fyrir henni. Henni finnst best að slappa af á ættarsetri fjölskyldunnar úti á landi og er þar allt önnur manneskja en vanalega í „frumskóginum Reykjavík“. Hún fer í ræktina að minnsta kosti fjórum sinnum í viku og er leynilegur aðdáandi AC/DC.

**Þóra Sigurðardóttir:**
Hér er kona í yngri kantinum sem hefur ábyggilega horft ansi mikið á Völu Matt. Skemmtilega snjáðar gallabuxurnar gefa til kynna ungan aldur og dálítinn töffaraskap á meðan jakkinn er frú frúarlegri. Pósan er samt útpæld og kemur vel út á mynd og því ætla ég að leiða líkur að því að hér sé á ferðinni sjálfsörugg kona, með klassískan smekk en þó veik fyrir hóflegu glingri – eins og sjá má á skrautlegri beltissylgjunni og hringnum. Þetta er kvenskörungur sem fellur ekki í pjattið og vitleysuna en á það til að vera helst til of settleg miðað við aldur.

**Jónína Leósdóttir:**
Þessari konu leiðist ekki að láta horfa á sig, enda leggur hún rækt við útlitið og getur verið stolt af því.
Þótt konan sé svolítið „fatafrík“ þýðir það ekki að hún sé innantóm puntudúkka sem hefur ekkert til málanna að leggja. Aldeilis ekki. Ég held að hún sé eldklár og hæfileikarík – og eitthvað við myndina gefur líka til kynna að hún sé hress og skemmtileg manneskja. Sjálfsöruggur töffari með mikla kímnigáfu.



**Klæðnaðurinn tilheyrir: Ingu Lind Karlsdóttur**







**ÁLITSGJAFAR FRÉTTABLAÐSINS ERU:**

DR. GUNNI: TÓNLISTARMAÐUR OG BLAÐAMAÐUR
ÞÓRA SIGURÐARDÓTTIR: RITHÖFUNDUR
JÓNÍNA LEÓSDÓTTIR: RITHÖFUNDUR OG LEIKSKÁLD

habitat

# ÚTSALA

## 30-70% afsláttur

Einnig fáanlegur í fleiri litum, tau og leður. Fætur til í svartri, grárri og náttúrulegri eik.



**OSLO** leðurstóll
Verð áður ~~27.900 kr.~~ nú **16.700 kr.**



**ZUCCO**
Verð áður ~~19.900 kr.~~ nú **13.900 kr.**



**VITRO**
Verð áður ~~23.900 kr.~~ nú **16.700 kr.**

Einnig fáanlegur sem barstóll



**PALOCCO**
Verð áður ~~15.900 kr.~~ nú **10.900 kr.**



**PALOCCO**
Verð áður ~~15.900 kr.~~ nú **10.900 kr.**

Einnig fáanlegur sem barstóll



Glær

**PALOCCO**
Verð áður ~~15.900 kr.~~ nú **10.900 kr.**

Einnig fáanlegur í hvítu og svörtu



**VERDI** plaststóll
Verð áður ~~9.900 kr.~~ nú **5.900 kr.**



**VITRO**
Verð áður ~~23.900 kr.~~ nú **16.700 kr.**



**VERDI** plaststóll
Verð áður ~~9.900 kr.~~ nú **5.900 kr.**

Askalind 1, Kópavogur. Sími 568 9700. Opið virka daga 10 - 18, lau 10 - 17 og sun 10 - 16.



## HLJÓÐFÆRI HUGANS
### Njörður P. Njarðvík skrifar um íslenskt mál

**Við komumst alltaf fyrir**

Þétt gufan reyndi að brjótast út úr eldhúsinu, þrengja sér að rúðunum eins og barmmikil kona að mjóslegnum manni, en komst hvergi. Ég hafði skellt aftur glugganum, var á leið í bað, kærði mig ekki um trekk. Þegar loftið var orðið svo heitt og rakt að vatnsperlur mynduðust á borðum og stólum, afklæddist ég og steig ofan í trébalann mikla sem konur nota undir stórþvott eða barnahópinn á laugardögum og er alltof þröngur fyrir fullorðna manneskju, en ef ég dró undir mig fæturna, lá í kuðung, komst ég fyrir. Við komumst alltaf fyrir ef við förum rétt að.

*Kristín Marja Baldursdóttir: Óreiða á striga (2007)*

**Stig haldi?**

„Óvíst að þjónustustig Landspítalans haldi“ segir í fyrirsögn hér í Fbl. 15. des. Hvað skyldi þetta merkja á mannamáli? Skýring fæst í greininni: „Við ætlum að reyna að hagræða þannig að það komi ekki niður á þjónustu við sjúklinga...“ – en þjónustustig er mér framandi orð og lítt skiljanlegt. Og enn síður að það haldi. Á mannamáli mætti kannski segja: Óvíst um óbreytta þjónustu. Skilst það ekki betur? Ekki er nauðsyn að fjalla um stofnanir á stofnanamáli.

**Áhorf í gangi**

„Hvaða áhorf er í gangi?“ – var spurt í fréttum á Stöð 2, 19. des. No. áhorf er ungt og haft um hversu mikið er horft á tiltekið sjónvarpsefni og oftast haft um könnun eða rannsókn á „áhorfi“. Það réttlætir hins vegar ekki ofangreinda notkun. Í stað „hvaða áhorf“ mætti segja „hversu margir horfa“ – og svo má ég til með að amast við þessu sífellda „í gangi“ sem alltof margir tönnlast á í tíma og ótíma.

**Var**

„Við starfsfólk kirkjugarðanna höfum orðið var við það...“ – var sagt í fréttum Rúv. 22, des. Hvað eftir annað heyrum við viðlíka rangbeygingu lo. var sem merkir að taka eftir, veita athygli, skynja. Hann verður var við, hún verður vör við, það verður vart við, þeir verða varir við, þær verða varar við, þau verða vör við. Og við (fólkið, karlar og konur) verðum vör við.

**Viðbragðsaðilar!**

Ekki er langt síðan ég fjallaði um aðilapláguna miklu. Og nú bætast í það safn nýir „aðilar“ fengnir úr stórri fyrirsögn í Mbl. á gamlársdag: „Viðbragðsaðilar í baráttu við veðrið.“ Í greininni sést að það eru björgunarsveitar- og slökkviliðsmenn sem fá þetta ósmekklega starfsheiti. Viðbragðsaðili? Ef ég bregst við slæmu málfari, er ég þá ekki líka „viðbragðsaðili“ að dómi þessa blaðamanns – eða kannski „málfarsaðili“?

**Braghenda**

Ragnar Böðvarsson sendir þessa braghendu:

*Hvítum voðum hól og lautu*
*hjúpað getur*
*sjálfsagt öllum öðrum betur*
*afli Norðra gæddur vetur.*

Vilji menn senda mér braghendu eða góðfúslegar ábendingar: npn@vortex.is

## GÓÐ VIKA / SLÆM VIKA

### Góð vika fyrir...

**... andstæðinga kvótakerfisins**



Eftir áratugalanga baráttu gegn vindmyllum kerfisins fengu andstæðingar kvótakerfisins loksins vind í seglin þegar Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna úrskurðaði að íslenskum stjórnvöldum bæri að endurskoða fiskveiðistjórnunarkerfið og greiða tveimur sjómönnum bætur fyrir að hafa ekki fengið úthlutað kvóta. Þetta er þó væntanlega skammgóður vermir því bæði sjávarútvegsráðherra og framkvæmdastjóra LÍU finnst lítið til koma.

**... íslenska vatnið**

Bevnet.com, netbiblía drykkjarbransans, kaus í vikunni Icelandic glacial natural spring water besta vatn í heimi. Þetta er mikil viðurkenning og söluhvetjandi fyrir drykkinn, sem Jón Ólafsson hefur fengið Anheuser-risann til að dreifa fyrir sig í Bandaríkjunum. Það er líka gott fyrir þjóðarstoltið að það sé skjalfest að vatnið okkar sé það besta í heimi.



**... baráttufólk**



Nú þegar mestur vindur er farinn úr andófi gegn virkjunarframkvæmdum á hálendinu kemur nýtt mál eins og himnasending upp í hendurnar á baráttufólki: húsafriðun í miðbæ Reykjavíkur. Vondu karlarnir ætla að rífa krúttlegu kofana og byggja ljóta steypukassa og nú verður aldeilis tækifæri til að halda mótmælatónleika, málfundi og kröfugöngur. Jafnvel má hlekkja sig við Lífstykkjabúðina ef í hart fer.

### Slæm vika fyrir...

**... hlutabréfaeigendur**



Það sem fer upp, kemur niður, og í vikunni lækkuðu hlutabréfin sem aldrei fyrr. Enginn er kannski beinlínis farinn á hausinn ennþá, en þetta lítur ekki vel út fyrir marga, sérstaklega þá sem fjármögnuðu allt sitt með lánum. Anda nú fegnir þeir sem aldrei létu hafa sig út í að taka þátt í hlutabréfadansinum.

**... alla sem koma nálægt ráðningu Þorsteins Davíðssonar**



Það er sama hvernig á það er litið, allir sem koma nálægt ráðningu Þorsteins Davíðssonar til Héraðsdóms Norðausturlands og Austurlands koma illa út úr málinu. Settur dómsmálaráðherra, Árni M. Matthiesen, lítur úr eins og kjáni og er sagður af Pétri Kr. Hafstein, formanni dómnefndar, fara með rangfærslur; Pétur og hinir í dómnefndinni koma illa frá málinu því á þau er greinilega ekkert hlustað þegar til kastanna kemur; og Þorsteinn Davíðsson kemur ekkert sérlega sterkur út úr þessu heldur, þótt hann sé í stjórn bókmenntaverðlauna Tómasar Guðmundssonar og allt.

**... Víkverja Morgunblaðsins**



Hinn mikli aðdáandi Karlakórsins Heimis í Skagafirði lýsti því yfir á þriðjudaginn að það yrði reginhneyksli ef kórinn fengi ekki Eyrarrósina, verðlaun forsetaembættisins til þess sem skaraði fram úr í menningarmálum landsbyggðarinnar. Þótt kórinn syngi við afhendinguna gerði það ekki gæfumuninn og Eyrarrósin fór til ísfirska rokkhunda. Það gengur bara betur næst.

## HELGARKROSSGÁTAN









Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.this.is/krossgatur



# HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

## ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2008

Til greina koma allir sem hafa lagt sitt af mörkum til að bæta íslenskt samfélag. Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök eða þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

**Samfélagsverðlaunin eru veitt í fimm flokkum.**

**1) Hvunndagshetjan**

Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

**2) Frá kynslóð til kynslóðar**

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

**3) Til atlögu gegn fordómum**

Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

**4) Heiðursverðlaun**

Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

**5) Samfélagsverðlaunin**

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Sendið tilnefningar á hlekknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á **visir.is/samfelagsverdlaun**, með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í febrúar.

**Frestur til að senda tilnefningar er til hádegis mánudaginn 28. janúar.**

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

zebra

# EINA BLAÐIÐ Á SUNNUDEGI




## Stjarna á hraðri uppleið

Jörundur Ragnarsson leikari og “starfsmaður í þjálfun” segir frá ótrúlega viðburðaríkum ferli sem þó er rétt nýhafinn.

## Forsetinn og glamúrpían

Sarkozy svífur um í rósrauðum draumi ásamt söngfuglinum Cörlu Bruni á meðan franska þjóðin kvartar sáran undan kreppunni.

## Vefleikur Íslendings slær í gegn

Tölvuleikur sem byggir á bandaríska hlutabréfamarkaðnum vekur athygli vestanhafs.

## Matur

## Nýtt tímarit sem fylgir mánaðarlega með sunnudagsblaði Fréttablaðsins

Hollir og góðir aðalréttir, Fiskur – alvöru skyndibiti, Freistandi sælkerasamlokur að hætti Marentzu Poulsen, Huggun hungri gegn, Te er ekki það sama og te, Heilsa með hristingi.

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft – alla daga





# STUÐ MILLI STRÍÐA Sjónvarpsstjörnur og samóvar

**SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR** SVALAR SKYNDILEGUM FRÓÐLEIKSÞORSTA



Það hefur hellst yfir mig fróðleiksþorsti. Ég stend sjálfa mig allt í einu að því að renna hýru auga til fræðslubóka í sömu stærð og eldhúsborðið mitt, skrá mig á námskeið og vilja vita allt um rússnesku keisarana.

Í vikunni starði ég lengi á auglýsingu um dansnámskeið með tveimur sjónvarpsstjörnum utan úr heimi. Ég hef dáðst að þeim báðum í gegnum sjónvarpið á liðnum árum, og látið mig dreyma um að vera nógu góður dansari til að geta sótt tíma hjá þeim á meðan ég hakkaði í mig ís. Fróðleiksþorstanum virðist fylgja framkvæmdagleði, því án þess að ég tæki eftir því var ég allt í einu búin að skrá mig á umrætt námskeið. Hvað ég vildi meina með þessu er enn óljóst, því ég hef ekki komið nálægt danssal nema í mýflugumynd í ein níu ár eða svo. Sé fram á tognun og algjöra niðurlægingu um miðjan febrúar.

Svo er það ljósmyndanámskeiðið sem ég er í þann mund að fara að tilkynna nærveru mína á. Einn, tveir og brostu, nú skal það framkvæmt sem ég hef svo lengi ætlað. Ég á þessa líka fínustu myndavél, en það er eins og að ætla að tala við geimveru að reyna að eiga einhver uppbyggileg samskipti við hana. Úr því skal bætt. Niðurlægingin þar á bæ getur ekki orðið algjör, þó að ég eigi við tæknilega örðugleika að stríða.

Í næstu bókasafnsferð hyggst ég svo taka allar hugsanlegar bækur um Rússland og keisarana og samóvara og ég veit ekki hvað. Ég pantaði mér nefnilega ferð til landsins í síðustu viku, og langar ótæpilega að vita allt sem hægt er að vita um sögu þess. Skrýtið. Hingað til hefur dugað mér að vita af einu kaffihúsi, og mögulega einni sætri búð.

Hvort þetta er tímabundið ástand sem lýkur skyndilega – mögulega í febrúar – á eftir að koma í ljós. Þangað til nýt ég þess að svala blessuðum þorstanum, enda er hér væntanlega um að ræða nytsamlegasta svaladrykk sem völ er á.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott




ÍSLENDINGAR VELJA
PLAYSTATION 3
5000 EINTÖK SELD - VINSÆLASTA LEIKJATÖLVA LANDSINS!
ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR.
SPILAÐU
leiki
TENGJAST
með vinum
HORFÐU
á Blu ray
og DVD myndir
NIÐURHAL
40gb harður diskur
HLUSTAÐU
á tónlist
VAFRAÐU
á netinu
SKOÐAÐU
ljósmyndir
TENGDU
við PSP
FRAMUNDAN ER FRÁBÆRT PLAYSTATION 3 ÁR!
24. janúar
6. mars
21. febrúar
Mars
Væntanlegur
FULLKOMIN MYND OG HLJÓÐ - UPPLIFÐU FRAMTÍÐINA !
Blu-ray Disc
PLAYSTATION 3

# Salernisdans

Darí Darí Dance Company er einn nýrra dansflokka hér á landi. Hann er skipaður þremur atvinnudönsurum, Guðrúnu Óskarsdóttur, Ingu Maren Rúnarsdóttur og Kötlu Þórarinsdóttur, sem allar hafa stundað framhaldsnám í dansmennt við virta dansskóla í London og Stokkhólmi. Þær hafa allar unnið með dansflokkum og danshöfundum víðs vegar um Evrópu. Flokkinn sinn hafa þær sett í gang til að vinna sem virkir og skapandi listamenn. Þær vilja efla listformið dans á Íslandi og sýna frumkvæði í verki með því að setja upp sýningar sem þær vona að verði öðrum ungum listamönnum hvatning til að koma verkum sínum á framfæri. Þær sýndu brot úr verkinu Hoppla í Jóladagatali Norræna hússins í byrjun desember.

Í kvöld og annað kvöld kl. 20 verður verkið sýnt í heild sinni í kjallara Norræna hússins. Hoppla er smíðað í samstarfi dansaranna þriggja og eins tónlistarmanns, Lydíu Grétarsdóttur. Það gerist í afmörkuðu rými, nánar tiltekið á salerni, og fjallar um mismunandi aðstæður og uppákomur sem þar eiga sér stað eftir því hver á í hlut. Rýmið setur ramma utan um atvikin og tengir þau saman. Verkið fjallar því um einstaklinga sem eiga ef til vill ekkert sameiginlegt annað en að vera í sama rými á sama tíma, segja þær stöllur um dansinn.



**LISTDANS** Þröngt rými á salerni er efni verksins sem frumflutt verður í Norræna húsinu í kvöld.

- pbb

# Ljúf og þekkt lög

Söngkonan knáa Elín Halldórsdóttir heldur útgáfutónleika í Listasafni Íslands í kvöld kl. 20 vegna útgáfu geisladisks síns Tunglið, fljótið og regnboginn. Diskurinn kom út skömmu fyrir jól og inniheldur bæði ljúf og þekkt lög úr heimum söngleikja og djasstónlistar. Elín tekst á við lög á borð við Over the Rainbow, My Funny Valentine, Killing Me Softly og fleiri sem margir góðir listamenn hafa gert vinsæl í gegnum árin.

Á tónleikunum koma fram með Elínu Gospelkór Suðurnesja og Þorvaldur Már Guðmundsson.

Miðasala fer fram við innganginn frá kl. 19 í kvöld. Almennt miðaverð er 1500 kr. en ellilífeyrisþegar, öryrkjar og nemar borga 1000 kr. fyrir miðann.



**ELÍN HALLDÓRSDÓTTIR** Gaf nýverið út geisladiskinn Tunglið, fljótið og regnboginn.

- vþ

Salurinn

LAU 12. JANÚAR KL. 17
TÍBRÁ: NÝÁRSTÓNLEIKAR
HULDA BJÖRK OG SALONSVEIT SIS
UPPSELT

MÁN 14. JANÚAR KL. 20
UNGIR TÓNSNILLINGAR
VÍKINGUR, ELFA, ARI.
MARGRÉT, HELGA o.fl.
Miðaverð 2500kr

MIÐ 16. JANÚAR KL. 20
TÍBRÁ: STJÖRNUTÓNLEIKAR
FRANSKI FIÐLUSNILLINGURINN
LAURENT KORCIA OG C.HADLAND
Miðaverð 2000/1600kr

GEFÐU UPPLIFUN !
NÝ OG FALLEG GJAFAKORT
OG MARGIR FRÁBÆRIR
TÓNLEIKAR Í BOÐI !

BYR SPARISJÓÐUR

SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

# Saga sönglistar

Nú um helgina fer fram annar hluti af þrem í verkefninu Saga íslenskrar tónlistar sem Tónlistarskólarnir á Akureyri og í Eyjafirði og Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar standa að. Verkefnið gefur ágrip af sögu tónlistar á Íslandi og er nú komið að sönglistinni.

Fyrirlestur um efnið fer fram í dag kl. 15 í húsakynnum Tónlistarskólans á Akureyri. Þar munu Daníel Þorsteinsson, píanóleikari og umsjónarmaður verkefnisins, og lengra komnir nemendur í söngdeild Tónlistarskólans á Akureyri fjalla um sögu sönglistar hérlendis. Á morgun kl. 15 fara svo fram tónleikar í tónleikahúsinu Laugarborg í Eyjafjarðarsveit þar sem Sigríður Aðalsteinsdóttir messósópran, Bjarni Thor Kristjánsson, bassi og Daníel Þorsteinsson flytja sönglögin sem rætt er um í fyrirlestrinum.

Miðaverð á hvorn viðburðinn fyrir sig er 2.000 kr., og 4.000 kr. á báða viðburðina.

-vþ







# Myndlist á myndlist ofan

**Það er úr meiru en nóg að moða í dag fyrir áhugafólk um myndlist og ljósmyndun þar sem hvorki meira né minna en sjö sýningar verða opnaðar víðs vegar um höfuðborgarsvæðið og að auki fara fram tvær myndlistaropnanir austur á landi. Því er lesendum hollast að reima á sig skóna hið snarasta þar sem best er að hefja annan eins menningardag snemma.**



**LITADÝRÐ** Málverk eftir Davíð Örn Halldórsson sem opnar sýningu í Gallerí Ágústi í dag.

Ólíklegt er að nokkur geri svo víðreist að koma við á öllum níu sýningunum í dag, enda varhugavert í meira lagi að mæla með slíkri tilraun. Hún gæti leitt til ofsaakstурs og óheflaðs orðfars og væri því engum til góðs. Betra er að kynna sér gaumgæfilega upptalninguna hér að neðan, velja það sem manni líst best á og leggja svo í menningarreisu dagsins út frá stað- og tímasetningum þeirra sýninga. Best er að ganga hægt og skipulega um gleðinnar dyr.

Ljósmyndagallerííð Fótógrafí á Skólavörðustíg 4 hefur leikinn í dag. Þar opnar á hádegi sýning á myndum Friðþjófs Helgasonar, eins reyndasta ljósmyndara og kvikmyndatökumanns landsins. Sýningin nefnist Tríólógía og sýnir Friðþjófur samsettar landslags- og umhverfismyndir sem hver og ein myndar þrenningu.

Næsta opnun fer fram í Gallery 101 á Hverfisgötu 18a. Þar opnar Brynhildur Þorgeirsdóttir nýja sýningu sem kallast „Það logar í 101“ kl. 14. Brynhildur hefur verið starfandi myndhöggvari síðan 1983, en frá árinu 1990 hefur Brynhildur sýnt ný verk á þriggja ára fresti. Sýningin í 101 Gallery er liður í þessarri þroskasögu en þar sýnir hún skúlptúra unna í steinsteypu, gler og sand. Sýning Brynhildar stendur til 24. febrúar.

Næst á dagskrá er opnun á sýningunni „Kraftbirting“ í Galleri 100° í húsakynnum Orkuveitunnar að Bæjarhálsi 1 kl. 15. Á sýningunni, sem stendur yfir næsta mánuðinn, má sjá málverk og skúlptúrverk eftir þær Freyju Önundardóttur og Sigríði Helgu Olgeirsdóttur. Viðfangsefni sýningarinnar er hinar ólíku myndir orkunnar og kraftsins í náttúrunni.

Sýningin „Skepnur“ verður opnuð í versluninni 12 Tónum, Skólavörðustíg 15, kl. 15 í dag. Á henni má sjá verk eftir myndlistarkonuna Ingu Maríu sem hefur ekki sýnt verk sín hérlendis í tæp fjögur ár. Hér er því á ferð sjaldgæft tækifæri til að kynna sér verk Ingu Maríu sem myndlistaráhugafólk ætti ekki að láta fram hjá sér fara.



**ORKA NÁTTÚRUNNAR** Ljósmynd frá sýningunni „Kraftbirting“ sem opnar í Gallerí 100° í dag.

Í tilefni þess að Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, á 25 ára afmæli í ár og Hafnarfjarðarkaupstaður á 100 ára afmæli hefur verið efnt til sérstakrar hátíðarsýningar sem Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra opnar í dag kl. 15. Á sýningunni verður brot af þeim verkum sem eru í eigu safnsins, en safneignin telur nú um 1.200 verk. Hafnarborg er á Strandgötu 34 í Hafnarfirði og stendur hátíðarsýningin yfir til 3. mars.

Sýningin „För hersins“ í opnar í Þjóðarbókhlöðunni kl. 16. Sólveig Dagmar Þórisdóttir sýnir þar ljósmyndir af öryggissvæði varnarliðsins og býður að auki sýningargestum upp á að tjá sig á striga um veru og för hersins, en sýningunni er ætlað að varpa ljósi á þau áhrif sem hersetan hafði á íslenskt samfélag. Sýningin stendur til 1. mars.

Í Gallerí Ágústi á Baldursgötu 12 opnar sýningin „absalút gamall kastale“ kl. 16. Á sýningunni má sjá málverk eftir Davíð Örn Halldórsson, en hann er þekktur fyrir að nota djarfa liti og óhefðbundin efni í verk sín svo sem bílalakk, olíupastel og úðabrúsalakk til þess að ná fram sterkum frásagnaráhrifum. Sýningin stendur til 23. febrúar næstkomandi.

Sýningarnar sem verða opnaðar á Austurlandi í dag eru ekki síður áhugaverðar. Kristín Scheving opnar sýningu á nýjum myndbands- og hljóðverkum í Gallerí Bláskjá, Tjarnarbraut 21 á Egilsstöðum, kl. 14. Sýningin kallast „MÓÐir“ og er óður til allra mæðra, en taka skal fram að atriði í einu verkinu er ekki fyrir viðkvæmar sálir.

Að lokum ber að minnast á að í Skaftfelli, miðstöð myndlistar á Austurlandi, sem staðsett er á Seyðisfirði, opnar sýningin „Íslensk myndlist – hundrað ár í hnotskurn“ kl. 16. Sýningin spannar tímabilið 1902-2004 í íslenskri myndlist. Á sýningunni eru 21 verk úr safneign Listasafns Íslands. Verkin á sýningunni endurspegla ákveðinn tíðaranda og hugmyndafræði og gefa þannig mynd af þróun myndlistar í íslensku samfélagi á 20. öld.

vigdis@frettabladid.is

# Slammað á Borgarbókasafni

**Borgarbókasafnið og ÍTR leiða saman hesta sína og standa fyrir svonefndu ljóðaslammi á Vetrarhátíð í febrúar. Úlfhildur Dagsdóttir, bókavörður á Borgarbókasafninu, segir að ljóðið sé svo miklu meira en stafir á bók.**

Ljóðaslamm felst í ljóðaflutningi þar sem áherslan er ekki síður á flutninginn en á ljóðið sjálft. Þannig telst hefðbundinn ljóðaupplestur ekki til ljóðaslamms, heldur er áherslan á ljóðaflutning sem sviðslist. Miðað er við að flytjandi eða flytjendur fari með ljóðið samhliða tónlist, myndlist eða leiklist. Hvort sem er einstaklingur eða hópur getur flutt ljóðið.

„Við höfum það alltaf bak við eyrað hér á safninu að gera eitthvað sem höfðar til ungs fólks,“ segir Úlfhildur Dagsdóttir, bókmenntafræðingur og bókavörður á Borgarbókasafninu. „Það eru iðulega einhverjar ljóðasamkeppnir í gangi hér á landi, sem eru þó með hefðbundnara sniði. Ég sá umfjöllun um ljóðaslamm í London og lagði til við samstarfsfólk mitt að við gerðum eitthvað svipað og það féll í góðan jarðveg. Þetta small vel inn í það menningarhlutverk safnsins að kynna bókmenntir og bókmenningu á einhvern hátt, sem og að gera bókasafnið að aðlaðandi vettvangi fyrir ungt fólk.“

Úlfhildur segir að slammið bjóði upp á stílfæringar, til dæmis með leiklestri, tónlist eða myndlist og sýni þannig ljóslifandi að ljóðið er meira en texti á blaði. „Tilgangur þessarar keppni er að sýna ljóðið sem lifandi, andandi tilveru. Við leggjum upp með þema, sem í ár er „spenna“. Einstaklingar og hópar geta tekið þátt.



**ÚLFHILDUR DAGSDÓTTIR** Segir slammið lið í að kynna bókmenntir og bókmenningu, sem og að gera bókasafnið að aðlaðandi vettvangi fyrir ungt fólk. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Aldursmörk eru á bilinu þrettán til átján ára, en efri mörkin eru reyndar opin. Við gerum ráð fyrir að öll ljóðin séu frumsamin á íslensku, en ef það eru erlendir þátttakendur má endurskoða það.“

Einstaklingar og hópar geta tekið þátt í slamminu, sem fer fram á Borgarbókasafninu við Tryggvagötu á opnunarkvöldi Vetrarhátíðar 7. febrúar. Fimm manna dómnefnd velur besta ljóðið og flutning. Í henni sitja, auk Úlfhildar, Freyr Eyjólfsson, útvarpsmaður og tónlistarmaður, Bragi Ólafsson rithöfundur, Bóas Hallgrímsson tónlistarmaður og Ilmur Kristjánsdóttir leikkona. Skráningarfrestur er til 20. janúar en nánari upplýsingar um keppnina má finna á borgarbokasafn.is, og fer skráning þar fram sem og í afgreiðslu allra safna Borgarbókasafns.

bergsteinn@frettabladid.is




# Hverfandi munur!

225.206 notendur á visir.is á meðan 262.285 notendur völdu mbl.is í 1. viku, það er varla höfðinu hærra í samanburði!*

Visir.is er öflug frétta- og upplýsingaveita í stöðugri sókn, sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega til notenda. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg, sjónvarpsfréttir Stöðvar 2 og fréttatengdir þættir – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð og með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja visir.is.

vìsir.is

...ég sá það á visir.is



## > NÝ ANDLIT Í AUGLÝSINGAHERFERÐUM



Bandarískar leikkonur virðast vera það sem selur tískuna ef marka má helstu auglýsingaherferðir tískuhúsa um þessar mundir. Balenciaga hefur nýverið valið leikkonuna Jennifer Connelly til að vera andlit línu sinnar fyrir vor og sumar 2008 þar sem hún klæðist blómskreyttum kjólum hönnuðarins Nicolas Ghésquiere. Calvin Klein hins vegar fékk leikkonuna smávöxnu Kate Bosworth til að auglýsa gallabuxur fyrir sig. Myndirnar af Bosworth eru svarthvítar og eftir ljósmyndarann breska David Sims. „Hún er hin klassíska bandaríska fegurðardís," sagði fjölmiðlafulltrúi fyrirtækisins.

# stíll

utlit@frettabladid.is

## OKKUR LANGAR Í ...



... Rokkaralegar gallabuxur úr Miss Sixty sem var að opna í Kringlunni.



... Sixtísleg lakkstígvél frá Taryn Rose. Fást hjá Þráni skóara á Grettisgötu.



... „Designer" leikfang fyrir fullorðna. Skemmtilegt úrval fæst í Belleville, Laugavegi.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

**Anna Margrét Björnsson**

# Buxur vakna til lífsins

Þegar ég var unglingur var einhver sem sagði við mig að konur væru annaðhvort buxnatýpur eða pilsatýpur og þegar ég hugsa um það þá er það ef til vill alls ekki galin tilgáta. Flestum okkar finnst bara hreinlega þægilegra að vera í öðru hvoru. Pilsin og kjólarnir hafa þó verið mjög áberandi í tískuheiminum undanfarin ár ef undanskildar eru þröngu gallabuxurnar, en nú er útlitið annað og ýmiss konar ný buxnasnið líta dagsins ljós. Árið 2008 sér til dæmis upprisu reiðbuxnasniðsins í kjölfar sýningar Balenciaga fyrir haust/vetur 2007. Hefðbundnar niðurmjóar reiðbuxur með rúmum mjöðmum hljóma ef til vill ekki mjög klæðilegar nema ef til vill fyrir konur án mjaðma og líkamsfitu en koma skemmtilega á óvart ef þær eru vel sniðnar. Buxurnar frá Balenciaga eru til dæmis með mjaðmapokann og vasana á nákvæmlega réttum stað og eru ekkert nema ofursvalar, sérstaklega við þá samsetningu sem hönnuðurinn Nicolas Ghésquiere setti saman fyrir tískuhúsið: við þröngan aðsniðinn hermannablaser og klút í tíbeskum stíl. Fatakeðjur eins og Gap ( sem því miður er ekki til hér á landi) hafa stokkið til og gert eigin útgáfu af Balenciaga-buxunum og virðist þetta snið ætla að slá í gegn hjá kvenfólki á nýja árinu. Annað snið sem kemur sterkt inn eru eins konar pokabuxur í anda níunda áratugarins sem eru einnig víðar yfir mjaðmirnar og mjókka svo niður. Balenciaga var einmitt líka með slíkar buxur úr svörtu krepefni fyrir vor og sumar 2008 og eftirlíkingar munu eflaust birtast í ódýrari verslunarkeðjum. En eru þær klæðilegar? Ég set ennþá stórt spurningarmerki við það. En snið nútímans eru ört að breytast og fylgja ekki endilega kúrvum líkamans eins og þau hafa gert undanfarin ár. Sjáið bara víðu skokkana og túlipanapilsin síðasta sumar, víðu pilsin sem eru núna í tísku og víðar púffskyrtur. Hvort þetta er klæðilegt eða smart fer svo auðvitað eftir manns eigin sjálfstrausti og eftir því hvernig maður raðar hlutunum saman. „Skinny" þröngu gallabuxurnar eru hins vegar óðum að hverfa og í stað þeirra koma bæði víðar gallabuxur og svo þessar beinu og mittisháu sem eru dálítið eins og þær sem Marilyn Monroe gekk í, og eru afar fallegar og klæðilegar. Guði sé lof fyrir að mjaðmabuxurnar eru horfnar og að maður þurfi ekki annaðhvort að kaupa sér extra síða boli eða passa sig á að beygja sig aldrei í vinnunni eða í Krónunni. Svo er útlit fyrir endurvakningu á hippatískunni með munstruðum skyrtum og kjólum og útvíðum „ bell-bottom" gallabuxum. Svo er bara næsta stóra spurningin hvernig skóm maður á eiginlega að vera í við þetta allt saman...





**VOR/SUMAR** Heitir litir frá Raf Simons fyrir næstu árstíðir.



**NÚTÍMALEGT** Nælonparka og þröngar buxur frá Raf Simons.



**ABSTRAKT** Skemmtilegur bolur frá Raf, fæst í Belleville.



**RÖNDÓTT** Skemmtileg brún og bleikröndótt prjónapeysa frá RAF by Raf.



**ROKKAÐUR** Klassískur þröngur rokkabillíjakki frá RAF by Raf Simmons.

Einn áhrifamesti fatahönnuður samtímans:

# Fatnaður frá Raf Simons fæst nú í Belleville

Belgíski hönnuðurinn Raf Simons var nýlega nefndur „einn áhrifamesti tískuhönnuður samtímans" af New York Times og áhrif hans undanfarin tíu ár á hvernig ungir karlmenn klæða sig eru óumdeild. Simons, sem er fæddur árið 1968, hóf feril sinn sem húsgagnahönnuður en fór svo út í fatahönnun, og sýndi fyrst í Mílanó árið 1995, en hefur allar götur síðan sýnt fatnað sinn í París. Hann var fyrsti hönnuðurinn sem kom aftur með þröng föt á karlmenn á tíunda áratugnum og hefur alltaf átt fastan „költ" kúnnahóp. Árið 1995 varð hann svo yfirhönnuður hjá Jil Sander en heldur áfram að hanna hina vinsælu línu „Raf" by Raf Simons. Verslunin Belleville á Laugavegi var að fá nýjustu hönnunina frá Raf Simons í hús og er hún svo sannarlega skemmtileg viðbót við hátískuflóruna í miðbænum. - amb



**ÁHRIFAMIKILL** Belgíski hönnuðurinn Raf Simons.



**GLAMÚR** Geggjaðar gylltar gallabuxur með appelsínugulu og bleiku.




LOSTI, VARÚÐ
FRUMSÝND 11. JANÚAR Í REGNBOGANUM
LUST CAUTION
„Kynlífssenurnar eru MJÖG djarfar. Ekki svæsnar á klámfenginn hátt (a.m.k. ekki samkvæmt mínum skilningi), en ansi nálægt því."
- James Berardinelli, Reel Views.
„Lee er sannur meistari og þessi sterka erótíska og spennandi mynd hneppir þig í álög sem þú vilt ekki losna undan."
- Peter Travers, Rolling Stone.
„Lust, Caution er bæði vel uppbyggður spennutryllir og vægðarlaus ástarsaga; Ang Lee fer ekkert í grafgötur með þær umbreytingar sem geta fylgt byltingarkenndu ofbeldi og kynferðislegri ástríðu."
- Dana Stevens, Slate.
色，戒
Frá Óskarsverðlaunahafanum Ang Lee
leikstjóra 'Brokeback Mountain' og 'Crouching Tiger, Hidden Dragon'
KLIPPIÐ HÉR!
Gullnu reglur Græna ljóssins
1 Ekkert hlé
Myndin sýnd í einum rykk
2 Minna af auglýsingum
Sýning myndarinnar byrjar fyrr
3 Engin truflun
Miðasölu lýkur þegar sýning myndar hefst
FRÉTTABLAÐIÐ
Lesendur Fréttablaðsins fá 2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar.
Framvísaðu þessari úrklippu í miðasölunni til að fá tilboðið. Tilboðið gildir föstudag, laugardag og sunnudag á allar sýningar.
græna ljósið
- Ekkert hlé á góðum myndum
www.graenaljosid.is - Skráðu þig í Bióklúbbinn og þú færð sendan boðsmiðakóða á Miða.is alla frumsýningardaga

FOOL FOR LOVE

Gagnrýnendur eru á einu máli:

★★★★

"sýning sem gleður, hræðir, skelfir og hrífur... heilsteypt flott listaverk."
E.B. Fréttablaðið

"fátt sem geislar jafnmikilli ástríðu á sviði núna"
M.R. Morgunblaðið

"verkið er unnið af heiðarleika, alúð og auðmýkt... Til hamingju!"
Þ.E.S. Víðsjá. RÚV

"unnendur góðrar leiklistar láti þessa sýningu ekki fram hjá sér fara"
E.B. Fréttablaðið

Tryggðu þér miða núna!
Miðasala á midi.is
og í síma 551 4700

Sýnt í Silfurtunglinu, Austurbæ.
Næstu sýningar:
Fös 11/1 kl. 20, uppselt.
lau 12/1 kl. 20,
lau 19/1 kl. 20,
lau 19/1 kl. 22,
fös 25/1 kl. 20, uppselt.
fös 25/1 kl. 22, aukasýning.
lau 26/1 kl. 20

Höfundur: Sam Shepard
Leikstjórn:
Jón Gunnar Þórðarson

Leikarar:
Sveinn Ólafur Gunnarsson,
Þóra Karítas,
Magnús Guðmundsson
KK



AUSTURBÆR

PEPSI MAX

# Fólk

folk@frettabladid.is



*„Ég held að fólk hafi vitað þetta hvort sem er. Ég var á tónleikaferðalagi með kúlumaga!“*

JENNIFER LOPEZ NEITAÐI ÞVÍ STAÐFASTLEGA AÐ VERA ÞUNGUÐ Í MARGAR VIKUR ÁÐUR EN FREGNIN VARÐ OPINBER.

*„Allir eru tvíkynhneigðir að einhverju leyti. Nú hegða karlar sér eins og konur og það er erfitt að vera í sambandi, ég vil hafa karlmenn svona upp á gamla mátann. Ég er hrifin af karlmennsku, og í sannleika sagt eru bara konur þannig núna.“*



SHARON STONE VELTIR KYNHLUTVERKUNUM FYRIR SÉR.

*„Ég dáði tískuna en var ekki mjög góður námsmaður,“ segir tískuhönnuðurinn Donna Karan. „Að sauma? Gleymdu því. Ég brenndi kjólinn minn. Mér var sagt að ég myndi aldrei nokkurn tíma verða tískuhönnuður.“*



# Austantjaldsmafían upprætt

**Evrópuþjóðirnar standa nú í ströngu við að velja fulltrúa sína í Eurovision 2008, þeirri 53. í röðinni. Keppnin fer fram í Belgrad í Serbíu og stóru fréttirnar eru þær að forkeppninni verður nú skipt í tvennt og haldin á tveimur kvöldum, 20. og 22. maí.**

Passað verður sérstaklega upp á það að nágrannaþjóðir sem þekktar eru fyrir að gefa hver annarri mörg stig verði hafðar aðskildar – með öðrum orðum; það á að uppræta austantjaldsmafíuna. Gert verður opinbert 24. janúar hvaða lönd lenda saman í riðli.

„Þetta kemur nú bara einu ári of seint fyrir mig,“ segir Eiríkur Hauksson og hlær. „En ég held að þessi lausn muni búa til skemmtilegri keppni. Bestu tíðindin eru þau að nú eiga fleiri þjóðir séns á að komast í úrslitin. Í fyrra voru 28 þjóðir að berjast um tíu sæti svo það var mjög strembið. Nú eru nítján þjóðir á hvoru kvöldi að keppa um tíu laus sæti og það er auðvitað mun hærra vinningshlutfall. Ég held að þjóðum hafi enginn greiði verið gerður með að fara beint í úrslitaþáttinn. Það hefur sýnt sig að keppendur koma sterkari til leiks ef þeir hafa fengið að hita sig upp í forkeppninni.“



**OF SEINT FYRIR MIG** Eiríki Haukssyni líst vel á nýja fyrirkomulagið í Eurovision.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Samnorræni spekingaþátturinn sem Eiríkur hefur setið í síðustu árin er í uppnámi að sögn Eiríks. „Mér skilst að Noregur hafi dregið sig út úr þessu og ætli að búa til sinn eigin þátt. Þeir þola náttúrulega ekki að Svíarnir sjái alltaf um þetta. Ég hef allavega ekkert heyrt frá RÚV enn þá, svo þessir þættir eru kannski bara liðin tíð.“

Alls taka 43 þjóðir þátt í Eurovision-keppninni í ár. Tvær þjóðir eru með í fyrsta skipti, örríkið San Marínó og Aserbaídsjan sem liggur á mörkum Evrópu og Asíu. Aðeins fimm þjóðir eru öruggar í aðalkeppninni, sem fram fer laugardagskvöldið 24. maí, gestgjafarnir og „stóru löndin fjögur“. Hin löndin 38 þurfa öll að fara í forkeppni og munu samtals 20 þeirra fara áfram í úrslitin. Tuttugu og fimm lög keppa því á úrslitakvöldinu.

Nú er að sjá hvort Ísland fari alla leið. Ef svo ólíklega vill til að það gerist ekki verður áhugavert að sjá hvaða afsökunar gripið verður til, nú þegar austantjaldsmafían er úr sögunni. **gunnarh@frettabladid.is**

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN

ÚTSALA
50-70% afsláttur

TOPSHOP
SMÁRALIND OG KRINGLUNNI

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE
M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 SIRKUS 2 SIRKUS+

NÝ ÁSKORUN Í HÖNNUN
NÝTT Í ÍSLENSKU SJÓNVARPI




# LEITUM AÐ HUGMYNDARÍKU HÖNNUNARPARI

Við leitum að laghentum, hressum og stílvissum pörum með brennandi áhuga á innanhússhönnun. Þrjú pör verða valin úr hópi umsækjenda og gefst þeim kostur á að taka þátt í spennandi hönnunarkeppni í nýjum þætti sem fengið hefur nafnið Hæðin og verður frumsýndur á Stöð 2 í mars.

Keppnin gengur út á hvaða par innréttar fallegasta húsið í nýju raðhúsi á Arnarneshæðinni.

**Pörin verða að uppfylla eftirfarandi kröfur:**

- ✔ Vera orðin 20 ára
- ✔ Vera í langtímasambandi
- ✔ Vera í fullri vinnu
- ✔ Geta sinnt verkefninu meðfram vinnu sinni frá febrúar til apríl

Sérlega vegleg verðlaun eru í boði fyrir fallegasta húsið.

Um er að ræða einstakt tækifæri fyrir áhugafólk um hönnun til að láta reyna á hæfni sína og láta ljós sitt skína skært.

**Skráning fer fram á stod2.is og visir.is og stendur yfir til 18. janúar.**

2 skemmtilegri

**SKRÁÐU ÞIG Á STOD2.IS OG VISIR.IS**



EFNILEGUR **Nico Rosberg** er einn sá efnilegasti í Formúlunni um þessar mundir en Baugur hefur verið einn aðalstyrktaraðili Williams-liðsins.

EKKI Á LEIÐ Í FORMÚLUNA **Jón Ásgeir Jóhannesson** og Baugur eru samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ekki á leið í Formúluna.

# Vísa Formúlukaupum á bug

**Blaðamaður International Herald Tribune, Brad Spurgeon, sagðist á bloggsíðu sinni hafa traustar heimildir fyrir því að íslenska fyrirtækið Baugur væri á góðri leið með að tryggja sér þriðjungshlut í Formúlu 1-liðinu Williams. Baugsmenn neita þessu.**

Sara Lind Þrúðardóttir, upplýsingafulltrúi Baugs, sagði fyrirtækið ekki leggja það í vana sinn að svara öllum orðrómi um hugsanlegar fjárfestingar fyrirtækisins og vildi ekki tjá sig um málið í samtali við Fréttablaðið. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er þó lítið til í þessum orðrómi og Baugur hyggst ekki hasla sér völl á kappaksturbrautinni með frekari hætti.

Baugur hefur í fjögur ár verið einn styrktaraðili Williams-liðsins og vörumerkið Hamleys verið áberandi á bíl liðsins en Sara Lind segir mikla ánægju hafa verið með það samstarf. Williams-liðið er eitt þekktasta lið Formúlunnar og hefur níu sinnum unnið keppni bílaframleiðanda. Hins vegar hefur eilítið fjarað undan velgengni félagsins og síðast vann liðið sigur árið 1997 þegar Jacques Villeneuve keppti undir merkjum þess árið 1997. Nico Rosberg hefur verið aðalökumaður Williams-liðsins og kom hann meðal annars hingað til lands og sýndi listir sínar fyrir utan Smáralind síðasta sumar.

Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, hefur jafnframt verið þekktur fyrir áhuga sinn á hraðskreiðum bílum og keppti meðal annars í hinum fræga kappakstri Gumball 3000. - fgg

# Pamela ekki ólétt



**EKKI FLEIRI BÖRN** Pamela Anderson segist ekki vera ólétt, en fregnir bárust af því að hún bæri barn tilvonandi fyrrverandi eiginmanns síns undir belti í vikunni. NORDICPHOTOS/GETTY

Pamela Anderson neitar því alfarið að vera ófrísk eftir tilvonandi fyrrverandi eiginmann sinn, Rick Salomon. Fréttir bárust af því í vikunni að Anderson væri aftur á þeim buxunum að skilja við Salomon, en eftir að hafa sótt um skilnað hafði hún lýst því yfir að þau myndu reyna að vinna í sambandi sínu. Á sama tíma var frá því sagt að Anderson bæri barn hans undir belti, en Baywatch-stjarnan vísar því nú alfarið á bug. Hún sagði meðal annars í viðtali við sjónvarpsstöðina E!: „Ekki fleiri börn, ekki fleiri börn.“

Hún sagðist jafnframt óska Salomon alls hins besta í framtíðinni. Leikkonan ku hafa fallið fyrir honum eftir að hann bauðst til að afskrifa pókerskuldir hennar í skiptum fyrir kynlíf.

# Busy P sér um stuðið



Plötusnúðurinn Busy P, sem er einnig eigandi Ed Banger Records og umboðsmaður hljómsveitanna Daft Punk og Justice, þeytir skífum á Organ í kvöld. Hið franska plötufyrirtæki Ed Banger er eitt það heitasta á dansmarkaðnum í dag, enda eru undir hatti þess listamennirnir Uffie, Mr. Ozio, Dj Mehdi og Justice. Ed Banger-kvöldin eru heimsfræg fyrir hressleika og stuð enda ávallt með puttann á púlsi danstónlistarinnar.

Auk Busy P koma fram á Organ hljómsveitin Steed Lord og President Bongo úr GusGus. Miðasala fer fram á midi.is og kostar 1.500 krónur inn.

**BUSY P** Plötusnúðurinn Busy P þeytir skífum á Organ í kvöld.

# Frank flytur sig um set



**STEINÞÓR HELGI**

Útvarpsþátturinn Frank á X-inu 977 hefur verið fluttur yfir á sunnudagskvöld þar sem hann verður í loftinu frá 14 til 17. Þátturinn hefur undanfarin tvö ár verið á mánudagskvöldum á X-inu en nú hefur honum verið gefið meira vægi.

Í þættinum verður áfram leitast við að reiða fram allt það heitasta sem er að gerast í tónlistinni og skiptir þá engu máli hvaða tónlistarstefnu hún tilheyrir. Stjórnandi þáttarins er Steinþór Helgi Arnsteinsson, tónlistarrýnir Fréttablaðsins, en hann hefur einnig stjórnað vinsældalista X-ins, X-Dominoslistanum.

# Cleese skilur í þriðja sinn



**JOHN CLEESE** John Cleese ætlar að skilja við eiginkonu sína til fimmtán ára.

Breski gamanleikarinn John Cleese ætlar að skilja við eiginkonu sína til fimmtán ára, bandaríska þerapistann Alyce Faye Eichelberger. Cleese er sagður hafa strítt við þunglyndi eftir dauða nokkurra nána vina sinna og hafði það slæm áhrif á hjónabandið.

Cleese, sem er 69 ára, kvæntist Eichelberger árið 1992, tveimur árum eftir að hann skildi við aðra eiginkonu sína, leikkonuna Barböru Trentham. Áður var hann kvæntur leikkonunni Connie Booth, sem samdi með honum gamanþættina Fawlty Towers. Þau skildu árið 1978 eftir tíu ára hjónaband.




ÁTAK
MEÐ FJÓLU
hefst mánudaginn 14. janúar
LÍFSTÍLSNÁMSKEIÐ
SEM STENDUR YFIR
Í ÁTTA VIKUR
ÞAR SEM MARKMIÐ
ERU SETT
OG ÞEIM NÁÐ.
Frekari upplýsingar:
MECCA SPA
www.meccaspa.is
og síma 511-2111



SKYNDI-
HJÁLPAR-
MAÐUR
ÁRSINS
2007





Rauði kross Íslands auglýsir eftir **ábendingum um einstakling** sem hefur á árinu 2007 bjargað mannslífi með **réttum viðbrögðum** í skyndihjálp.





Ábendingar skulu berast Rauða krossi Íslands **fyrir 15. janúar.** Viðurkenningar verða veittar þann 11. febrúar. Nánari upplýsingar um tilnefningar og hvernig staðið er að valinu má finna á www.redcross.is

Fíton/SÍA F I 0 1 5 9 6 0

N1, sem er samstarfsaðili Rauða kross Íslands um útbreiðslu á skyndihjálp, veitir skyndihjálparmanni ársins sérstaka viðurkenningu.

Rauði kross Íslands
www.redcross.is

## > Birgir Leifur úr leik

Kylfingurinn Birgir Leifur Hafþórsson er úr leik á Joburg-mótinu sem fram fer í Suður-Afríku. Birgir Leifur lék annan hringinn á 72 höggum í gær eða einu höggi yfir pari. Hann var því samtals á fimm höggum yfir pari eftir hringina tvo og það nægði ekki til þess að komast í gegnum niðurskurðinn. Aðstæður hafa sett svip sinn á mótið en það hellirigndi báða dagana og varð að fresta keppni um tíma vegna þessa.



**sport**
sport@frettabladid.is

**HELGI JÓNAS GUÐFINNSSON ER BÚINN AÐ TAKA SKÓNA AF HILLUNNI:** LÉK MEÐ Í SIGRI GRINDAVÍKUR Á KR

# *Ég hlýt nú að skora eina körfu í vetur*



Grindvíkingar gátu ekki bara glaðst yfir því að vinna sannfærandi útisigur á Íslandsmeisturum KR-inga heldur endurheimtu þeir einnig gamla hetju þegar Helgi Jónas Guðfinnsson mætti aftur í slaginn. „Það skipti öllu máli að við unnum leikinn en þetta var mjög gaman þó að það hafi fylgt þessu svolítið skrítin tilfinning að koma inn í þetta aftur. Það kom mér á óvart hversu þolið er í góðu lagi en það vantar mikið upp á leikformið,“ segir Helgi Jónas Guðfinnsson sem náði ekki að skora á þeim tæpum 16 mínútum sem hann spilaði. Grindavíkurliðið fékk hins vegar aðeins á sig 19 stig þann tíma sem Helgi Jónas spilaði (48 stig uppfært á hverjar 40 mínútur) og það er ljóst að hann hjálpar liðinu mikið varnarlega.
„Ég hlýt nú að skora eina körfu í vetur. Þetta voru smá byrjunarerfiðleikar. Það er ekkert mál að spila vörn en helsti vandinn hjá mér er að finna sóknartaktinn aftur,“ segir Helgi en hann klikkaði á öllum sex þriggja stiga skotum sínum í leiknum. Það vakti athygli að Helgi Jónas settist ekkert á bekkinn þegar honum var skipt út af. „Ég var nú bara að halda mér heitum en skrokkurinn er í fínu lagi og ég hef ekki verið svona góður í mörg ár,“ segir Helgi Jónas sem meiddist þó á æfingu fyrir leikinn gegn Keflavík og frestaði því að byrja aftur þá. „Þetta voru minniháttar álagsmeiðsli þar sem ég hafði ekki gert neitt í tvö ár og fór síðan að æfa á fullu. Maður gleymir því að maður er orðinn gamall karl,“ segir Helgi Jónas í léttum tón.
„Ég mætti á æfingu fyrir jól því þá var einhver mannekla hjá Frikka því útlendingarnir voru farnir. Mig langaði að fara að skjóta og þá tilfinningu hafði ég ekki fengið lengi. Ég tók tvær æfingar og ætlaði ekki að vera með eftir það en áhuginn kom aftur og ég fékk að koma inn í þetta aftur,“ segir Helgi Jónas og hann hefur trú á að Grindavík fari langt í vetur. „Það hefur verið stígandi í liðinu eftir mjög slakan leik á móti Njarðvík. Mér sýnist deildin vera það jöfn að það sem ræður þessu er hvaða lið nær að toppa á réttum tíma,“ segir Helgi Jónas að lokum.



**5 DAGAR Í EM Í HANDBOLTA**

Alfreð Gíslason:

## Strákarnir kalla hann „Krauma“

**HANDBOLTI** Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari upplýsti í þættinum Utan vallar á Sýn að hann væri kallaður „Kraumi“ af strákunum í landsliðinu þar sem það kraumaði oft í honum í búningsklefanum.

„Ég neyðist til að viðurkenna að þetta uppnefni á vel við og mér líkar ágætlega við það,“ sagði Alfreð léttur við Fréttablaðið.

**- hbg**

**N1 DEILD KVENNA**

**Laugardagur 12. janúar**

Höllin Akureyri kl. 15:00
**Akureyri - Stjarnan**

Seltjarnarnes kl. 16:00
**Grótta - FH**

Fylkishöll kl. 16:15
**Fylkir - Fram**

Digranes kl 20:00
**HK - Haukar**

# Landsliðið á fuglaflensulyfinu

**Íslenska landsliðið í handbolta er komið á lyfjakúr í kjölfar þess að inflúensa kom upp í hópnum. Strákarnir eru byrjaðir að taka inn veirudrepandi lyf, tamiflu, sem oftast er kallað fuglaflensulyfið. Meiddir og veikir leikmenn eru á batavegi og Alfreð landsliðsþjálfari vonast til að hafa alla menn á æfingu í dag.**

**HANDBOLTI** Það hefur gengið á ýmsu í herbúðum landsliðsins síðustu daga. Menn hafa verið meiddir og hreinlega fárveikir og það hefur nú leitt til þess að allt liðið er komið á lyfjakúr þar sem óttast var að fleiri myndu veikjast. Strákarnir okkar eru komnir á veirudrepandi lyfjakúr og dugar ekkert minna til en sjálft fuglaflensulyfið, tamiflu.

„Það var einn í hópnum [Jaliesky Garcia Padron, innsk. blm] sem greindist með inflúensu og ég hafði í kjölfarið samband við helsta smitsjúkdómalækni landsliðsins og fékk í kjölfarið ráðleggingar sem ég fylgi. Þetta eru mjög dýr lyf fyrir allan þennan hóp og ég fékk IcePharma til þess að greiða fyrir lyfin og sem betur fer svöruðu þeir kalli okkar fljótt og vel. Þetta eru veirudrepandi lyf sem er notað við hinar ýmsu aðstæður en gengur undir nafninu fuglaflensulyfið,“ sagði Brynjólfur Jónsson, læknir landsliðsins, við Fréttablaðið en lyfin kostuðu yfir 100 þúsund krónur.

„Þetta er í fyrsta skiptið sem þessi vírus greinist hér á landi á árinu og vonandi kemur lyfjakúrinn í veg fyrir að fleiri í hópnum smitist en sá sýkti hafði verið í kringum hópinn í tvo daga og því var ákvað að grípa til þessara fyrirbyggjandi ráðstafana,“ sagði Byrnjólfur.



**LANDSLIÐIÐ Á LYFJUM** Allt íslenska landsliðið er komið á lyfjakúr. Strákarnir taka inn veirudrepandi lyf til að fyrirbyggja frekari veikindi í hópnum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari ætlaði að láta liðið æfa í tvígang í gær en ákvað að gefa öllum hópnum frí og hvatti menn til þess að fara í Spa-meðferð í Laugum.

„Ég var kominn niður í níu leikmenn á æfingu á fimmtudag og þar af voru tveir úr B-liðinu. Í ljósi meiðslanna og veikindanna ákvað ég bara að gefa hópnum frí til þess að slappa af,“ sagði Alfreð. Hann var ekki í góðu skapi á æfingunni á fimmtudag en eftir að hafa heimsótt Sverre Jakobsson og Garcia síðar um kvöldið og séð að þeir væru á batavegi skánaði lundin á ný.

„Sverre er kominn á ról aftur og hann reyndi við sína fyrstu máltíð í nokkra daga á fimmtudag og hefur haldið henni niðri. Ég varð ekki beint kátur þegar sagt var við mig að Garcia yrði frá í tvær vikur vegna veikindanna en lyfin höfðu góð áhrif á hann og allt annað að sjá hann núna,“ sagði Alfreð.

Fyrir utan veikindi Garcia og Sverres hafa þeir Alexander Petersson, Arnór Atlason og Bjarni Fritzson verið að glíma við meiðsli en það horfir til betri vegar í þeim efnum.

„Ef allt gengur að óskum verða allir á æfingu í dag og vonandi get ég teflt fram mínu besta liði gegn Tékkum á sunnudag,“ sagði Alfreð en hann velur endanlegan landsliðshóp eftir síðari leikinn gegn Tékkum á mánudag.

**henry@frettabladid.is**






Gunnar Pettersen er ósáttur við að mæta b-liði Íslands í síðasta leik fyrir EM:

# Þjálfari norska landsliðsins er hneykslaður á Íslendingum

**HANDBOLTI** Gunnar Pettersen, þjálfari norska handboltalandsliðsins er allt annað en ánægður með að Ísland sendi aðeins varalið sitt á Posten Cup sem hófst í gærkvöldi. Leikurinn við Ísland í Lillehammer á sunnudagskvöldið verður síðasti leikur Norðmanna fyrir EM sem fram fer á heimavelli þeirra síðar í mánuðinum. Auk liða Norðmanna og Íslands taka Ungverjaland og Portúgal þátt í mótinu.

Gunnar segist hafa frétt þetta fyrir aðeins þremur vikum og að þetta sé ekki að gerast í fyrsta sinn með þetta árlega æfingamót í Noregi. „Þetta er í þriðja sinn sem við lendum í þessu því bæði Pólverjar og Rússar hafa sent varalið til okkar og þetta ber vott um algjört virðingarleysi,“ sagði Pettersen sem sagði Íslendinga hafa valið það að spila frekar við Tékka en Norðmenn.

Gunnar heldur því reyndar fram að Ísland sé að fara í heimsókn til Tékka en hið rétta er að Tékkar eru að koma til Íslands og spila í Laugardalshöllinni á sunnudag klukkan 16.00 og á mánudagskvöldið klukkan 19.30.

„Þetta er enginn heimsendir fyrir okkur en þegar Íslendingar segjast ætla að koma með lið þá treystum við á að aðalliðið þeirra komi. Þegar við fáum tilkynningu um annað aðeins þremur vikum fyrir mótið þá er enginn tími til þess að finna lið til þess að koma í staðinn,“ útskýrir Pettersen en hann sker ekki niður hópinn fyrr en eftir leikinn á móti Íslandi á sunnudagskvöldið. Eins og er þá eru 21 leikmaður enn inn í myndinni hjá Pettersen en hann sker hópinn niður í sextán menn eftir helgi.



**BRJÁLAÐUR** Gunnar Pettersen er ekki sáttur við að spila síðasta leikinn fyrir EM á móti b-liði Íslands. NORDICPHOTOS/GETTY

„Við fáum hörkuleik á móti Ungverjum og svo var aldrei á áætlun að keyra á besta liðinu í öllum leikjunum. Nú ætlum við bara að vinna alla leikina og koma á sigurbraut inn á EM,“ segir Pettersen sem er þó ekki tilbúinn að segja að norska liðið muni keyra yfir það íslenska.

„Það eru til fleiri en 14 handboltamenn á Íslandi og við sjáum til hvaða leikmenn Ísland býður upp á í þessum leik,“ sagði Pettersen að lokum en hann segir að þetta muni ekki trufla undirbúning norska liðsins sem ætlar sér stóra hluti á EM, ekki síst eftir örugga sigra á Dönum og Pólverjum á Danmerkurmótinu um síðustu helgi.

**- óój**

## ÚRSLIT

### *Posten Cup:*

**Ísland-Portúgal** **27-28 (13-15)**
**Mörk Íslands (skot):** Einar Hólmgeirsson 7 (16), Hannes Jón Jónsson 5/3 (8/3), Arnór Gunnarsson 3 (5), Sturla Ásgeirsson 3 (5/1), Kári Kristján Kristjánsson 2 (2), Andri Stefan 2 (5), Heimir Örn Árnason 2 (2), Baldvin Þorsteinsson 2 (3), Jóhann Gunnar Einarsson 1 (1), Sigfús Sigurðsson (1).
**Varin skot:** Birkir Ívar Guðmundsson 14.

### *Iceland Express-deild karla:*

**Keflavík-Snæfell** **98-95**
**Stig Keflavíkur:** Bobby Walker 30 (8 stoðs.), Tommy Johnson 26, Magnús Þór Gunnarsson 19 (5 stoðs.), Anthony Susnjara 9 (7 frák.), Sigurður Gunnar Þorsteinsson 7, Gunnar Einarsson 3, Arnar Freyr Jónsson 2 (9 stoðs.), Þröstur Leó Jóhannsson 2.
**Stig Snæfells:** Justin Shouse 28 (hitti úr 10 af 14 skotum, 8 stoðs.), Slobodan Subasic 19, Hlynur Bæringsson 15 (9 frák., 5 stoðs.), Magni Hafsteinsson 14, Anders Katholm 11, Sigurður Þorvaldsson 6 (10 frák.), Jón Ólafur Jónsson 2.

**Tindastóll-ÍR** **98-94**



**MARION JONES** Á leið í steininn.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Dómur Marion Jones:

## Sex mánaða fangelsi

**FRJÁLSAR** Hin fallna frjálsíþróttahetja, Marion Jones, var í gær dæmd í sex mánaða fangelsisvist fyrir að ljúga til um eigin steranotkun fyrir rétti.

Jones sá að sér á endanum og játaði sekt sína. Lögfræðingar hennar vonuðust eftir skilorðsbundnum dómi en varð ekki að ósk sinni.

Frá því Jones játaði sekt sína og baðst afsökunar hafa afrek hennar verið þurrkuð út af metaskrám og hún hefur þess utan þurft að skila Ólympíuverðlaunum sínum. **- hbg**



**RAGNHEIÐUR RAGNARSDÓTTIR** Sunddrottningin er komin á B-styrk hjá ÍSÍ.
FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL

Afrekssjóður ÍSÍ:

## Úthlutaði 60 milljónum

**ÍÞRÓTTIR** Íþrótta- og ólympíusamband Íslands, ÍSÍ, úthlutaði einum 60 milljónum króna úr afrekssjóði sínum í gær. Þrátt fyrir fjárútlátin á afrekssjóðurinn enn fjármagn aflögu og verður það nýtt í samræmi við árangur og verkefni sérsambanda.

A-landslið karla í handknattleik fékk 6,5 milljónir króna úr sjóðnum vegna Evrópumótsins sem hefst í næsta mánuði.

Tveir einstaklingar féllu af A-styrk ÍSÍ í gær en það eru fimleikamaðurinn Rúnar Alexandersson og Jón Oddur Halldórsson úr Íþróttasambandi fatlaðra.

Tveir einstaklingar færðust úr C-styrkleikaflokki upp í B en það eru badmintonkonan Ragna Ingólfsdóttir og sundkonan Ragnheiður Ragnarsdóttir. **- hbg**

Eins marks tap Íslands gegn Ungverjum í Noregi:

# Klaufalegt tap Íslands gegn Ungverjum

**HANDBOLTI** Íslenska B-landsliðið lék sinn fyrsta leik á Posten Cup í gær. Strákarnir klúðruðu þá góðri stöðu niður á lokamínútunum og töpuðu með einu marki, 28-27. Leikið var í Trondheim Spektrum þar sem riðill A-landsliðsins fer fram á EM.

Jafnræði var með liðunum í fyrri hálfleik en Ungverjar leiddu með tveim mörkum í leikhléi, 15-13. Síðari hálfleikur var mjög góður framan af og þegar aðeins fimm mínútur lifðu leiks leiddi Ísland með tveim mörkum, 27-25. Ungverjar skoruðu aftur á móti síðustu þrjú mörk leiksins og tryggðu sér eins marks sigur.

Einar Hólmgeirsson tók landsliðsþjálfarann Alfreð Gíslason á orðinu og skaut eins óður maður á markið í leiknum. Einar reyndi alls sextán sinnum fyrir sér og boltinn fór inn fyrir línuna í sjö skipti. Ljóst að þetta mót verður mjög dýrmætt fyrir Einar sem vantar tilfinnanlega leikæfingu.

Ísland spilar aftur í dag og þá eru mótherjarnir Portúgal. **- hbg**



**EINAR HÓLMGEIRSSON** Fékk fína æfingu í Trondheim Spektrum í gær. Hann skoraði sjö mörk í leiknum.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Tíu milljarða maðurinn

**Franski framherjinn Nicolas Anelka gekk í gær í raðir Chelsea á 15 milljónir punda, en Chelsea er áttunda félagið sem hann leikur fyrir á þrettán keppnistímabilum. Samtals hefur Anelka verið seldur fyrir tæpar 85 milljónir punda.**




**FÓTBOLTI** Franski framherjinn Nicolas Anelka er enn og aftur á faraldsfæti og gekk í gær til liðs við Chelsea frá Bolton á kaupverði sem talið er nema um 15 milljónum punda eða tæpum tveimur milljörðum íslenskra króna. Samtals er Frakkinn búinn að vera seldur fyrir tæpar 85 milljónir punda eða rúma tíu milljarða íslenskra króna.

Hinn 28 ára gamli Anelka byrjaði knattspyrnuferil sinn hjá Paris St. Germain í Frakklandi og vakti strax mikla athygli fyrir markaskorunarhæfileika sína. Arsene Wenger, þá nýráðinn sem knattspyrnustjóri Arsenal, var ekki lengi að sýna snilli sína á leikmannamarkaðinum og keypti Anelka til liðsins á 500 þúsund pund árið 1997.

### „Le Sulk“

Framherjinn blómstraði á öðru keppnistímabilinu og átti stóran þátt í tvennum sigri Arsenal í deild og bikar á Englandi. Tímabilið 1999-2000 var hins vegar vonbrigði fyrir Lundúnaliðið og Anelka, sem var þá orðinn stórstjarna, lét hafa eftir sér að hann væri óánægður og ætti rétt á því að fá betri laun. Yfirlýsingar Anelka komu talsvert á óvart þá, en seinna meir varð hann þekktur fyrir að tjá sig óhikað við fjölmiðla ef eitthvað var ekki eins og hann vildi hafa það hjá þeim félögum sem hann spilaði með og hlaut því viðurnefnið „Le Sulk“ eða „fýlupokinn“.

Arsenal gat ekki neitað risaboði Real Madrid upp á 22,3 milljónir punda í hinn óánægða Anelka sem stoppaði stutt á Spáni, en náði þó að vinna Meistaradeild Evrópu tímabilið 1999-2000 með liðinu, áður en hann sneri á fornar slóðir til Paris St. Germain.

### Aftur til Englands

Anelka náði ekki fótfestu í París en fékk þess í stað annað tækifæri í ensku úrvalsdeildinni þegar hinn franski Gérard Houllier, þáverandi knattspyrnustjóri Liverpool, fékk hann til þess að koma á láni tímabilið 2001-2002. Ekkert varð þó af endanlegum félagsskiptum Anelka til Liverpool og Manchester City stökk á hann og þrátt fyrir að hann hafi skorað af miklu kappi fyrir félagið, þá náði City aldrei þeim hæðum sem vonast var til á þeim þremur keppnistímabilum sem hann var þar.

Tyrkland var næsta stoppistöð hjá Anelka og þar varð hann deildarmeistari með Fenerbahce tímabilið 2004-2005, en hann var samt stöðugt orðaður við endurkomu til Englands og Anelka fór ekki leynt með vilja sinn til að snúa aftur þangað.

„Ef ég fer aftur til Englands, þá vil ég fara í eitt af „topp fjórum“ liðunum,“ sagði Anelka í viðtölum en miðlungslið Bolton varð áfangastaðurinn árið 2006. Eftir að hafa sannað sig enn og aftur sem markaskorari með Bolton, varð draumur Anelka að veruleika þegar Chelsea gekk í gær frá kaupum á honum á kaupverði sem talið er nema um 15 milljónum punda. Samtals er Anelka því búinn að vera keyptur fyrir tæpar 85 milljónir punda eða rúma tíu milljarða króna miðað við núverandi gengi. **omar@frettabladid.is**

**FÉLAGASKIPTI ANELKA:**

| | |
|---|---|
| 1995-1997: | Paris St. Germain (PSG) |
| 1997-1999: | Arsenal - £500,000 |
| 1999-2000: | R. Madrid - £22,300,000 |
| 2001-2002: | PSG - £20,000,000 |
| 2001-2002: | Liverpool - Á láni |
| 2002-2005: | Man. City - £12,000,000 |
| 2005-2006: | Fenerbahce - £7,000,000 |
| 2006-2008: | Bolton - £8,000,000 |
| 2008- | : Chelsea - £15,000,000 |




**SPILAR VEL** Adama Darboe hefur verið í miklu stuði í síðustu leikjum.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Adama Darboe hjá Grindavík:

## Blómstraði eftir komu Helga

**KÖRFUBOLTI** Daninn Adama Darboe hefur spilað frábærlega með Grindavík í síðustu þremur leikjum liðsins og margir hafa tengt það komu Helga Jónasar Guðfinnssonar á æfingar en Adama segir sjálfur að Helgi Jónas hjálpi sér mikið. Helgi Jónas tekur þessu með jafnargeði en segist hafa talað mikið við Danann.

„Ég reyni að miðla til hans því ég hef kannski aðeins meiri reynslu en hann. Hann hefur staðið sig mjög vel núna og ef það hjálpar honum að ég mæti á æfingar þá er það bara gott mál fyrir Grindavík,“ segir Helgi.

Adama hefur skorað 19,7 stig, gefið 7,0 stoðsendingar og hitt úr 63% prósent skota sinna í þremur leikjum síðan að Helgi Jónas fór að mæta á æfingar um jólin. Fyrir þann tíma var Darboe með 11,3 stig, 4,1 stoðsendingu og 51,5 prósenta skotnýtingu í fyrstu tíu leikjum tímabilsins. **- óój**

Snæfellingurinn Justin Shouse gerði klaufaleg mistök á lokasekúndunum gegn Keflavík í gær:

# Keflvíkingar misstu næstum sigurinn frá sér

**KÖRFUBOLTI** Keflvíkingar komust aftur á sigurbraut með því að vinna nauman 98-95 stiga sigur á Snæfelli í Iceland Express deildinni í gær. Snæfellsliðið fær þó fljótt tækifæri til þess að hefna tapsins því liðin mætast í átta liða úrslitum Lýsingarbikarsins í Stykkishólmi á sunnudaginn.

Keflvíkingar voru seinir í gang, lentu 0-6, 5-10 og 13-21 undir og þurftu greinilega tíma til þess að ná úr sér Grindavíkurleiknum á dögunum. Þeir náði því þó í lok annars leikhluta, unnu síðustu tólf mínútur fyrri hálfleiks 35-22 og náðu undirtökunum sem þeir héldu út leikinn. Snæfellingar gáfust þó aldrei upp og voru búnir að vinna upp forskotið í lokin en Keflavíkurliðið komst mest þrettán stigum yfir (67-54) um miðjan þriðja leikhluta.

Justin Shouse var búinn að sýna hetjulega frammistöðu í fjórða leikhluta og stýra Snæfelli inn í möguleika á að vinna leikinn þegar hann missti boltann klaufalega yfir miðju þegar tæpar sex sekúndur voru eftir og staðan var 98-95 fyrir heimamenn í Keflavík.




**EKKI HINGAÐ, VINUR** Jón Nordal Hafsteinsson verst hér vel gegn Snæfellingnum Justin Shouse sem gerði sig sekan um klaufaleg mistök undir lok leiksins.
VÍKURFRÉTTIR/JÓN BJÖRN

Justin hafði skoraði 13 stig í lokaleikhlutanum þar af átta þeirra á síðustu einni og hálfu mínútunni en í stað þess að setja niður sitt sjöunda skot í röð tapaði hann boltanum og leikurinn rann frá Snæfellingum. Magni Hafsteinsson náði reyndar boltanum og náði þriggja stiga skoti áður en leiktíminn rann út en Jón Norðdal Hafsteinsson varði það og tryggði Keflavík endanlega sigurinn.

Bobby Walker og Tommy Johnson rifu sig upp eftir slakan leik í Grindavík og skoruðu saman 56 stig eða 37 stigum meira en þeir gerðu í Grindavík. Walker setti niður stórt skot í lokin og endaði með 30 stig og 5 stoðsendingar.

„Þetta var stór sigur eftir tapið í Grindavík þar sem við komum ekki tilbúnir og alltof afslappaðir til leiks. Við notuðum vikuna vel milli leikja og unnum góðan sigur,“ sagði Tommy Johnson sem skoraði 17 af 26 stigum sínum þegar Keflavík breytti stöðunni úr 25-25 í 67-54. „Það verður allt annar leikur á sunnudagskvöldið, miklu meira undir og meiri spenna í loftinu,“ sagði Tommy. **- óój**



**> Will Ferrell**

Hinn bráðfyndni Will Ferrell var langt frá því að vera trúðurinn í bekknum á sínum yngri árum. Hann var afbragðsnemandi sem las mikið og var mikið í íþróttum. Will Ferrell leikur í kvikmyndinni Melinda and Melinda sem er sýnd kl. 22.00 á Stöð 2 Bíó í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ DR. GUNNI VEIT AÐ SJÓNVARPIÐ SÝNIR BÆÐI ÞAÐ SEM FER INN OG ÚT

# *Beggja vegna meltingar*

Ég er ekki í markhópnum fyrir matreiðsluþætti. Held ég hafi bara hreinlega aldrei horft á heilan slíkan þátt, þótt ég hafi mikinn áhuga á mat og þá sérstaklega bragðinu af honum. Ég gjóa þó augunum stundum í átt að þessum þáttum því það er mikið horft á þá heima hjá mér. Stundum er meira að segja stillt á BBC Food. Mér sýnist bara gullfallegt fólk veljast til að sjá um þessa þætti, enda þýddi lítið að bjóða upp á til dæmis forljóta krypplinga að stumra yfir pottunum.

Matreiðsluþættir með viðkunnanlegum sjónvarpskokkum eru traust form sjónvarpsefnis, en nú er farið að bera á hinum endanum, ef svo er hægt að komast að orði, þáttum sem fjalla um meltingu og hægðir. Fyrir ekki svo löngu tók Dr. Gillian enska hlunka í gegn í þáttunum Þú ert það sem þú borðar. Auk þess að húðskamma fólk fyrir ofát og lélegt mataræði rýndi hún í hægðir þess með sérfræðingi. Fórnfúsu viðfangsefnin voru sett í stólpípu og svo sáum við gutlið streyma úr þeim eftir gegnsæjum hólk. Því næst tók við nákvæmur lestur í saurinn sem undantekningarlaust reyndist sýna fram á að þau feitu væru í tómu rugli með líf sitt. Ég get ekki neitað því að mér fannst þetta áhugavert sjónvarpsefni og nýbreytni að því.



**OPRAH WINFREY** Fer á klósettið eins og hinir.

Nú eru þessi fræði komin til Bandaríkjanna og í nýlegum Opruh-þætti var langt kúkainnslag með einhverjum Dr. Oz. Hann sagði meðal annars að best væri að kúka S-laga hægðum. Allt stafrófið væri svo sem í fínu lagi, en vont ef kæmi punktur. Þá brosti Oprah, baðaði út höndunum eins og hennar er siður, og fór að tala um sínar eigin hægðir. Missti ég þá bæði sjón og heyrn því heilinn á mér var farinn að myndgera. Og það var mér hreinlega um megn.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.00 Garfield** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.40 Are We There Yet?** STÖÐ 2



▶ **21.30 Special Unit 2** SIRKUS



▶ **21.40 50 First Dates** SJÓNVARPIÐ



▶ **23.00 Talk Radio** SKJÁRINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Gurra grís, Lítil prinsessa, Halli og risaeðlufatan, Bangsímon, Tumi og ég, Bitte nú!, Lína, Skúli skelfir, Matta fóstra og ímynduðu vinirnir hennar og Latibær

**10.30 Kastljós** e.

**11.00 07/08 bíó leikhús.** e.

**11.30 Spekingar spjalla** (Nobelity) e.

**13.00 Stephen Fry og geðhvarfasýkin** (1:2) e.

**14.00 Flótti gráa úlfsins** e.

**15.20 Hvað veistu?**

**15.55 Heyrið þögnina** e.

**17.40 Táknmálsfréttir**

**17.50 Útsvar** e.

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.45 Spaugstofan**

**20.15 Laugardagslögin**

**21.15 Hrúturinn Hreinn** (11:40) (Shaun the Sheep) Sprengfyndinn hreyfimyndaflokkur fyrir alla fjölskylduna.

**21.25 Laugardagslögin - úrslit** Kynnt verða úrslit í símakosningu.

▶**21.40 50 sinnum í fyrsta sinn** (50 First dates) Bandarísk gamanmynd um mann sem hittir draumastúlkuna sína en hún á við minnisleysi að stríða og er alltaf búin að gleyma honum daginn eftir að þau hittast.

**23.20 Draumafangarinn** (Dreamcatcher) Bandarísk bíómynd frá 2003.

**01.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 The Legend of Johnny Lingo**

**08.00 Bridget Jones 2**

**10.00 To Walk with Lions**

**12.00 Fjölskyldubíó-Garfield 2**

**14.00 The Legend of Johnny Lingo**

**16.00 Bridget Jones 2**

**18.00 To Walk with Lions**

▶**20.00 Fjölskyldubíó-Garfield 2** Garfield leggur land undir fót og fer til Englands með eiganda sínum og hundinum Odie.

**22.00 Melinda and Melinda**

**00.00 Open Range**

**02.15 From Dusk Till Dawn 3**

**04.00 Melinda and Melinda**

## STÖÐ 2

**07.00 Barney**

**07.25 Hlaupin**

**07.35 Magic Schoolbus**

**08.00 Algjör Sveppi** Sveppi sýnir meðal annarra teiknimyndirnar Könnuðurinn Dóra, Gordon garðálfur, Refurinn Pablo og margar fleiri.

**10.00 Ben**

**10.20 Willoughby Drive**

**10.30 New York Minute**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.25 The Bold and the Beautiful**

**12.45 The Bold and the Beautiful**

**13.05 The Bold and the Beautiful**

**13.25 The Bold and the Beautiful**

**13.45 The Bold and the Beautiful**

**14.10 Sjálfstætt fólk**

**14.45 Perfect Romance**

**16.20 Gossip Girl** (1:22)

**17.05 Grey´s Anatomy** (10:22)

**18.00 Sjáðu**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**19.10 Phenomenon** (2:5) Glænýr, spennandi og skemmtilegur þáttur þar sem leitað er að næsta stórundrinu, þeim sem býr yfir tilkomumestu yfirnáttúrulegu hæfileikunum eða sjónhverfingum. Það eru engir aðrir en kunnustu sjónhverfingamenn heims Uri Geller og Chris Angel sem standa fyrir leitinni og bera ábyrgð á að vega og meta hæfileika keppenda.

▶**20.40 Are We There Yet?** Sprenghlægileg gamanmynd fyrir alla fjölskylduna með Icel Cube í aðalhlutverki.

**22.20 Flight of the Phoenix** Endurgerð á sígildri spennumynd frá 1965 sem fjallar um sanna hetjudáð og ótrúlegan lífsvilja. Dennis Quaid fer fyrir stjörnuliði leikara sem leika áhöfn sem brotlendir flugvél í miðri Mongólíueyðimörkinni.

**00.15 Perfect Romance** Rómantísk gamanmynd sem fjallar um miðaldra einstæða konu sem finnur óvænt stóru ástina þegar hún ætlar sér að hjálpa dóttur sinni, sem henni finnst hafa afleitan smekk á karlmönnum, að finna þann rétta á einkamálasíðum á netinu.

**01.45 Fear X** (Ótti) Háspennutryllir.

**03.15 Phenomenon** (2:5)

**04.40 Grey´s Anatomy** (10:22)

**05.25 Back To You** (2:13)

**05.50 Fréttir**

**06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**08.10 PGA Tour 2008** - Hápunktar. Öll helstu atriðin í PGA-mótaröðinni skoðuð.

**09.05 Inside the PGA**

**10.00 NBA-körfuboltinn** (Sacramento - Memphis) Leikur í NBA-körfuboltanum.

**12.00 Utan vallar**

**12.40 Merrill Lynch Shootout**

**14.20 Michael Jordan Celebrity Invitational**

**15.55 World Supercross GP**

**16.50 Veitt með vinum**

**17.20 World´s Strongest Man 2007**

**17.50 Inside Sport**

**18.20 Spænski boltinn** - Upphitun. Upphitun fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.

**18.50 Barcelona - Murcia Spænski boltinn** Bein útsending þar sem Eiður Smári Guðjohnsen og félagar í Barcelona taka á móti Murcia í spænska boltanum.

**20.50 NFL - Upphitun** Upphitun fyrir leiki helgarinnar í NFL fótboltanum auk þess sem helstu tilþrif síðustu helgar eru sýnd.

▶**21.30 Green Bay - Seattle NFL deildin** Bein útsending frá leik Green Bay Packers og Seattle Seahawks í úrslitakeppni NFL.

## SÝN2

**09.55 Premier League World**

**10.25 PL Classic Matches**

**10.55 PL Classic Matches**

**11.25 Season Highlights**

**12.25 1001 Goals**

**13.20 1001 Goals**

**14.15 Enska úrvalsdeildin** - Upphitun (Leikir helgarinnar)

**14.45 Chelsea - Tottenham Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Chelsea og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni.

**17.00 Man. Utd - Newcastle Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Man. Utd og Newcastle í ensku úrvalsdeildinni.

**19.10 4 4 2** Þáttur sem er ekkert minna en bylting í umfjöllun um enska boltann á Íslandi.

**20.30 4 4 2**

**21.50 4 4 2**

**23.10 4 4 2**

## SKJÁREINN

**11.00 Vörutorg**

**12.00 Dr. Phil** (e)

**15.45 Allt í drasli** (e)

**16.15 Less Than Perfect** (e)

**16.45 Ertu skarpari en skólakrakki?** (e)

**17.45 Giada´s Everyday Italian** (e)

**18.10 Justin Timberlake tónleikar** (e)

**20.05 Friday Night Lights** (e)

**21.00 Heroes** (e)

**22.00 House** (e)

▶**23.00 Talk Radio** Mögnuð mynd frá árinu 1988 sem Oliver Stone leikstýrir. Myndin er byggð á leikriti eftir Eric Bogosian sem leikur aðalhlutverkið í myndinni. Aðalsöguhetjan er útvarpsmaður sem stýrir umdeildum spjallþætti á útvarpsstöð í Dallas. Hann liggur ekki á skoðunum sínum og á marga óvini. Hann á í erfiðleikum í ástalífinu og óttast hóp nýnasista sem eru ekki sáttir við opinskáar skoðanir hans. Auk Bogosians leika Ellen Greene, Leslie Hope, John C. McGinley og Alec Baldwin í myndinni.

**00.30 H2O** (1:2) (e)

**02.00 Law & Order** (e)

**02.50 Professional Poker Tour** (e) Erfiðasta og skemmtilegasta pókermót í heimi. Á meðal keppenda eru lifandi goðsagnir í pókerheiminum. Keppt er á fimm mótum í flottustu spilavítum heims þar sem allt er lagt undir. Í hverju móti er hálf milljón dollara í pottinum.

**04.20 C.S.I.Miami** (e) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami. Rannsókn á eiturlyfjaráni gefur okkur innsýn í einkalíf meðlima sveitarinnar. Þau eru grunuð um aðild að máli sem þau eru að reyna að leysa. Verið er að fara með eiturlyf í brennslu. Flutningabílnum er stolið. Ökumaðurinn er drepinn og Speedle særður. Innra eftirlitið álítur að einhver í sveitinni hafi gefið ræningjunum upplýsingar.

**05.05 Vörutorg**

**06.05 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE
M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 SIRKUS 2 SIRKUS+

PRODOMO

ÓVÆNT ENDALOK?
DAMAGES – Á MORGUN KL. 21:25

DAMAGES MARAÞON Á SIRKUS
ALLIR ÞÆTTIRNIR SÝNDIR UM HELGINA
Í KVÖLD FRÁ KL. 19:00 – FYRSTU SEX ÞÆTTIRNIR
Á MORGUN FRÁ KL. 19:00 – SÍÐUSTU SJÖ ÞÆTTIRNIR

2 skemmtilegri

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 19.10

**Phenomenon**



Spennandi og skemmtilegur þáttur þar sem leitað er að næsta stórundrinu, þeim sem býr yfir tilkomumestu yfirnáttúrulegu hæfileikunum eða sjónhverfingum. Það eru engir aðrir en kunnustu sjónhverfingamenn heims, Uri Geller og Chris Angel, sem standa fyrir leitinni og bera þá ábyrgð að vega og meta hæfileika keppenda. Eftir stendur Stóra undrið, sá keppandi sem hrífur þá Geller og Angel mest með hæfileikum sínum.

## VIÐ MÆLUM MEÐ

### Barcelona - Murcia

**SÝN kl. 18.50**

Það er hörkuleikur í kvöld á Sýn en þá taka Eiður Smári Guðjohnsen og félagar í Barcelona á móti Murcia á Nou Camp. Eftir tap Barcelona gegn Real Madrid á Þorláksmessu hefur heldur betur hitnað undir þjálfara liðsins, Frank Rijkaard, og því ljóst að liðið má ekki við að misstíga sig gegn Murcia í kvöld ætli liðið sér að gera atlögu að Real Madrid á toppi deildarinnar. Stóra spurningin er hins vegar sú hvort Eiður Smári Guðjohnsen verður í byrjunarliði Barcelona í kvöld.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Óskastundin
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Útúr nóttinni... og inní daginn
**09.03** Út um græna grundu
**10.15** Kvika
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Krossgötur
**14.00** Til allra átta
**14.40** Í húsinu heima
**15.20** Brot af íslenskri menningarsögu: Úr barni verður bítill
**16.10** Orð skulu standa
**17.00** Flakk
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.26** Hundur í útvarpssal
**18.52** Dánarfregnir og augýsingar
**19.00** Heimur óperunnar
**20.00** Sagnaslóð
**20.40** Gunnar Óskarsson 12 ára
**21.30** Úr gullkistunni
**22.12** Orð kvöldsins
**22.18** Á hljóðbergi: Efter festen / Eftir veisluna
**23.10** Villtir strengir og vangadans
**00.07** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**15.00 Hollyoaks** (96:260)
**15.25 Hollyoaks** (97:260)
**15.50 Hollyoaks** (98:260)
**16.15 Hollyoaks** (99:260)
**16.40 Hollyoaks** (100:260)
**17.55 Skífulistinn**
**18.50 X-Files** (e)
**19.00 Damages - Maraþon**

Í tilefnið að því að lokaþátturinn af Damages verður sýndur á morgun á Stöð 2 þá verður öll þáttaröðin sýnd í einni beit, laugardags- og sunnudagskvöld á Stöð 2 Sirkus. Damages er einn umtalaðsti nýi spennuþáttur síðari ára. Þátturinn er tilnefndur til fjögurra Golden Globe-verðlauna og hefur verið ákveðið að framleiða tvær aðrar þátttaraðir. Þættirnir er æsispennandi lögfræðidrama sem rekja stórhættulega lögsókn hinnal eitilhörðu Patty Hewes á hendur auðkýfingnum Arthur Frobisere sem sakaður er um að hafa svikið stórfé frá starfsfólki sínu til fjölda ára. Fyrstu sex þættirnir í þáttaröðinn verða sýndir laugardagskvöld frá kl. 19 og á sunnudeginum frá kl. 19 verður svo restin sýnd í heild, alls sjö þættir.

**23.45** X-Files (e) Stöð 2 Sirkus endursýnir þessa sígildu spennuþætti sem fjalla um leit sérdeildar lögreglunnar að stóra sannleikanum, lífi á öðrum hnöttum og yfirnáttúrulegum fyrirbærum.

**00.40 The George Lopez Show**
**01.05 Lovespring International** (2:13) Skemmtilegur gamanþáttur í anda The Office sem fjallar um lífið hjá stefnumótafyrirtæki.
**01.30 Big Day** (2:13) Gamanþáttur um undirbúninginn fyrir stóra brúðkaupið.
**01.55 Special Unit 2** (2:19) (SU2)
**02.40 Wildfire** (4:13)
**03.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**10.00** EastEnders **10.30** EastEnders **11.00** Ever Decreasing Circles **11.30** The Weakest Link **12.15** The Weakest Link **13.00** What not to Wear **14.00** Popcorn **15.00** Land of the Tiger **16.00** Wild Indonesia **17.00** EastEnders **17.30** EastEnders **18.00** My Hero **18.30** My Hero **19.00** My Dad's the Prime Minister **19.30** Mad About Alice **20.00** Vital Signs **20.45** Vital Signs **21.30** Little Britain **22.00** Grumpy Old Men **22.30** The Mighty Boosh **23.00** EastEnders **23.30** EastEnders **0.00** Vital Signs **0.45** Vital Signs **1.30** Little Britain **2.00** Grumpy Old Men **2.30** The Mighty Boosh

## DR 1

**11.00** TV Avisen **11.10** Hjerteflimmer **11.40** Boogie Listen **12.35** Family Guy **13.00** X Factor **14.00** P3 Guld - Prisshow der rykker **15.30** Verdens vildeste vanvid **16.05** OBS **16.10** Før søndagen **16.20** Held og Lotto **16.30** Kaj og Andrea redder Willy **17.00** Mr. Bean **17.30** TV Avisen med vejret **17.55** SportNyt **18.10** Det lille hus på prærien **19.00** Dansk Melodi Grand Prix 2008 **20.30** Inspector Morse **22.10** Anklaget **22.55** En mand, en kvinde, et barn

## NRK 1

**10.45** EM skøyter 2008 **11.25** V-cup alpint **12.30** V-cup kombinert **13.10** V-cup skiskyting **14.30** EM skøyter 2008 **15.20** Sport i dag **15.30** EM skøyter 2008 **16.15** V-cup hopp **17.00** Jubalong **17.30** Sommeren i mitt liv **18.00** Lørdagsrevyen **18.45** Lotto-trekning **18.55** Riksarkivet **19.20** Halvdan med breiband **20.15** Med hjartet på rette staden **21.00** Åpning av Stavanger 2008 **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Nattkino: Big White **0.00** Peep Show **0.25** Dansefot jukeboks med chat


Gefðu vatn
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

VORNÁMSKEIÐIN HEFJAST Í FEBRÚAR

# Nám í tónvinnslu og lagasmíðum

- í samstarfi við Digidesign framleiðanda Pro-Tools

PRO TOOLS



**Tónvinnsluskólinn „Sponsored Digidesign School"**
Nýlega gerðu Tónvinnsluskólinn og Digidesign með sér samstarfssamning um þjálfun nemenda í Pro-Tools og kallast nú Tónvinnsluskólinn „Digidesign Sponsored School".
Þetta veitir okkur rétt til að kenna til alþjóðlega viðurkennds prófs Pro-Tools 101 og Pro-Tools 110. 101 gráðan gerir mönnum kleift að nota Pro-Tools til eigin hagsmuna við lagasmíðar og upptökur meðan að 110 gráðan gerir mönnum kleift að nota Pro-Tools í hljóðversumhverfi atvinnumannsins.

**Veitir rétt til framhaldsnáms**
Eftir að hafa tekið þessi próf geta nemendur farið beint í 201 og 210 gráðurnar erlendis sem gerir menn að viðurkenndum „Pro-Tools Operator" sem gefur möguleika á störfum hér og erlendis í hljóðverum og kvikmyndaverum.

**Hvernig klárar maður lag frá A til Ö**
Að öðru leiti er námskeiðið óbreytt, farið er í ferlið frá því að hugmynd að lagi kviknar þar til lag er tilbúið til útgáfu, hvernig gengið er frá hljómablöðum (lead sheets) og samskiptum í hljóðveri.
Kennt er á midi, hljóðforritið **Melodine**, farið í almennar upptökur, míkrófóntækni og staðsetningar, eftirvinnslu, hljóðblöndun og lokahljóðjöfnun. Námið tekur 4 mánuði eða 160 klst.

**Námskeiðin hefjast í febrúar.**

**Skráningar í síma 534 9090 eða á heimasíðunni www.tonvinnsluskoli.is**

digidesign
PRO TOOLS

TÓNVINNSLUSKÓLI ÞORVALDAR BJARNA
Sponsored Digidesign School

## PERSÓNAN



*Fríða Sóley Hjartardóttir*

**Aldur:** Sextán ára.
**Starf:** Nemi í Kvennaskólanum.
**Fjölskylda:** Einhleyp.
**Foreldrar:** Gunnur Inga Einarsdóttir, ritari hjá Framkvæmdasýslu ríkisins, og Hjörtur Ólafsson, tölvunarfræðingur.
**Búseta:** Hjá mömmu í Grafarvogi.
**Stjörnumerki:** Sporðdreki.

Fríða Sóley keppir í fyrirsætukeppninni Supermodel of the World í New York á miðvikudaginn.

# Geirdal tilbúinn í frasauppfærslu



**ÓLAFUR RAGNAR** Pétur Jóhann Sigfússon fór á kostum í hlutverki Ólafs Ragnars í Næturvaktinni.

„Ef það þarf að uppfæra frasana þurfum við væntanlega að tylla okkur niður. Ef þeir þurfa hjálp þá er Geirdalinn klár,“ segir Jón Gunnar Geirdal, sem var sérlegur frasaráðgjafi fyrir Ólaf Ragnar, persónu Péturs Jóhanns Sigfússonar í sjónvarpsþáttunum Næturvaktin.

Þessa dagana eru Pétur Jóhann og félagar að vinna að handriti að Dagvaktinni og telur Jón Gunnar að Pétur sé líklega búinn að sanka að sér nógu af frösum í gegnum vinskap þeirra til að þeir endist honum í nýja þáttaröð. Sjálfur segist Jón Gunnar ekki setjast niður á kvöldin til að finna upp á nýjum frösum heldur sé þetta eitthvað sem vellur upp úr honum daglega í samskiptum sínum við fjölda fólks. Til að mynda hefur nýjasti frasi hans, „Takk“, vakið mikla athygli að undanförnu á meðal samstarfsmanna hans og kæmi það ekki á óvart þótt hann yrði að finna í Dagvaktinni.

Frasar Ólafs Ragnars úr Næturvaktinni á borð við „Sæll, eigum við að ræða það eitthvað?“ og „Já sæll, já fínt“ hafa notið mikilla vinsælda hjá landanum og hefur Jón Gunnar orðið endalaust var við það að eigin sögn. „Það var mjög fyndið þegar ég var í jólahlaðborði þá var einhver fertug kona sem sagði: „Eigum við að ræða það eitthvað?“ Síðan eru fjögurra, fimm og sex ára krakkar komnir með: „Já, sæll, já fínt.“ Þetta er komið út um allt, sem er mjög fyndið,“ segir hann. „Ég er farinn að draga úr þessu sjálfur ef eitthvað er því maður er farinn að vitna í Ólaf Ragnar en ekki öfugt fyrir þá sem vita það ekki.“ **- fb**



**JÓN GUNNAR GEIRDAL** Jón Gunnar er tilbúinn að leggja fram hjálparhönd ef Ólafi Ragnari vantar nýja frasa.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** óskiptu **6.** kyrrð **8.** léreft **9.** veitt eftirför **11.** í röð **12.** frosktegund **14.** áburður **16.** í röð **17.** hrós **18.** ennþá **20.** núna **21.** betl.

**LÓÐRÉTT**
**1.** afl **3.** tveir eins **4.** land í Suðvestur-Asíu **5.** sár **7.** klaufskur **10.** traust **13.** mál **15.** óviljugur **16.** húðpoki **19.** átt.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** öllu, **6.** ró, **8.** lín, **9.** elt, **11.** bd, **12.** karta, **14.** gúanó, **16.** hí, **17.** lof, **18.** enn, **20.** nú, **21.** snap.

**LÓÐRÉTT: 1.** þrek, **3.** ll, **4.** líbanon, **5.** und, **7.** ólaginn, **10.** trú, **13.** tal, **15.** ófús, **16.** hes, **19.** na.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Aldrei fór ég suður.
2. Vera.
3. Grétar Rafn Steinsson.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

HALLUR HELGASON: UNDRAST UMRÆÐU UM KVIKMYNDAÞORP Í REYKJAVÍK

# Keppt um kvikmyndaver

Tvö kvikmyndaver munu rísa í grennd við og á höfuðborgarsvæðinu á næstu árum. Atlantic Studios verður opnað á þessu ári á gamla varnarsvæðinu á Suðurnesjum og í vikunni var skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkurborgar falið að finna hentugan stað fyrir kvikmyndaþorp í Reykjavík. Júlíus Kemp og félagar eru aðstandendur Atlantic Studios. Þeir furða sig á þessum bollaleggingum og telja ekki þörf fyrir tvö kvikmyndaver en Baltasar Kormákur, fulltrúi kvikmyndaþorpsins í Reykjavík, segir einfaldlega um ólík mál að ræða.

Hallur Helgason, sem situr í stjórn Atlantic Studios ásamt kvikmyndaframleiðendunum Júlíusi Kemp og Ingvari Þórðarsyni, segir að þeir hafi frá upphafi talið að verkefni þeirra á Suðurnesjum væri einnig fyrir höfuðborgarsvæðið. En á svæðinu verður meðal annars neðansjávartankur, stórt kvikmyndaver og starfsfólk til að þjónusta kvikmyndagerðarfólkið. Hann segir einnig að allt tal um fjarlægðir milli staða sé afstætt. Menn gætu sjálfir tekið tímann sem tæki að keyra frá Lækjartorgi og upp í Hádegismóa á háannatíma. „Og komist í raun um að þeir væru lengur á leiðinni en til Keflavíkur,“ segir Hallur. Júlíus Kemp tekur undir orð félaga síns og segir varla þörf á tveimur kvikmyndaverum fyrir Ísland. „Ekki eins og staðan er í dag,“ segir hann en tekur um leið fram að kvikmyndaverið á Miðnesheiði sé ekki eingöngu hugsað fyrir innlenda kvikmyndagerð heldur eigi einnig að laða að erlenda kvikmyndagerðarmenn.



**BALTASAR KORMÁKUR** Kvikmyndafyrirtæki á borð við ZikZak og Bíóhljóð standa að baki kvikmyndaþorpinu í Reykjavík.

Baltasar Kormákur, sem hefur verið í forsvari fyrir hugmyndir um kvikmyndaþorp í Reykjavík, segir einfaldlega um tvo ólíka hluti að ræða. Kvikmyndaþorpið sé hugsað sem miðstöð fyrir kvikmyndagerðarmenn þar sem þeir geti haft sinn rekstur þótt vissulega verði þarna einnig kvikmyndaver og öll aðstaða til kvikmyndagerðar. „Íslenskir kvikmyndagerðarmenn hafa unnið að því að koma þessu á koppinn í langan tíma og það hefur verið kappsmál að fá borgina til liðs við okkur enda var það vilji kvikmyndagerðarfólks að fá aðstöðu innan borgarmarkanna. Og nú loks sjáum við hilla undir þetta,“ segir leikstjórinn.

Hann upplýsir jafnframt að ein af þeim staðsetningum sem nefndar hafi verið sé Miðnesheiðin. Henni var hins vegar fljótlega hent út af borðinu sökum vegalengda. Baltasar nefnir einnig að farið hafi fram nákvæm þarfagreining og að niðurstöður hennar bentu til þess að kvikmyndagerðarfólk vildi vera í Reykjavík. Einnig hafi það komið fram að erlendir kvikmyndagerðarmenn sýndu því lítinn áhuga að taka upp sínar kvikmyndir í kvikmyndaveri uppi í sveit, lítið væri um tökur inni í kvikmyndaverum og að þeir sæktust miklu frekar eftir umhverfinu og nálægðinni við höfuðborgina. Þetta hafi meðal annars komið fram í máli Eli Roth og Quentin Tarantino þegar þeir dvöldust hér á landi yfir áramótin.

**freyrgigja@frettabladid.is**



**EKKI ÞÖRF Á TVEIMUR** Halli Helgasyni þykir allar bollaleggingar um tvö kvikmyndaver vera furðulegar.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Rokkarinn **Tommy Lee** verður með dyggan aðstoðarmann sinn sér við hlið þegar hann kemur hingað til lands síðar í mánuðinum. Sá gerir víst allt sem Tommy biður hann um að gera en aðalstarfi hans um árin hefur verið sá að passa upp á lyklana hans og vínflöskuna, sem vitaskuld þarf alltaf að vera við höndina.



**Ragnar Gunnarsson**, betur þekktur sem Raggi „Sót“ forsöngvari Skriðjökla, er nýkominn heim frá Tælandi þar sem hann var að spila golf. Var þar yfir jól og áramót og staldrar ekki lengi við í höfuðstaðnum heldur er kominn norður yfir heiðar. Þar er hann aðalræðumaður á miklum afmælisfagnaði, 80 ára afmæli KA sem er um helgina.



Frétt blaðsins um gjöf sem **Jónas Freydal** hugðist færa listasafni HÍ, 30 verk eftir **Þorvald Skúlason**, en dró til baka vegna meints áhugaleysis safnsins hefur vakið mikla athygli innan listageirans. Gjafmildin hefur þó ekki með öllu rjátlast af Jónasi því hann mun ekki ætla með öll verkin úr landi heldur hefur hann hug á að gefa einhver Þorvaldarverk í Riishús á Borðeyri en þar fæddist Þorvaldur.

Mun **Jóhanna Vilhjálms** og sjónvarpsþátturinn Kastljós hafa fyrirætlanir um að fjalla nánar um málið í tengslum við þá listaverkagjöf. **-fb/jbg**






„Ungur nemur“

Námskeið fyrir ungbörn og foreldra.
Miðað er við börn frá 3ja mánaða til eins árs.
Námskeiðið verður sex skipti á fimmtudögum kl. 11 á Engjateigi 1 og hefst 24. janúar.
Við syngjum, leikum, dönsum og njótum samveru. Kennari Diljá Sigursveinsdóttir.

Skráning í síma 568 5828

TÓNSKÓLI SIGURSVEINS D. KRISTINSSONAR
Engjateigur 1, 105 Reykjavík - sími: 568 5828 - http://tsdk.ismennt.is


# Bubbi rændi bandinu mínu

Tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður fékk sem kunnugt er Eyrarrósina í fyrradag. Verðlaunin eru veitt fyrir framúrskarandi menningarframtak á landsbyggðinni. Mugi, pabbi Mugisons, tók við verðlaununum úr hendi forsetafrúarinnar, en sjálfur var Mugison á leið til Hollands á sama tíma.

„Þetta er stórkostleg viðurkenning,“ segir Mugison. „Helvíti töff að fá þetta því við höfum alltaf verið að basla í peningamálunum. Í fyrra vorum við með 200 listamenn og þótt við hefðum ágætis styrktaraðila má alltaf gera betur. Nú getum við keypt fleiri partíblöðrur.“ Verðlaunin fyrir Eyrarrósina eru 1,5 milljónir króna.

Byrjað er að bóka fyrir fjórðu Aldrei fór ég suður-hátíðina, sem fram fer nú um páskana. „Það er allt galopið og um að gera að senda inn umsókn á aldrei@aldrei.is,“ segir Mugison. „Það er nefnd sem fer yfir allar umsóknir. Ég hef ekkert vald lengur því ég lofa alltaf öllum að koma.“

Mugison er í Groningen í Hollandi þar sem hann spilaði á Eurosonic í gærkvöldi. Hann kom fram með gítarséníinu Björgvini Gíslasyni og þeir tóku að sögn Mugisons „hrikalegt blússjó“.

„Bubbi rændi bandinu mínu,“ segir Mugison. „Addi trommari er í sjónvarpsþættinum hans og Pétur Ben að taka upp með honum plötu. En það er auðvitað ekkert slor að fá Björgga Gísla í staðinn. Mér finnst synd ef það verður bara þetta eina gigg með honum, svo ég er að pæla í að ljúga hann vestur til að spila með mér. Kannski bara á næstu Aldrei fór ég suður.“



**GETUM KEYPT FLEIRI PARTÍBLÖÐRUR** Mugison er hress með Eyrarrósina.




**OPIÐ**
**VIRKA DAGA 10 – 18**
**LAUGARD. 11 – 16**

**ÚTIVIST&SPORT**

*verslanir / hópa- og fyrirtækjaþjónusta*

**Reykjavík** Faxafen 12 S. 533-1550. **Keflavík** Hafnargata 25 S. 421-3322

# FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



Sími: 552-1900 長城飯店 Vesturgata 6-8
Veitingahúsið Kínamúrinn
Veisluþjónusta - Hlaðborð - Pinnaveisla - Sushi - Tilboð
Stór glæsilegur útsölumarkaður af Jólagjafavörum
11:30-18:30 þri.-sun.
Allar nánari upplýsingar á Greatwall.is





BAKÞANKAR
Guðmundar Steingrímssonar


## Veggjakrot

Ég hef aldrei krotað neitt á vegg eða spreyjað. Ef ég hefði staðið frammi fyrir því einhvern tímann að þurfa að krota eitthvað á vegg eða spreyja – en blessunarlega fyrir alla borgarmyndina og umhverfið yfirleitt hef ég aldrei fundið hjá mér sjálfum neina þörf fyrir slíkt, og hefði því þurft að krota tilneyddur – þá hefði það háð mínum tilburðum á þessu sviði að ég hefði hreint ekki haft hugmynd um hvað ég hefði svo sem átt að krota.

**Á** skýlunum í gamla daga fannst mér alltaf athyglisverðast þegar einhverjir snillingar höfðu krotað á strætóskýlið ýmsar grundvallar, tilvistarlegar athugasemdir eins og til dæmis: „Siggi var hér.“ Þetta er ekki beint andríkt veggjakrot, en lýsir þó einhverri grundvallarþörf umkomulauss einstaklings til þess að láta vita af för sinni. Í þessu alþekkta formi veggjakrots kemur líka fram eitt grundvallareðli þess. Líkt og hundar pissa til að láta vita af ferðum sínum og merkja sér svæði, þá virðast sumir pissa veggjakroti í sama dýrslega tilgangi.

**GAGNVART** svo hástemmdum yfirlýsingum á vegg eins og „Siggi var hér“ er auðvitað líklegt að margir spyrji: Og hvað með það? Umræða um veggjakrot, sem gýs upp reglulega vegna þess hve veggjakrot er mikið lýti, tekur stundum á sig þá mynd, að því er velt upp hvað leiði fólk út í þessa iðju, að spreyja eða krota – og þá oftast hinar andlausustu athugasemdir – á vegg.

**ÉG** hef hér lagt til eina skýringu út frá ýmsum vísbendingum í atferli hunda. Hin skýringin sem gefin hefur verið á veggjakroti er sú, sem oft heyrist, að hér sé á ferðinni þörf fyrir listræna tjáningu.

**GOTT** og vel, segi ég þá. Ég tek undir það að margt hefur í gegnum tíðina verið spreyjað af talsverðri kunnáttu á veggi. En þá verð ég samt að játa, að ég skil ekki almennilega þessa umræðu. Það liggur fyrir að krotarar krota á veggi sem þeir eiga ekki sjálfir og hafa ekki neitt leyfi til að krota á. Hvað kemur það þá málinu við hvort krotið sé list eða ekki? Má Ólafur Elíasson spreyja málverk á húsið mitt, án þess að spyrja mig, bara vegna þess að hann er mikill listamaður? Nei, segi ég. Auðvitað ekki. Hann má í mesta lagi krota „Óli var hér“ á austurhliðina, lítið. Og þá bara vegna þess að það er hann.



## GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn 12. janúar, 12. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.03 | 13.05 | 16.04 |
| Akureyri | 11.11 | 13.17 | 15.23 |

Heimild: Almanak Háskólans


